



**Ekki rætt, ekki til**  
Sýn á börn  
í umfjöllun prentmiðla  
um ofbeldi á heimilum

Margrét Sveinsdóttir

**Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu**  
**Háskóli Íslands**  
**Menntavísindasvið**

**Ekki rætt, ekki til**  
*Sýn á börn*  
*í umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum*

Margrét Sveinsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-gráðu í Uppeldis- og menntunarfræði  
Leiðbeinandi: Guðrún Kristinsdóttir

Uppeldis- og menntunarfræðideild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
desember 2010

Ekki rætt, ekki til.

Lokaverkefni til meistaraþrófs við uppeldis- og  
menntunarfræðideild,  
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2010 Margrét Sveinsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent ehf.

Reykjavík, 2011

## Formáli

Verkefni þetta er meistaraþrófsritgerð til fullnaðar M.Ed.-gráðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands með áherslu á sérkennslufræði. Vægi verkefnisins er 30 ECTS einingar. Rannsóknin var unnin undir leiðsögn Guðrúnar Kristinsdóttur prófessors við menntavísindasvið Háskóla Íslands og sérfræðingur var Börkur Hansen prófessor. Rannsóknin stóð yfir á árinum 2008-2010.

Ég þakka leiðbeinanda mínum, Guðrúnu Kristinsdóttur, vandaða leiðsögn og hvatningu á meðan á rannsóknarvinnu og ritgerðarskrifum stóð. Ritgerðin er hluti af rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem Guðrún Kristinsdóttir stýrir. Ég þakka Ingibjörgu H. Harðardóttur, Margréti Ólafsdóttur, Steinunni Gestsdóttur og Nönnu Þóru Andrésdóttur samstarfskonum fyrir samstarfið í rannsókninni.

Önnu Katrínu Eiríksdóttur þakka ég fyrir ábendingar við undirbúning rannsóknarinnar og aðstoð í rýnihópaviðtali við stelpur. Atla Antonssyni þakka ég fyrir aðstoð í rýnihópaviðtali við stráka. Auður Jónsdóttir fær kærar þakkir fyrir gagnlega markþjálfun í upphafi rannsóknarvinnunnar. Síðast en ekki síst þakka ég eiginmanni mínum fyrir frjóar umræður um efnið og þælingar um orðalag.

Reykjavík, 1. október 2010

Margrét Sveinsdóttir



## Ágrip

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var að athuga sýn á börn í umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum. Áhersla var lögð á að kanna hvort athygli beindist að börnum og aðstæðum þeirra og hvernig sú athygli væri. Rannsóknin byggir á orðræðugreiningu og voru kannaðir textar sem safnað var úr völdum prentmiðlum, þremur dagblöðum og einu tímariti. Úrtakið náði yfir þrjú jafnlöng tímabil frá árunum 2005 – 2008.

Helstu niðurstöður voru þær að aðallega var fjallað um börn út frá sjónarhóli fullorðinna. Börn höfðu ekki áhrifavald í orðræðunni, þau komu fram sem fremur einsleitur hópur og birtust ekki sem fullgildir einstaklingar. Raddir barna hljómuðu ekki í umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum og þekking þeirra fékk afar lítið rými. Börn voru fyrst og fremst sýnileg í tengslum við veruleika fullorðinna.

Í textunum greindist þrenns konar orðræða; stofnanaorðræða, reynsluorðræða og fræðsluorðræða. Mótsagnir birtust í því að í stofnanaorðræðunni var sýnin á börn einsleit og fremur lítið á þau sem ófullgerða fullorðna og samkvæmt reynsluorðræðunni verða börn ekki vör við ofbeldi á heimilum sínum og ofbeldið hefur ekki áhrif á þau. Í fræðsluorðræðunni var á hinn bóginn bent á margbreytileikann sem hugtakið barn felur í sér og þar kom fram sú sýn að börn væru gerendur í eigin lífi. Það sem var sameiginlegt stofnanaorðræðu, reynsluorðræðu og fræðsluorðræðu var mikilvægi þess að þögnin um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum verði rofin og börnum veitt vernd.

Það var lítið fjallað um aðstæður barna. Aldur var nefndur í um það bil þriðjungi þeirra tilvika þar sem barna var getið, oftast aldurinn 8 – 12 ára og kyn var nefnt í rúmlega helmingi þeirra skipta sem börn voru nefnd. Mun meira var fjallað um stúlkur en drengi. Afar sjaldan var greint frá uppruna barna, búsetu, daglegu umhverfi, skólanum eða fleiru sem skiptir máli þegar rætt er um sýn á börn. Sterkasta ímyndin sem dregin var upp af börnum var af stúlkum sem beittar eru kynferðislegu ofbeldi. Það var langoftast skrifað um þetta birtingarform ofbeldis gegn börnum í gagnasafninu. Það var sjaldan fjallað um líkamlegt ofbeldi og vanrækslu og nánast því aldrei um andlegt ofbeldi.



## **Abstract**

### **Not discussed, not existing**

The purpose of this study has been to investigate the views on children in the general discussion on domestic violence in the printed media. The emphasis has been laid on finding out whether children and their situation was taken into consideration, and if so, how this was done. The method used in this study was discourse analysis, and the texts that were subject to analysis were gathered from three Icelandic daily newspapers and one Icelandic magazine. The excerpted texts appeared during three equally long periods of time in the years 2005 to 2008.

The most significant result of the analysis was, that as a rule children were presented from the point of view of adults. Children did not have social agency in the discourses. They were depicted as a fairly homogeneous group and were not presented as valid individuals. The voices of children were not heard in the texts dealing with domestic violence and their experiences were not given much space. Children were first and foremost visible in connection with an adult reality.

In the texts, three discourses were discerned; institutional discourse, experience discourse and enlightening discourse, and contradictions between them were exposed in the analysis. In the institutional discourse and experience discourse the view on children was homogeneous, and they were principally looked upon as incomplete adults, who are not aware of violence in their home and are not affected by this violence. In the enlightening discourse, on the other hand, the complexity of the concept “child” was shown, and the view that children are agents in their own lives was expressed. The common factor in the three discourses was stressing the importance of breaking the silence vis-à-vis domestic violence and child abuse, and giving children adequate protection.

Not much was written about children’s cultural and/or social background. Children’s age was mentioned in ca. one third of the cases where children were at all mentioned, the most common age cited was 8 to 12 years, and gender was mentioned in a little more than half of the instances where children were mentioned. Significantly more mentions were made of girls than of boys. Fairly seldom there were references to ethnicity, domicile, daily surroundings or other factors that matter when



the situation of children is discussed. The most prevalent feature in the material as regards children and violence, was that of girls that have been subject to sexual abuse. This was the most common type of violence against children mentioned in the material. Corporal violence and neglect were seldom mentioned and almost never mental violence.

## Efnisyfirlit

Formáli .....	3
Ágrip .....	5
Abstract .....	7
Efnisyfirlit .....	9
Myndaskrá.....	11
Töfluskrá .....	11
1 Inngangur .....	13
1.1 Kynning rannsóknar .....	13
1.2 Markmið og gildi rannsóknar .....	15
1.3 Bakgrunnur og félagslegt samhengi .....	17
1.4 Rannsóknarspurningar.....	21
1.5 Uppbygging ritgerðar .....	21
2 Fræðileg umgjörð .....	23
2.1 Ofbeldi á heimilum.....	23
2.2 Áhrif ofbeldis á börn .....	26
2.3 Börn og bernskan.....	30
2.4 Afmörkun á fræðasviðinu.....	33
2.5 Um orðræðu.....	37
2.6 Niðurlag.....	40
3 Aðferð.....	43
3.1 Rannsóknir meðal barna og ungmenna .....	43
3.2 Rannsóknaraðferðir .....	43
3.3 Úrtak.....	45
3.4 Greining og vinnsla gagnanna .....	48
3.5 Siðfræðileg álitamál .....	49
4 Forathugun .....	51

4.1	Inngangur.....	51
4.2	Gildi verkefnisins .....	51
4.3	Rýnihópar .....	51
4.4	Viðtalsrammi .....	52
4.5	Úrtak og þátttakendur .....	53
4.6	Tilhögun .....	53
4.7	Hvað sögðu unglingarnir í rýnihópaviðtölum .....	55
5	Niðurstöður og umræður .....	57
5.1	Lýsing á gagnasafni.....	57
5.2	Aðstæður barna.....	62
5.3	Birtingarform ofbeldis.....	67
5.4	Orðræðutegundir og áhrif ofbeldisins á börn .....	68
5.5	Þrenns konar orðræða um ofbeldi á heimilum.....	73
5.5.1	Stofnanaorðræðan.....	75
5.5.2	Fræðsluorðræðan .....	80
5.5.3	Reynsluorðræðan.....	84
5.6	Þögn.....	90
5.7	Sýn á börn.....	93
6	Lokaorð .....	99
7	Heimildaskrá .....	105
Viðauki 1	Bréf til skólastjóra .....	113
Viðauki 2	Bæklingur til unglunga.....	115
Viðauki 3	Bæklingur til foreldra .....	117

## **Myndaskrá**

Mynd 1. Dæmi um fyrirsagnir í fréttum prentmiðla um kynferðisbrot gegn stúlkum. ....	76
--	----

## **Töfluskrá**

Tafla 1. Gagnasafn 2005. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjöldi. ....	58
Tafla 2. Gagnasafn 2006. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjöldi. ....	59
Tafla 3. Gagnasafn 2008. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjöldi. ....	60
Tafla 4. Birtingarform ofbeldis í gagnasafninu, þar sem minnst var á börn. ....	67
Tafla 5. Fjöldi greina eftir orðræðutegundum og því hvort börn eru nefnd og fjallað um áhrif ofbeldis á þau. ....	69
Tafla 6. Þrenns konar orðræða. ....	74



# 1 Inngangur

## 1.1 Kynning rannsókna

Ritgerð mín til meistaraáráðu á menntavísindasviði Háskóla Íslands er hluti af rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*, sem hópur rannsækenda hóf undirbúning að í febrúar 2005. Rannsóknin er styrkt af Rannsóknarsjóði og Rannsóknarsjóði KHÍ.

Þekking á efninu er takmörkuð og brotakennd. Viðfangsefnið hefur ekki verið rannsakað hérlandis og lítt athugað erlendis. Hjá stofnunum og félagasamtökum má þó finna sterkar vísbendingar um útbreiðslu ofbeldis á heimilum og alvarlegar afleiðingar þess (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Steinunn Gestsdóttir, 2007, bls. 6).

Það er brýnt að fá fram þekkingu og skilning barna á ofbeldi á heimilum og varpa ljósi á áhrif þess á þau. Því er ljóst að rannsóknin mun geta veitt fagstéttum, stjórnvöldum og fjölskyldum mikilsverða þekkingu og koma börnum vel.

Rannsóknin skiptist í þrjá hluta og geri ég grein fyrir hverjum þætti fyrir sig hér á eftir og lýsi því samhengi sem ritgerðin mín hefur í rannsókninni. Fyrsti hlutinn var spurningakönnun sem fram fór 2006 þar sem börn í 4.–10. bekk grunnskóla voru spurð um þekkingu og skilning á ofbeldi á heimilum. Þau voru einnig spurð um viðhorf til ofbeldis á heimilum og hvernig þau héldu að börnum liði við slíkar aðstæður.

Annar hlutinn snéri að reynslu barna sem höfðu lifað við ofbeldi á heimilum sínum. Tekin voru viðtöl við börn og unglinga. Einnig var talað við mæður barna og starfsfólk sem tengist viðfangsefninu. Viðtölin sem fram fóru 2008–2009 beindust að tilfinningum, upplifunum og reynslu barnanna af ofbeldi á heimilum; að skilningi þeirra og viðbrögðum; að ráðum sem þau beittu til að komast af við slíkar aðstæður; hvert þau leituðu eftir stuðningi og hvernig.

Fyrsti og annar hluti rannsóknarinnar eiga sér hliðstæðu í rannsókn sem fram fór í Bretlandi 1996–1999 við háskólana í Bristol, Durham og Norður London (Mullender, Hague, Kelly, Malos og Regan, 2002). Sú rannsókn var gerð með styrk breska rannsóknarráðsins (ESRC).

Þriðji og síðasti hluti rannsóknarinnar fól í sér athugun á orðræðu um börn í almennri umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum. Athuguð

var sýn á börn og áhersla lögð á að skoða hvort fjallað var um áhrif ofbeldis á börn. Ofbeldi á heimilum er viðkvæmt mál sem vekur tilfinningar margra og ekki síst ef börn búa við það. Það er mikilvægt að varpa ljósi á aðstæður barna þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum, enda skiptir það alla lesendur dagblaða og tímarita máli hvernig fjallað er um efnið, jafnt börn sem fullorðna. Bent hefur verið á að í rannsóknum á ofbeldi á heimilum og áhrifum þess á börn sé stundum vikið að áhrifum orðræðu í samfélaginu. Oftar en ekki hefur mikilvægi þeirra áhrifa verið undirstrikað án þess þó að orðræðan sé athuguð (Mason og Falloon, 2001, bls. 99–113). Það voru slíkar ábendingar sem kveiktu þá hugmynd að einn hluti rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* skyldi taka á þessum þætti.

Ritgerð mín til M.Ed. gráðu á menntavísindasviði Háskóla Íslands felst í þriðja hluta rannsóknarinnar og er 15 einingar (30 ECTS einingar).

Ég hóf þátttöku í rannsóknarhópnum við Kennaraháskóla Íslands í janúar 2008, sem eins og áður sagði vinnur að því að rannsaka þekkingu barna og unglunga á Íslandi á ofbeldi á heimilum. Ég hef starfað sem sérkennari og námsráðgjafi og setið í nemendaverndarráðum í grunnskólum síðastliðin 17 ár. Áður starfaði ég sem umsjónarkennari á Íslandi og í Svíþjóð. Í starfi mínu hef ég kynnst margbreytilegum aðstæðum barna og unglunga og séð hvernig heimilisaðstæður geta skipt sköpum fyrir velgengni þeirra. Ég hef ríka reynslu af því, í starfi mínu með börnum og unglungum, hvað orð og hugtök skipta miklu máli. Orð bæði græða og særa, orð geta stjórnað hugarfari og atferli. Ég hef lagt mikla vinnu í það sem sérkennari og námsráðgjafi að skapa jákvæð viðhorf með uppbyggilegu orðfæri í samstarfi við foreldra og nemendur. Ég álít að skólakerfið þarfnist þess að börn og unglingar fái í auknum mæli að setja fram skoðanir sínar á málefnum sem varða hag þeirra og aðstæður og að hlustað sé á þau. Í ritgerðinni er orðið börn yfirleitt notað yfir börn og unglunga og með því er átt við einstaklinga að 18 ára aldri.

Mullender o.fl. telja að ekki sé nægilega hlustað á börn og unglunga sem lifa við ofbeldi í nánasta umhverfi sínu og litið sé fram hjá þeirra eigin skilningi á aðstæðum sínum, sem og þeim leiðum sem þau finna til að kljást við þær (Mullender o.fl., 2002, bls. 1). Börn sem búa við ofbeldi nákominna á heimilum, eins og það birtist þeim í daglegu lífi, segja stundum vinum og félögum sínum fyrst frá slíku ofbeldi. Sum börn

kynnast því áhyggjum, ótta og öðrum slæmum afleiðingum ofbeldisins á annan hátt en af eigin reynslu (Mullender o.fl., 2002, bls. 212).

## 1.2 Markmið og gildi rannsóknar

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun í prentmiðlum um ofbeldi á heimilum og kanna hvernig og að hvaða marki hún beinir athygli að börnum. Rannsóknin byggir á orðræðugreiningu.

Sýn á börn í almennri umfjöllun í prentmiðlum um ofbeldi á heimilum hefur ekki verið rannsökuð hérlendis áður og því er þekkingarlegt nýnæmi fólgið í rannsókninni. Með athugun á orðræðu um ofbeldi gegn börnum í opinberum prentmiðlum er aflað þekkingar á viðhorfum til barna og ljósi varpað á sýn á börn í umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum. Slík þekking hefur auk fræðilegs ávinnings, hagnýtt gildi og getur orðið til leiðsagnar fyrir fjölmarga aðila sem málið varðar, bæði fyrir fjölskyldurnar sjálfar, aðila í félagsamtökum, í mennta-, félags-, dóms-, og heilbrigðisstofnunum, innan blaðamannastéttar, meðal rithöfunda og annarra sem taka þátt í umræðum um börn og ofbeldi á heimilum.

Prentuð dagblöð og tímarit eru ennþá áhrifaríkir fjölmiðlar þrátt fyrir að vefurinn hafi aukið möguleika til tjáningar í skrifuðu máli á undanförunum árum. Í prentmiðlum fer fram almenn umræða sem er talin móta viðhorf fólks, viðbrögð og athafnir. McCulloch (2004) bendir á að dagblöð og tímarit séu mikilvægur heimildagrunnur sem lýsi almennum pólitískum og félagslegum skoðunum sem ríkja á ákveðnum tíma og stað. Jafnframt því að segja fréttir af daglegum atburðum fjalla prentmiðlar stundum um sérstök málefni sem vekja áhuga almennings (McCulloch, 2004, bls. 90). Í spurningakönnun rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* voru krakkarnir spurðir að því hvaðan þau fengju vitneskju um heimilisofbeldi og hafði rúmur helmingur barnanna og tveir þriðju unglínganna heyrt orðið í sjónvarpinu eða á netinu (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Steinunn Gestsdóttir, 2007, bls. 28-29). Um það bil þriðjungur unglínganna hafði lesið um heimilisofbeldi í blaði eða bók (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2008, bls. 51). Í forathugun sem ég gerði í upphafi rannsóknar minnar kom fram að unglíngarnir í rýnihópunum höfðu heyrt og lesið um heimilisofbeldi í fjölmiðlum, bæði í sjónvarpi og dagblöðum. Það kom fram að þau höfðu lagt



sig eftir því að lesa um heimilisofbeldi í dagblöðum eftir að hafa þegið boð um að taka þátt í rýnihópum.

Þáttur fjölmiðla í því hvernig almennir borgarar líta á afbrot og ekki síst ofbeldi virðist stór og er ábyrgð þeirra þess vegna mikil. Árið 2005 sögðust yfir 90% Íslendinga almennt fá upplýsingar um afbrot úr fréttum fjölmiðla og úr almennri umfjöllun og umræðu í fjölmiðlum. Aðeins lítill minnihluti fékk upplýsingar frá nánasta umhverfi sínu eða kynnti sér sjálfur grunnupplýsingar um afbrot í samfélaginu (Helgi Gunnlaugsson, 2008, bls. 76).

Orð og hugtök geta verið tvíræð og margræð og jafnvel það sem ekki er sagt, getur haft merkingu (Goddard, Saunders, Bernadette og Tucci, 2005, bls. 275–291). Það er því mikilvægt að þeir sem vinna að hagsmunum barna og þeir sem skrifa um börn í prentmiðlum vandi hugtakanotkun sína og noti skýr og lýsandi hugtök, sérstaklega þegar fjallað er um eins viðkvæmt efni og ofbeldi á heimilum.

Fairclough (1998) fjallar um valddreifingu í orðræðu (e. democratization of discourse) sem hluta af breytingu á tungumálinu í áttina að óformlegri notkun þess, sérstaklega í málumhverfi fréttamennsku, sem venjulega er tengt rödd áhrifavalds. Hann bendir á þessa tvíræðni sem felst í því að almenningur nái valdi á umræðunni (Fairclough, 1998, bls. 12). Í þessu samhengi vil ég benda á bók Gerðar Kristnýjar (2005), Myndin af pabba Saga Thelmu. Sú bók hefur haft mikil áhrif á almenna umfjöllun um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum, með því að draga fram í dagsljósið umræðuefni sem ekki mátti ræða opinskátt og um leið að gera fólki auðveldara að takast á við vandann sem að baki liggur.

Það er von mín að niðurstöður ritgerðar minnar stuðli að vandaðri, réttlátri og virðingarfullri umræðu um börn þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum.

Ég vonast einnig til að hún nýtist í niðurstöður heildarrannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*. Hugmyndina að verkefninu átti leiðbeinandi minn, Guðrún Kristinsdóttir. Við áætluðum að skrifa kafla um verkefnið í bók sem tengist rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*.

Takmarkanir rannsóknar minnar eru nokkrar. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum. Rannsóknin er lítil, unnið var með valda prentmiðla; þrjú

dagblöð og eitt tímarit yfir ákveðin tímabil. Það er því ekki hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar en ef vel tekst til geta þær ef til vill varpað ljósi á sýn á börn í almennri umræðu og leitt til vandaðrar umfjöllunar um ofbeldi á heimilum.

### 1.3 Bakgrunnur og félagslegt samhengi

Í þessum kafla reyni ég að varpa ljósi á bakgrunn og félagslegt samhengi orðræðunnar um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum. Orðræða er hluti af félagslegu samhengi, hefur áhrif á það og verður fyrir áhrifum af því.

Samkvæmt Mason og Falloon (2001) er orðræða um ofbeldi gegn börnum fullorðinsmiðuð. Þær benda á að venjulega fái raddir barna og þekking þeirra lítið rými í fjölmiðlum, sem og við opinbera ákvarðanatöku, jafnvel þótt fjallað sé um hagsmuni þeirra. Í rannsóknum á aðstæðum barna og á ofbeldi gegn börnum er ekki gengið út frá því að börn búi yfir þekkingu á viðfangsefninu, þó að það varði þau. Þær benda á að hin fullorðinsmiðaða orðræða sem hefur verið ríkjandi í umfjöllun og rannsóknum á ofbeldi gegn börnum lýsi börnum sem verðandi fullorðnum. Huglægni (e. subjectivities) barna er ekki gefin gaumur og upplýsinga um börn er aflað hjá fullorðnum (Mason og Falloon, 2001, bls. 99–113).

Kitzinger (1990) benti á að hin fullorðinsmiðaða orðræða sem ríkti um ofbeldi gegn börnum hunsaði aðferðir barna til að koma í veg fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn sér. Í þeirri orðræðu er enginn gaumur gefinn að þeirra eigin aðferðum til að komast undan ofbeldinu og takmarka þann skaða sem það veldur þeim. Börn eru sýnileg í samhengi við veruleika fullorðinna og þau eru metin að verðleikum sem foreldrar framtíðarinnar. Hún bendir á að sá skaði sem ofbeldi veldur börnum er metinn sem áhrif á virkni þeirra sem fullorðinna einstaklinga. Hún leggur áherslu á mikilvægi einstaklingsbundinnar virkni barna, á tengsl sem börn mynda sín á milli og samstöðu þeirra sem björg gegn ofbeldi fullorðinna (Kitzinger, 1990, bls. 165–166).

Í verkefniskynningu rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* er ítarlegt yfirlit yfir rannsóknir á ofbeldi á heimilum hérlendis, auk umfjöllunar um ofbeldi gegn börnum hérlendis (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2005, bls. 1–6). Þar kemur fram að ofbeldi á heimilum gagnvart börnum hafi lítið verið rannsakað hér á landi. Til eru nokkrar athuganir sem snúa að konum eða einu formi ofbeldis gegn börnum. Höfundar draga einnig fram að talsverð umfjöllun

fari fram í ýmis konar ráðstefnuerindum, dagblaðagreinum og skýrslum, sem staðfesta ofbeldið og veiti upplýsingar um ýmsar hliðar málsins en hljóti að teljast takmarkaðar. Þær benda á að þetta sýni að málið brennur á mönnum og að yfirlit yfir stöðu þekkingar hér á landi sé brotakernt. Í sömu verkefnislýsingu er einnig vikið að þeim fræðilega grunni sem rannsóknin byggir á. Í lokaorðum um stöðu þekkingar segir að í skýrslum og afskiptum stofnana og samtaka sé staðfest að börn hérlendis búi við ofbeldi á heimilum og að það hafi alvarleg bein og óbein áhrif á þau. Umfang, útbreiðsla, þekking, reynsla og áhrif slíks ofbeldis á börn hafa þó verið mjög takmarkað rannsökuð hérlendis. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlendis á þessu með tilliti til ofbeldis á heimilum hafa fyrst og fremst beinst að fullorðnum eða að afmörkuðum þáttum t.d. misbresti í uppeldi barna. Ofbeldi gegn börnum á heimilum hefur mikið verið rannsakað erlendis. Þar hafa þó fáar rannsóknir beinst að börnum sjálfum; þekkingu þeirra, skilningi og reynslu af úrræðum (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2005, bls. 6–12). Nánar verður fjallað um ofbeldi á heimilum í sérstökum kafla á bls. 23.

Nokkur félagasamtök láta sig sérstaklega varða ofbeldi á heimilum. Stígamót eru grasrótarsamtök kvenna sem stofnuð voru 8. mars 1990, í kjölfar Alþjóðlegs baráttudags kvenna réttu ári fyrr. Stígamót sinna aðallega fullorðnum, mest konum, sem verða fyrir kynbundnu ofbeldi (Ársskýrsla, 2007b og 2008b). Kvennaathvarfið er rekið af frjálsum félagasamtökum, Samtökum um kvennaathvarf, og er athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns eða annarra heimilismanna. Athvarfið er einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun (Ársskýrsla, 2007a og 2008a).

Í ársskýrslum Stígamóta og Kvennaathvarfs 2007 og 2008 má lesa mikilvægar upplýsingar um félagslegt samhengi þegar ofbeldi gegn börnum er athugað. Þar kemur fram að fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til þess að vinna úr áföllum, sem það varð fyrir sem börn. Langflestir sem leituðu til Stígamóta síðastliðin fimm ár voru á aldrinum 19–29 ára, eða 45,8%. Ofbeldið gegn þeim hófst oftast á aldrinum 5–10 ára. Fólk sem leitaði til Stígamóta árin 2007 og 2008 hafði í rúmlega 83% tilvika fyrst orðið fyrir ofbeldinu sem börn og unglingar, þ.e. á aldrinum 0–18 ára.

Í Kvennaathvarfinu var, á árunum 2007 og 2008, algengast að börn sem komu með mæðrum sínum væru á aldrinum 0–3 ára. Árin 2007 og 2008 voru 60–66% barnanna innan við 7 ára aldur. Árið 2007 komu 68 börn til dvalar með mæðrum sínum, 32 drengir og 36 stúlkur og árið 2008 komu 77 börn með mæðrum sínum, 49 drengir og 28 stúlkur. Í ársskýrslunum kemur fram að eldri börn dvelji gjarnan hjá ættingjum eða vinum á meðan mæðurnar eru í Kvennaathvarfinu. Mæður sem koma í viðtal eða til dvalar í Kvennaathvarfinu eru spurðar að því hvort börn þeirra hafi orðið fyrir ofbeldi. Árið 2007 svöruðu mæður 58% barnanna þessari spurningu játandi og 70% svöruðu því játandi árið 2008. Í ársskýrslunum kemur fram að þetta hlutfall hafi farið hækkandi undanfarin ár og reynslan sýni að börn og unglingar sem búi á heimilum þar sem ofbeldi er beitt fari aldrei varhluta af því.

Í ársskýrslum Kvennaathvarfsins kemur fram að þeir sem beita börn ofbeldi eru í langflestum tilvikum feður þeirra, eða í 66% tilvika árið 2007 og 67% tilvika árið 2008. Stjúpar eru 17% árið 2007 og 26% árið 2008. Aðrir ofbeldismenn, svo sem afar eða óskyldir aðilar eru 17% árið 2007 og 7% árið 2008.

Í ársskýrslu Stígamóta kemur einnig fram að 56 einstaklingar sem leituðu til Stígamóta árið 2007, eða 20,2%, höfðu búið við líkamlegt ofbeldi í bernsku. Þetta er örlítið lægra hlutfall en árið 2006, en hærra heldur en árin þar á undan. Höfundar ársskýrslunnar benda á að hugsanlegt sé að þessar tölur séu vísbendingar um hlutfall þeirra barna sem beitt eru líkamlegu ofbeldi í samfélaginu í heild. Carolina Överlien (2007) bendir á rannsókn Litrowniks (2003), þar sem heimilisofbeldi var rannsakað og náði hún yfir 692 börn og mæður þeirra. Þar kemur fram að 14% mæðranna töldu að börnin hefðu upplifað heimilisofbeldi. Þegar rannsakendur spurðu börnin sjálf, svaraði þriðjungur þeirra því sama, eða ríflega helmingi fleiri (Överlien, 2007, bls. 244).

Í ársskýrslum Stígamóta er athyglisvert að skoða tölur um tengsl við ofbeldismenn. Höfundar telja ástæðu til að vekja athygli á því að aðeins 16% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2007 þekktu ekki þá sem þeir beittu ofbeldi og árið 2008 var sú tala 12,9%. Stígamótakonur benda á að gamla goðsögnin um að konum og börnum stafi mest hætta af kynferðisofbeldi ókunnugra fær ekki staðist.

Þegar lesnar eru tölur um sífjaspell í ársskýrslu Stígamóta 2008 og hve lengi þau stóðu yfir kemur í ljós að undanfarin fimm ár er langalgengast að

sifjaspell standi yfir í 1–5 ár. Þeim tölum ber að taka með varúð, segja höfundar ársskýrslunnar vegna þess að það reynist fólki oftast erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og bæta við að augljóst sé að sifjaspell standi oft yfir árum saman. Niðurstöðurnar um sifjaspell sýna að frændur, feður/stjúpfeður og fjölskylduvinir eru líklegastir til þess að beita börn kynferðisofbeldi.

Um aldur þeirra sem ofbeldi beittu, þegar það var framið, segir í ársskýrslum Stígamóta, að langflestir hafi verið á aldrinum 19–29 ára. Það kemur einnig fram í þessu samhengi að það er nokkuð algengt að ungir piltar beiti sér yngri börn ofbeldi af kynferðislegum toga. Árið 2007 voru 87 drengir 18 ára eða yngri þegar þeir beittu ofbeldi eða 20,8%. Þessi tala er hærri en undanfarin ár og er það verulegt áhyggjuefni, segja höfundarnir, og taka fram að hér sé ekki um meinlausa „læknisleiki“ barna að ræða. Jafnframt er það mikið áhyggjuefni að yfir 10% drengja sem beittu sér yngri börn kynferðislegu ofbeldi voru á grunnskólaaldri þegar þeir frömdu verknaðinn, skv. ársskýrslu Stígamóta 2008. Þessum tölum ber einnig að taka með varúð vegna þess að það getur reynst fólki erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega

Þegar skoðaður er annars vegar aldur einstaklinga þegar leitað var til Stígamóta og hins vegar aldur þeirra þegar ofbeldi var framið kemur í ljós að langur tími líður frá því að ofbeldið á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir, segja höfundar ársskýrslna 2007 og 2008, er að vinna að því að stytta tímenn sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar. Einnig kemur fram að undanfarin tvö til þrjú ár hefur hlutfall þeirra sem hafa sagt frá ofbeldinu strax verið heldur hærra en árin þar á undan eða um 10–12% hærra. Það væri athyglisvert að rannsaka hvað veldur því hvenær fólk segir frá ofbeldi sem það er beitt. Aukin þekking á ofbeldi gegn börnum og hugmyndum barna um æskileg viðbrögð við ofbeldinu gæti leitt til þess að þessi tími styttest, sem og almenn umfjöllun um ofbeldi gegn börnum, bæði á opinberum vettvangi og meðal almennings.

Það eru mikilvægar upplýsingar um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum sem koma fram í verkefniskýrslunni rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*, sömuleiðis í skýrslunni *Það er ljótt að meiða* þar sem raktar eru helstu niðurstöður fyrsta hluta rannsóknarinnar og í meistaraþrófsritgerð Nönnu Þóru Andrésdóttur,

*Ofbeldi á heimilum og líðan unglinga í skólum, sem er hluti af viðtalsathugun rannsóknarinnar. Ársskýrslur Stígamóta og Kvennaathvarfs gefa mikilsverðar upplýsingar um félagslegt samhengi þegar athugað er ofbeldi gegn börnum.*

Í næsta kafla set ég fram rannsóknarspurningar mínar.

## **1.4 Rannsóknarspurningar**

Í rannsókn minni athugaði ég sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum. Ég lagði upp með eina aðalrannsóknarspurningu og til að dýpka hana leitaðist ég við að svara einnig tveimur undirspurningum.

Aðalrannsóknarspurning mín er þessi:

**Er athygli beint að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum?**

Til þess að svara þessari spurningu athugaði ég orðræðu um börn og lagði áherslu á að skoða hvað kom fram um aðstæður barna, það er aldur, kyn, uppruna og daglegt umhverfi barna. Til að dýpka rannsóknarspurningu mína leitaðist ég einnig við að svara tveimur undirspurningunum:

**Hvernig beinist athyglin að börnum þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum?**

**Að hvaða marki er fjallað um börn í almennri umræðu í prentmiðlum um ofbeldi á heimilum?**

Fyrri spurningunni er ætlað að varpa ljósi á hvernig athygli beinist að börnum og lagði ég áherslu á að athuga birtingarform ofbeldis gegn börnum og hvort fjallað var um áhrif ofbeldis á börn. Seinni spurningin miðar að því að fá tölulegt yfirlit yfir efnið.

Í næsta kafla kynni ég uppbyggingu ritgerðarinnar og kaflaskiptingu hennar.

## **1.5 Uppbygging ritgerðar**

Í þessum inngangskafli er rannsóknin kynnt, gerð er grein fyrir markmiði og gildi rannsóknarinnar, fjallað er um bakgrunn og félagslegt samhengi

orðræðunnar um ofbeldi gegn börnum hér á landi, rannsóknarspurningar eru settar fram og sagt frá uppbyggingu ritgerðarinnar.

Annar kaflinn inniheldur fræðilega umgjörð ritgerðarinnar. Þar er fjallað um hugtökin ofbeldi á heimilum, áhrif ofbeldis á börn, börn og bernskuna. Í kaflanum er fræðasviðið afmarkað og rætt um orðræðu, þar sem hugtökin vald, aðlögun (e. normalization), þögn (e. absence from text), þrástef (e. salience), skipan orðræðu (e. order of discourse) og orðræðutegundir (e. genre) eru skilgreind. Í niðurlagi annars kafla er gerð grein fyrir hugtakinu almenn umræða.

Þriðji kaflinn er um aðferðafræði rannsóknarinnar. Þar er gerð grein fyrir því hvernig rannsóknin var framkvæmd, úrtaki og vinnslu gagna. Í kaflanum er einnig rætt um siðfræðileg álitamál og rannsóknir meðal barna og ungmenna.

Í fjórða kafla er greint frá forathugun sem gerð var í upphafi rannsóknarinnar.

Fimmti kafli ritgerðarinnar inniheldur niðurstöður rannsóknarinnar og umræður, þar eru niðurstöður tengdar fræðilegri umræðu og sýn á börn er rædd.

Í sjötta kaflanum eru lokaorð ritgerðarinnar.

Að endingu er skrá yfir heimildir sem notaðar voru við vinnslu ritgerðarinnar.

## 2 Fræðileg umgjörð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir fræðilegri umgjörð ritgerðarinnar. Til að rannsókn verði markviss er nauðsynlegt að gera grein fyrir lykilhugtökum sem hana varða. Hér er fjallað um ofbeldi á heimilum og áhrif ofbeldis á börn, jafnframt því sem hugtökin börn og bernska eru rædd. Í kaflanum er fræðasvið ritgerðarinnar afmarkað, fjallað um orðræðu, þar sem hugtökin vald, aðlögun, þögn, þrástef, skipan orðræðu og orðræðutegundir eru skilgreind. Í niðurlagi kaflans er gerð grein fyrir hugtakinu almenn umræða.

### 2.1 Ofbeldi á heimilum

Í rannsókninni í heild sinni er fyrst og fremst stuðst við hugtakið „ofbeldi á heimilum“. Hugtakið „heimilisofbeldi“ hefur fest sig í sessi yfir ofbeldi milli maka og sambylifsólks eða eingöngu yfir ofbeldi sem karl beitir konu sem hann á í nánu sambandi við (Bogat, Leady, von Eye, Maxwell, Levedorsky og Davidson, 2005). Okkar rannsókn beinist að öllu því ofbeldi sem fer fram á heimilum og sérlega að þekkingu og reynslu barna á því þess vegna vill rannsóknarhópurinn beina athygli frá hinni viðteknu skilgreiningu. Með því að nota hugtakið ofbeldi á heimilum, sem Guðrún Kristinsdóttir lagði til að yrði notað, en ekki hugtakið heimilisofbeldi er jafnframt lögð áhersla á aðstæður barna í nútímafjölskyldum (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2005, bls. 11).

Ása Källström Cater (2004) bendir á að það sé staða margra barna sem búa við ofbeldi annars foreldris gegn hinu, að fullorðna fólkið sem verndar þau, elur önn fyrir þeim, útskýrir fyrir þeim og huggar þau eru bæði gerandinn og þolandinn í ofbeldinu. Það er jafnframt það fullorðna fólk sem barnið treystir fyrir velferð sinni. Slíkt ofbeldi á sér stað við aðstæður sem börn eiga mjög takmarkaða möguleika á að flýja og veldur það sérlega alvarlegum vanda fyrir þau (Källström Cater, 2004, bls. 11). Ef ofbeldi á sér stað milli hinna fullorðnu á heimili búa börnin í 30–50% tilvika einnig við ofbeldi og vanrækslu (Edleson, 1999, bls. 146). Þegar barn lifir við heimilisofbeldi telst slíkt vera ofbeldi gegn barninu og hugtakið ofbeldi á heimilum felur það í sér. Sum börn eiga fleira en eitt heimili, þau búa í blönduðum fjölskyldum og algengt er að foreldrar fari með sameiginlega forsjá barna sinna (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2005, bls. 11, Källström Cater, 2004, bls. 12).



Í bresku rannsókninni var í upphafi leitað eftir skilgreiningu barnanna sjálfra á hvað heimilisofbeldi væri. Spurt var um hvaða hugmyndir þau hefðu um hugtakið og þau voru meðal annars beðin að skrifa niður hvað það þýddi. Eins og búist var við könnuðust mun fleiri börn í eldri hópnum við hugtakið eða 71% miðað við 37% yngri barna. Niðurstöðurnar komu nokkuð á óvart en stór hluti barnanna, eða 60%, skilgreindu heimilisofbeldi ekki í tengslum við foreldra eða fullorðna á heimilinu heldur að það fæli í sér að rífast og slást. Aðeins 9% yngri barna og 28% þeirra eldri tengdu hugtakið eingöngu við fullorðna einstaklinga á heimilinu og fá þeirra tengdu hugtakið við ofbeldi á börnum (Mullender o.fl., 2002, bls. 45–46).

Í spurningakönnun rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* kom í ljós að íslensk grunnskólabörn þekkja hugtakið heimilisofbeldi ágætlega. Yfir helmingur yngri barna í rannsókninni þekkti hugtakið og níu af hverjum tíu ungmennum eldri en tólf ára þekktu það. Skilningur á hugtakinu var kannaður nánar með því að biðja þátttakendur að útskýra með eigin orðum í hverju heimilisofbeldi fælist. Algengustu skilgreiningar mátti fella í þrjá flokka og fól sá fyrsti í sér að barnið var nefnt sem þolandi ofbeldis, í öðrum flokknum var tilgreint með almennu orðalagi að einhver í fjölskyldunni meiddi annan fjölskyldumeðlim. Þriðji flokkurinn fól í sér að almennt ófremdarástand ríkti á heimilinu. Þegar borin voru saman hlutföll svara yngri og eldri þátttakenda, sem féllu í framangreindu þrjá stærstu flokkana, líktust svör unglinganna æ meir skilgreiningum fullorðinna en börnin settu sig oft í hlutverk þolandans. Athygli vakti hve fáir nefndu kynferðislegt ofbeldi sem kann að benda til þess að börn og unglingar telji það vera annars konar ofbeldi. Það er einnig eftirtektarvert að börn telja orðasennur og rifrildi falla undir ofbeldi á heimili en unglingar tiltaka það nánast aldrei sem bendir til þess að skilningur á þessu sé háður aldri og þroska (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Steinunn Gestsdóttir, 2007, bls. 55–56).

Rannsóknir sýna að börn búa við ofbeldi af hendi sinna nánustu í öllum menningarheimum og öllum stéttum um allan heim og ekkert virðist benda til þess að það muni heyra sögunni til (Skýrsla Sameinuðu þjóðanna, án árs:52). Aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntamála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða

notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni (Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 1992).

Það er erfitt að vita nákvæmlega hvert umfang ofbeldis gegn börnum er því það er ekki skilgreint eins í öllum samfélögum og ólík viðmið eru notuð. Einnig er vitað að ofbeldið er ekki tilkynnt til yfirvalda nema í hluta þeirra tilvika sem það á sér stað (Kay, 2003, bls. 23).

Á undanförunum árum hefur fjölgað tilkynningum til barnaverndarnefnda á Íslandi vegna grunsemda um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, áreitni eða ofbeldi eða að heilsu þess sé stefnt í alvarlega hættu. Árið 2009 fjölgaði þeim um rúmlega 13% miðað við árið á undan, eða úr 8.201 í 9.299 tilkynningar. Flestar tilkynningarnar voru vegna áhættuhegðunar barna, eða 46,4% allra tilkynninga árið 2009. Alls voru 34,7% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 18,6% og 0,4% var vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu. Árið 2009 var í fyrsta sinn spurt sérstaklega um heimilisofbeldi og kom þá fram að í tilkynningum um ofbeldi var um heimilisofbeldi að ræða í 281 tilviki, eða í 3% af heildarfjölda tilkynninga til nefndanna (Barnaverndarstofa, 2009). Ástæður fyrir fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda má líklega rekja til margra þátta, það er ekki víst að eingöngu sé um aukningu að ræða. Hugsanlegt er að fólk sé almennt orðið meðvitaðra um þá skyldu sína að tilkynna um óviðunandi aðstæður barna. Samstarf Félagsþjónustu og nemenda-verndarráða grunnskóla hefur aukist og má ætla að fleiri tilkynningar berist þess vegna frá grunnskólum. Það er ekki hægt að segja með vissu hverjar ástæðurnar eru en rannsóknir á því væru áhugaverðar.

Algennt er að flokka ofbeldi gegn börnum í líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu. Þær fáu hérlendu rannsóknir sem ná til þeirra sem enn eru á barnsaldri beinast aðallega að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum (Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir, 2005, bls. 3).

Söderholm (2006) fjallar um vanrækslu, kynferðislega misnotkun og líkamlegt ofbeldi og skilgreinir þessi birtingarform ofbeldis. Hún ræðir um vanrækslu á grunnþörfum barna, sem eru ást jafnt sem líkamleg og tilfinningaleg umhyggja, að tekið sé eftir þeim, að hlustað sé á þau og þau virt, að þau njóti öryggis og hvatningar og fái heilbrigðisþjónustu og

menntun. Börn eru vanrækt þegar þau fá grunnþörfum sínum ekki fullnægt, óháð orsökum. Hún segir að vanræksla sé algengara birtingarform ofbeldis gegn börnum en líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Þrátt fyrir það hefur vanræksla fengið svo litla athygli að talað er um að vanræksla sé vanrækt í rannsóknum (Söderholm, 2006, bls. 28–29).

Kynferðisleg misnotkun, segir Söderholm, á sér stað þegar börn og unglingar, sem eru háðir fullorðnum, eru fengin til kynferðislegra athafna sem þau skilja ekki alveg og geta þess vegna ekki gefið samþykki sitt fyrir og sem auk þess hafa þvingandi áhrif á félagsleg gildi fjölskyldumeðlimanna og hlutverkaskipan (Söderholm, 2006, bls. 28–29).

Dubowitz segir líkamlegt ofbeldi gegn börnum eiga sér stað þegar verknaður eða athöfn leiðir til alvarlegra líkamsmeiðinga eða þegar hætta er á líku. Algengast er að áverkar á barni eins og mar, beinbrot, skurðir, brunni eða blæðing við heila séu þau viðmið sem notuð eru til að skilgreina líkamlegt ofbeldi (Dubowitz og DePanfilis, 200, bls. 15–16). Líkamlegt ofbeldi getur valdið varanlegum skaða og leitt til dauða í 5–10% tilvika. (Söderholm, 2006, bls. 28–29).

Andlegt ofbeldi getur falið í sér valdbeitingu, hótun, kúgun, uppnefningar og ásakanir. Það getur einnig falið í sér óraunhæfar kröfur til barns og háð í garð þess (McGee, 2000, bls. 50).

Ofbeldi gegn börnum er alvarleg valdbeiting. Börn eru háð fullorðnum og treysta þeim fyrir velferð sinni og því er misbeitingin sérlega alvarleg. Börn sem kynnast ofbeldi á heimilum sínum búa við sérstakar félagslegar aðstæður. Þau geta í fæstum tilvikum flúið aðstæður sínar og það gerir þau einstaklega varnarlaus.

Í næsta kafla fjalla ég um áhrif ofbeldis á börn.

## **2.2 Áhrif ofbeldis á börn**

Rannsóknir á áhrifum ofbeldis á þroska og velferð barna eru umfangsmiklar í þroskasálfræði. Margoft hefur verið sýnt fram á skaðleg áhrif illrar meðferðar, sem getur falið í sér ofbeldi eða vanrækslu, hvort sem hún er andleg, líkamleg eða kynferðisleg. Þegar börn verða fyrir ofbeldi getur það haft áhrif á þroska og líðan þeirra á unglings- og fullorðinsárum, til dæmis aukið líkur á að sjálfsmynd þeirra verði slök eða þau verði þunglynd (Guðrún Kristinsdóttir o.fl., 2007, bls. 9).

Källström Cater (2004) fjallar um áhrif ofbeldis á börn og hve margslungin og flókin þau séu. Hún bendir á hegðunar- og tilfinningalega erfiðleika sem lýsa sér í kvíða, depurð, áfallastreitu og bráðlyndi, árásargirni, andfélagslegri hegðun, hræðslu og skertum félagslegum hæfileikum þegar borið er saman við önnur börn. Hún segir að áhrif ofbeldis trufli eðlilegan þroska og leiði til ófyrirséðrar en venjulega neikvæðrar útkomu (Källström Cater, 2004, bls. 15). Ofbeldi á heimili getur orðið hluti af daglegu lífi barna, sem búa við það, frekar en tímabundin kreppa á heimilinu sem gengur fljótt yfir. Börn virðast á einhvern hátt geta vanist eða aðlagast ofbeldisástandinu, segir Källström Cater, en því fylgja þó miklar áhyggjur og vanmáttarkennd gagnvart foreldrunum, þöggun og börn upplifa skömm á ofbeldinu og fjölskyldunni. Källström Cater fjallar um leiðir sem börn nota til að bregðast við ofbeldi á heimilum sínum og áhrifum þess á þau. Sem áhorfendur reyna börn að yfirgefa aðstæðurnar, ýmist með því að fara burt eða með því að beina athygli sinni að einhverju öðru og gleyma. Sem þátttakendur reyna börn að koma í veg fyrir ofbeldið með því að skipta sér af því og reyna að róa aðstæðurnar eða kalla á lögregluna, gráta eða öskra. Sem þolendur reyna sum börn að hugsa ekki um ofbeldið, önnur reyna að yfirgefa gerandanum, biðja til Guðs um betra líf eða afneita veruleikanum með eiturlyfjum, dagdraumum, lygum eða ímyndun (Källström Cater, 2004, bls. 27–28).

Källström Cater (2004) bendir á að ofbeldi á heimili er gjarnan þaggað niður innan fjölskyldu þar sem slíkt á sér stað. Börnin læra þá að þegja um ofbeldið eða læra villandi orðalag um það. Fjölskylduorðræðan er þýðingarmikil fyrir skilning barna og tilfinningalegan þroska og það tungumál og þau hugtök sem börn læra að nota um ofbeldið skiptir þau miklu máli til að skilja veruleika sinn. Hún nefnir dæmi af hugtakanotkun um ofbeldi á heimili þar sem faðirinn var „veikur“ þegar hann lamdi, móðirin var „þreytt“ eftir að ofbeldisatvikið hafði átt sér stað og kvíði og angist barnsins vegna ofbeldisins var skilgreint sem „önglyndi“. Slík orðræða gerir börnum erfitt fyrir við að skilgreina reynslu sína af ofbeldinu og af lífinu almennt (Källström Cater, 2004, bls. 30).

Megináherslan í rannsóknum á ofbeldi á heimilum og áhrifum ofbeldis á börn hefur löngum verið lögð á sálræn áhrif þess með útgangspunkti í ýmsum sálfræði- og sálsýkiskenningum. Viðbrögð barna við ofbeldinu og einkenni ofbeldisins hafa verið í brennidepli, í almennum skilningi, og sjónarhorninu beint mót framtíðinni. Litið er á

atburði í æsku sem vísbendingar um hvernig börnum muni vegna sem fullorðnum (Solberg, 2007, bls. 26). Í nýlegum norrænum rannsóknum um ofbeldi á heimilum og áhrifum þess á börn hefur á hinn bóginn verið lögð aukin áhersla á félagsfræði bernskunnar. Solberg (2007) rannsakaði hvernig börn tókust á við (s. hantering) ofbeldi á heimilum sínum. Það kom fram í rannsókninni að öll börnin, sem tóku þátt, reyndu að takmarka þann skaða sem ofbeldið olli. Þau gerðu það á ólíkan hátt. Þau skiptu sér af og drógu sig í hlé. Það reyndist ekki þannig að sum börn hefðu gripið til aðgerða gegn ofbeldinu og önnur útilokað það. Sami einstaklingur lýsti ólíkum leiðum við að blanda sér í og það virtist vera mat (s. bedömning) barnanna sjálfra á því hvað þau töldu ávinnast hverju sinni, sem réði því hvernig þau brugðust við (Solberg, 2007, bls. 27 og 37).

Mullender o.fl. (2002) benda á fyrri rannsóknir sem sýna að börn sem lifa við ofbeldi á heimilum sínum bregðast við ofbeldinu á sjálfstæðan hátt og hafa eigin skoðanir á áhrifum þess á þau. Hvert barn bregst við sem sjálfstæður einstaklingur (Mullender o.fl., 2002, bls. 2). Þegar aukin þekking fæst á áhrifum og afleiðingum ofbeldis á börnin sjálf og raddir þeirra fá að heyrast má vænta þess að fullorðnir gaumgæfi frekar málefni þeirra.

Börn sem beitt eru ofbeldi á heimilum sínum þurfa vernd samfélagsins, þau eiga að njóta barnaverndar. Hin alvarlegu áhrif og afleiðingar sem ofbeldi hefur á börn leiða meðal annars til andfélagslegrar hegðunar og sjálfsskaða barna. Tilkynningum til barnaverndarnefnda á Íslandi, vegna grunsemda um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, áreitni eða ofbeldi eða að heilsu þess sé stefnt í alvarlega hættu, hefur fjölgað á undanförunum árum. Árið 2009 bárust flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar barna, eins og fram hefur komið. Sama ár var í fyrsta sinn spurt sérstaklega um heimilisofbeldi og kom þá fram að í tilkynningum um ofbeldi var um heimilisofbeldi að ræða í 3% af heildarfjölda tilkynninga (Barnaverndarstofa, 2009). Orsakir barnaverndarvanda eru margþættar. Frá miðri tuttugustu öldinni hafa nokkrar orsakaskýringar verið algengastar og má skipta þeim gróflega í þrjá flokka sem byggja á ólíkum kenningum. Þetta eru sálsýkisskýringar, félags- og menningarlegar skýringar og samskiptaskýringar (Ogden og Backe-Hansen, 1994, bls. 84).

Sálsýkiskýringar byggja á sálgreiningar- og sálsýkiskenningum. Athyglin beinist að sálrænum vanda foreldra, aðallega að tilfinningalegum og vitsmunalegum þáttum og erfiðleikum við að tengjast börnum eðlilega. Er þá gjarnan bent á sálræna erfiðleika, svo sem lágt sjálfsmat,

þunglyndi og skort á sjálfsstjórn. Erfiðleikarnir eru yfirleitt raktir til bernskureynslu foreldranna og talið að um sálrænan og félagslegan arf sé að ræða. John Bowlby (1969) er einn þeirra fræðimanna sem leggur áherslu á mikilvægi tengslamyndunar barns við móður frá frumbersku. Hann telur að gæði þeirra tengsla skipti sköpum fyrir velferð einstaklingsins og að aðskilnaður móður og barns geti haft neikvæðar afleiðingar (Bowlby, 1969, bls. 198–209).

Félags- og menningarlegar skýringar beinast aðallega að slæmri félagsstöðu fjölskyldna, lágrí menntungarstöðu, fátækt, slæmu húsnæði og umhverfi og fátæglegum tengslum foreldranna við aðra. Litið er á heimilisofbeldi sem viðbrögð við álagi sem rekja megi til atvinnuleysis og bágrar fjárhagsstöðu. Mikilvægur þáttur er ólík stéttarleg staða fólks í samfélaginu. Litið er svo á að foreldrar sem komast í samband við barnaverndaryfirvöld séu í slakri valdastöðu (Fox Harding, 1991, bls. 169–170).

Samskiptaskýringar byggja á kenningum um gildi samskipta, ekki síst tengslum foreldra og barns, samspili í fjölskyldunni og hæfni foreldra í uppeldishlutverkinu. Snyder og Patterson (1987) benda á að í fjölskyldum þar sem börn sýna af sér árásargjarna hegðun eða vanvirkni, virðast vera fáar ef nokkrar heimilisreglur. Foreldrarnir sýna áhugamálum og frístundum barna sinna lítinn áhuga, bregðast ómarkvisst við óæskilegri hegðun og skortir aðferðir til að takast á við átök í fjölskyldunni (vitnað til í Mussen, Coger, Kagan og Huston, 1990, bls. 672). Patterson (1982) fjallar um áhrif refsinga foreldra á börn sín og samkvæmt honum bregðast börn ólíkt við. Börn sem ekki eru vön að sýna af sér árásargjarna hegðun bregðast við með því að reyna að draga úr þeirri hegðun sem þeim var refsað fyrir. Aftur á móti virðast refsingar ýkja óæskilega hegðun árásargjarnra drengja (vitnað til í Mussen, Coger, Kagan og Huston, 1990, bls. 488).

Ofangreindar orsakaskýringar eru gagnvirkar og menn eru ýmist sammála um að þær bæti hver aðra upp eða séu úreltar. Þær eiga það til dæmis sameiginlegt að beina allar kastljósinu að vandamálum. Þær eiga það einnig sameiginlegt að athyglin beinist ekki að börnunum heldur að foreldrunum og umhverfinu. Ef tekið er dæmi um félagslegu og menningarlegu kenningarnar verður ljóst að margir foreldrar sem búa við slaka valdastöðu ala börn sín upp á viðunandi hátt og hið sama má segja um hinar skýringarnar að orsakasambönd eru ekki einföld. Sem andsvar við þessum skýringum hafa sjónir manna beinst að öðrum atriðum sem rekja má til kenninga um umhverfi og upplag, um seiglu barna og þætti

sem vernda þau þrátt fyrir erfið uppeldisskilyrði. Bent er á að rannsóknir þurfi að beinast að börnum, foreldrum og umhverfi til að vera haldbærar. Einnig er nauðsynlegt að viðurkenna að börn eru virkir gerendur sem hafa áhrif á eigið líf (Ogden og Backe-Hansen, 1994, bls. 90-93). Sú áhersla að líta á börn sem áhrifavalda í eigin lífi fer vaxandi í rannsóknum meðal barna og hefur breytt sýninni á börn talsvert á síðustu árum. Í slíkum rannsóknum kemur meðal annars fram að sum þeirra barna sem verða fyrir beinu ofbeldi eða verða vitni að ofbeldi virðast komast hjá langvarandi skaða. Vitað er að félagslegir og sálrænir þættir, svo sem trú barna á sjálfum sér, hæfni þeirra til að takast á við álag (e. coping) og tengsl við aðra fullorðna en ofbeldismanninn, hafa áhrif á hvernig börnum sem búa við ofbeldi reiðir af. Þekking á slíkum verndandi þáttum verða vonandi nýttir til að aðstoða börn sem búa við ofbeldi og ýta undir heilbrigðan þroska þeirra (Steinunn Gestsdóttir og Margrét Ólafsdóttir, 2007, bls. 623–624).

Næst fjalla ég um hugtökin börn og bernska.

## 2.3 Börn og bernskan

Í skýrslunni *Það er ljótt að meiða*, sem rannsóknarhópurinn (Guðrún Kristinsdóttir ritstjóri, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir) skrifaði um niðurstöður spurningakönnunar rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*, gera höfundar grein fyrir nýlegum bernskurannsóknum þar sem lögð er áhersla á að börn séu virkir gerendur og að gagnvirk áhrif þeirra og umhverfisins séu snar mótunarþáttur. Þær segja að í þessari gerð rannsókna sé gengið út frá því að bernskan sé félagsleg hugsmíð háð sögulegum, efnislegum, sálrænum og menningarlegum aðstæðum og að þetta móti afstöðu manna til barna. „Mikilvægt sjónarhorn okkar er að líta á börn og unglunga sem hæfa og ábyrga einstaklinga sem geta tekið þátt í rannsóknum á trúverðugan hátt og að það sé mikilvægt að raddir þeirra komi fram“ (Guðrún Kristinsdóttir o.fl., 2007, bls. 2). Þetta er í anda félagslegrar hugsmíða-hyggu þar sem þekking er byggð á túlkun sem er háð aðstæðum hverju sinni og verður til í félagslegu og menningarlegu samhengi (James, Jenks og Prout, 1998, bls. 18).

Þessir þættir móta almenna afstöðu til barna. Á síðustu árum hefur það viðhorf orðið algengara að bernskuskeiðið hafi gildi í sjálfu sér og aukin áhersla er lögð á manngildi barna og réttindi af ýmsum toga, m.a. með vísan til

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Källström Cater (2004) er einn þeirra fræðimanna sem bendir á margbreytileika hugtaksins barn og vísar til þess að einstaklingar séu ólíkir, stelpur og strákar upplifi á ólíkan hátt á mismunandi aldri. Þjóðerni, félagsleg staða, efnahagur og trúarbrögð hafa áhrif á mótun einstaklingsins (Källström Cater, 2004, bls. 18). Ég tek undir með ofangreindum höfundum um að mikilvægt sé að raddir barna heyrist og að þau hafi áhrif á daglegt umhverfi sitt, líf og aðstæður.

Eriksson (2007) fjallar um börn sem félagslega virka gerendur og segir að hingað til hafi stór hluti rannsókna um börn sem upplifa ofbeldi byggt á kenningum um félagsfræði og/eða þroska barna, um áföll (s. trauma) og að komast lífs af. Litið hafi verið á hugtökin „börn“ og „bernska“ sem sjálfgefin hugtök. Jafnframt hafi lýsingar barna og túlkanir þeirra á eigin stöðu ekki verið áberandi í rannsóknum. Þetta rannsóknarsvið hefur á síðastliðnum áratugum vaxið og falið í sér gagnrýni á fyrri rannsóknir um börn, jafnt sálfræðilegar sem félagsfræðilegar (Eriksson, 2007). Megin mótbárurnar gegn fyrri rannsóknum snúa að hugmyndunum um fullorðna og börn, þar sem hið viðtekna er að vera fullorðinn og litið er á börn sem ófullgerðar manneskjur og óvirk (s. passiv) „fórnarlömb“ fullorðinsveruleikans. Gagnrýni hefur einnig beinst að því að rannsakendur líti ekki á börn sem virka gerendur í rannsóknum, frekar hafi verið litið á börn sem viðfang en þátttakendur. Í samræmi við þessa gagnrýni hafa rannsakendur á sviði bernskurannsókna lagt áherslu á að þróa greinandi yfirsýn (s. analytískt perspektív) þar sem litið er á börn sem félagslega virka gerendur. Það á við hvort sem börn eru beinlínis þátttakendur í rannsóknum eða ekki. Þó að rannsakendur á sviði bernskurannsókna líti á börn sem fullgilda þátttakendur, segir Eriksson, er hlutverk þeirra ekki eingöngu að endurvarpa og afrita fyrir börn. Það þarf að túlka frásagnir og hegðun þátttakenda í rannsóknum, hvort sem það eru börn eða fullorðnir. Aðalatriðið verður túlkun (s. tolkningsperspektív) rannsakandans (Eriksson, 2007, bls. 15–16).

Qvortrup (1991) tók saman skýrslu um bernskuna sem félagslegt fyrirbæri og byggði hún á niðurstöðum rannsókna í 14 Evrópulöndum, Bandaríkjunum og Kanada. Skýrslan var gerð á vegum Evrópumíðstöðvarinnar (European Centre. Eurosocal 37/1991). Þar kom fram að síðan 1986–87 hafi ný sjónarmið rutt sér til rúms á sviði rannsókna um börn og bernskuna. Qvortrup tekur fram að viðhorf höfunda skýrslunnar til bernskunnar sé sú að börn séu fullgildir



þátttakendur í samfélaginu, ekki bara vegna þess að þau séu til staðar, og eru mótanleg, né heldur að þau séu eign samfélagsins eða ríkisins. Bernskan sé hluti samfélagsins, börn taki þátt í viðburðum, þau hafi áhrif á samfélagið og þau verði fyrir áhrifum af því á gagnvirkan hátt (Qvortrup, 1991, bls. 17).

Qvortrup (1991) vísar í Davis (1940) og Garbarino (1986) og rekur hugmyndir þeirra um bernskuna. Samkvæmt þeim eru börn verðandi mannverur, sem eru ekki orðin fullgild. Börn eru viðfang til að vinna úr eða leir til að móta, um leið og haldið er hlífiskildi yfir þeim. Bernskan er undirbúningur fyrir það sem koma skal eða vænting um það sem máli skiptir. Bernskan er undirbúningsstig og tilgangur þess er að aðlaga börn að samfélaginu. Samkvæmt því felur bernskan ekki í sér félagslegt áhrifavald. Qvortrup bregður á leik með hugtökin „human being“ (mannvera) og „human becoming“ (mannverða, þýð. höf.) um börn sem búa þarf undir að verða fullorðin og þar með fullgildir þátttakendur í samfélaginu (Qvortrup, 1991, bls. 11–14). Það er mikilvægt í öllum samfélögum, að búa börn undir það að verða fullorðin og vernda hvert einasta barn gegn hættum. Hins vegar hættir þessum ríkjandi umhyggjuþáttum til að skyggja á aðra þætti sem gætu komið að gagni við að skilja betur fyrirbærið bernsku (Qvortrup, 1991, bls. 12).

Niðurstaðan úr þessu rannsóknarverkefni var sú að bernskan væri samfélagssvið í mótun og að börn væru ekki talin ábyrg á eigin forsendum. Börn ættu sér ekki sínar eigin raddir í rannsóknnum sem voru til athugunar í skýrslunum, þess í stað kynntu fullorðnir þau og veruleika þeirra. Qvortrup segir að þessar niðurstöður hafi verið í samræmi við grunsemdir höfundanna um að bernskan hafi hingað til verið falin eða ósýnileg í rannsóknnum. Börn væru jafnvel ósýnileg í þeim rannsóknnum sem skýrslan byggði á, í þeim skilningi að þau væru kynnt sem verðandi fullorðnir, það er rannsóknirnar væru gerðar út frá sjónarhorni fullorðinna (Qvortrup, 1991, bls. 17–19).

Þær kenningar um börn og bernskuna, sem samverkamenn Qvortrups aðhylltust, gerðu ráð fyrir að börn væru virkir einstaklingar sem hefðu áhrif á daglegt umhverfi sitt og yrðu fyrir áhrifum af því á gagnvirkan hátt. Börn og unglingar væru hæfir og ábyrgir einstaklingar sem gætu tekið þátt í rannsóknnum á trúverðugan hátt og það væri mikilvægt að raddir þeirra kæmu fram. Megin mótbárur gegn fyrri kenningum sneru að hugmyndum um fullorðna og börn, þar sem það væri viðtekið viðmið að

vera fullorðinn og litið væri á börn sem ófullgerðar manneskjur eða „hálfproskaðar“, óvirka einstaklinga sem þyrfti að búa undir fullorðinsveruleikann.

Í fyrstu þremur köflunum sem spanna fræðilega umgjörð ritgerðarinnar hef ég fjallað um ofbeldi á heimilum og áhrif þess á börn. Ég hef rætt hugtökin börn og bernska sem eru þau hugtök sem niðurstöður mínar um sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum verða speglaðar í.

Næst geri ég grein fyrir afmörkun ritgerðar minnar.

## **2.4 Afmörkun á fræðasviðinu**

Ekki hafa farið fram neinar rannsóknir á umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum á Íslandi, svo vitað sé. Ekki hafa heldur verið gerðar rannsóknir sem fjalla um sýn á börn í almennri umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum þar sem aðferðum orðræðugreiningar er beitt eins og hér var gert.

Á Norðurlöndunum hafa rannsóknir meðal barna og með börnum sem upplifa ofbeldi annars foreldris gegn hinu aukist verulega á síðasta áratug.

Carolina Överlien tók saman yfirlit um fjölda birtra fræðigreina um efnið á árunum 1997–2007 (Överlien, 2007, bls. 239). Hún bendir á að Holden (1998) hafi rannsakað (s. litteraturstudie) fræðasviðið tíu árum áður, þar sem hann taldi saman allar greinar sem birst höfðu í vísindatímaritum á árunum 1975 (fyrsta greinin gefin út) til 1995. Hann fann alls 56 greinar. Í yfirliti Överlien (2007) kom fram að fjöldi birtra fræðigreina hafði á árunum 1997–2007 tvöfaldast samanborið við tímabilið 1975–1995.

Helstu niðurstöður Överlien (2007) voru þær að engilsaxneskar rannsóknir byggðu aðallega á meginlegum rannsóknaraðferðum og voru gerðar út frá sjónarhóli fullorðinna. Í þeim voru börn sögð hafa þolað ofbeldi (e. exposure) og áhersla lögð á einkenni og afleiðingar ofbeldisins. Upplýsinga um börnin var oftast aflað hjá mæðrum þeirra, eða rannsakendurnir höfðu sjálfir metið og greint þær. Upplýsinga var því sjaldan aflað hjá börnunum sjálfum. Þekking okkar á skilningi barna á ofbeldi, hvaða orð þau nota sjálf til að lýsa ofbeldi, hvaða þýðingu það hefur fyrir þau og hvernig þau takast á við aðstæður sínar er mjög takmörkuð, segir Överlien.

Það kom einnig fram að norrænu rannsóknirnar voru aðallega eigindlegs eðlis og voru oftast gerðar með sjónarhóli barna í huga. Í þeim voru börnin sögð hafa „reynslu af ofbeldi“, og með því var lögð áhersla á persónubundnar aðstæður barnsins. Överlien (2007) bendir einnig á að oft kom fyrir orðalagið „að verða vitni að ofbeldi“ og með því var kastljósinu beint að daglegu umhverfi barna þar sem ofbeldi viðgengst.

Hún bendir einnig á að niðurstöður yfirlits hennar sýndu að skilningur okkar á sjónarhóli barna er mjög takmarkaður hvað varðar samhengi og tengsl. Sem dæmi um slík sjónarhorn nefnir hún systkinatengsl, skólaaðstæður barna og hvernig börn hugsa um þolendur og/eða gerendur ofbeldis. Rannsóknirnar hafa að mestu leyti skilgreint börn sem einsleitan hóp og sjaldan náð til spurninga sem lúta að kynjamun eða þjóðerni (Överlien, 2007, bls. 241).

Överlien afmarkaði rannsókn sína við ákveðna gagnagrunna, það eru Psychinfo, Socialological abstracts, Pubmed, Social Science Citation Index og National Clearinghouse on Child Abuse and neglect og notaði leitarorðin „domestic“, „violence“, „exposed“, „witness“ og „child“ í mismunandi leitarsamsetningum. Hún leitaði að fræðigreinum sem falla undir sálfræði, félagsfræði eða félagsráðgjöf, á árunum frá 1997–2007 og fann fleiri en 100 greinar og bækur um börn sem hafa upplifað ofbeldi annars foreldris gegn hinu.

Í rannsókn minni notaði ég sömu gagnagrunna til að afmarka fræðasviðið og Överlien gerði í sínu yfirliti. Ég notaði sömu leitarorð að viðbættum leitarorðunum „discourse“, „discourse analysis“ og „media“, en það eru þau leitarorð sem afmarka mitt verkefni. Ég raðaði leitarorðunum á mismunandi hátt í hverri leitarsamsetningu.

Niðurstöðurnar voru alls 26 rannsóknargreinar. Þar af kom ein greinin fram í þremur gagnagrunnum og önnur í tveimur gagnagrunnum. Niðurstöðurnar urðu þá alls 23 fræðigreinar. Þrjár greinar reyndust á tungumálum sem ég kann ekki, en útdrættirnir voru á ensku, endanlegur fjöldi var því 20 greinar.

Þetta yfirlit úr gagnagrunnunum leiddi í ljós að engin rannsókn sem beitti aðferðum orðræðugreiningar fjallaði um sýn á börn í almennri umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum.

Ég ákvað þá að skoða nánar þær greinar sem fjölluðu um börn og orðræðugreiningu og einnig greinar um ofbeldi á heimilum og orðræðugreiningu. Í þeim greinum var aðallega fjallað um þögn og

normalisering ofbeldis.<sup>1</sup> Með þögn í texta var átt við að tiltekið efni kæmi ekki fyrir þar (e. absences from text). Orðræðan færi fram í félagslegu samhengi og þegar þættir sem voru hluti af því voru ekki nefndir í textanum ríkti þögn um þá. Þögn var einnig líkt við feluliti (e. camouflage) og átt við að þögnin væri falin í villandi orðalagi.

O'Halloran (2005) notaði orðræðugreiningu til að sýna fram á að þögn gæti villt um fyrir lesendum þegar félagslegu samhengi væri lýst. Textinn sem var notaður í rannsókninni var fenginn af vefsíðu dagblaðs í Bretlandi. Vefsíðan var sett upp sem herferð gegn barnaníðingum og þar gátu foreldrar aflað sér upplýsinga um barnaníðinga sem hugsanlega bjuggu í nágrenni þeirra. Þær upplýsingar áttu foreldrar að geta notað til að vernda börnin sín gegn þeim. O'Halloran sýndi fram á að upplýsingarnar til foreldranna voru villandi og það var þögnin í textanum sem villti um fyrir þeim. Það ríkti t.d. þögn um fjölskyldumeðlimi sem barnaníðinga. O'Halloran benti á að þar með vantaði hluta af félagslegum áhrifamætti (e. social agency) textans. Það ríkti einnig þögn um heimilið sem vettvangur fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Það villir um fyrir foreldrum, segir höfundur, og dregur athygli þeirra frá heimilinu sem vettvangi. Í greininni bendir höfundur á rannsóknir sem sýna að fjölskyldumeðlimir og heimilið eru þættir sem eru hluti af félagslegu samhengi kynferðisofbeldis gegn börnum. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að þögn sem ríkir í textanum leiðir til þess að lesendur eiga auðvelt með að draga rangar ályktanir (O'Halloran, 2005, bls. 1945–1964).

Þögn var einnig nefnd „felulitir“. Goddard, De Bortoli, Saunders og Tucci (2005) ræða um þögnina á þann hátt. Þær leggja áherslu á að fólk sem vinnur að hagsmunum barna þurfi að vanda hugtakanotkun sína sérstaklega vel og nota orð og hugtök sem lýsa því sem fjallað er um. Í grein sinni *Felulitir nauðgarans: „Barnavændi“* (þýð. höf.) lýsa höfundarnir „textaofbeldi“, hugtaki sem er hluti af því málfari sem arðrænin börn, gerir lítið úr alvarleika brota sem eru framin gegn þeim og viðurkennir ekki réttindi þeirra. Í greininni var sýnt fram á að hugtakið barnavændi er slíkt hugtak og að það er gjarnan notað í dagblöðum og opinberum skýrslum. Tilgangur greinarinnar var að rannsaka hvort hugtakið barnavændi þýddi vændi eða kynferðislegt ofbeldi gegn

---

<sup>1</sup> Eigin ögun/aðlögun að viðteknum viðmiðum. Hér verður hugtakið aðlögun notað.

börnum. Höfundarnir færa rök fyrir því að merking orðsins barnavændi sé nær merkingu orðsins vændi heldur en merkingunni kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Goddard, De Bortoli, Saunders og Tucci (2005) bentu á að glæpurinn væri aðlagður með því að nota hugtakið barnavændi yfir kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Hið sama er gert með því að fjalla um barnavændi sem atvinnu barna og draga þannig óljós mörk milli barnæsku og fullorðinsæviskeiðs eða má þau alveg út (Goddard, De Bortoli, Saunders og Tucci, 2005, bls. 280–284).

Höfundarnir telja að aðlögun ofbeldis gegn börnum felist helst í því að óljós mörk eru dregin milli barnæsku og fullorðinsæviskeiðs (e. ambiguity over the line between childhood and adulthood) eða þau máð út. Ábyrgð fullorðinna og ábyrgð barna er með þessu lögð að jöfnu.

Schow (2006) bendir einnig á að þegar mörk barnæsku og fullorðinsára eru máð út eða gerð óljós er auðvelt að aðlaga ofbeldi gegn börnum, til dæmis með því gera lítið eða ekkert úr aldri barnanna og einnig með því að fjalla um barnavændi sem atvinnu þeirra sem þau fá greitt fyrir. Það ríkir þögn um þau hugtök sem ætti að nota í þessu samhengi, það er kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, jafnvel þegar ofbeldismaðurinn er faðir barnsins, kennari barnsins eða annar (Schow, 2005, bls. 49–68).

Phillips og Henderson (1999) gera grein fyrir þögn sem ríkir þegar fjallað er um ofbeldi karla gegn konum í grein sinni „*Sjúklingur var laminn af hnefanum...*“ *Orðræðugreining á ofbeldi karla gegn konum* (þýð. höf.). Þær benda á að þögnin ríki í skjóli þess að önnur hugtök séu notuð um karla sem ofbeldismenn, það er önnur hugtök eða annað orðalag en það sem vísar til ábyrgðar karla á eigin ofbeldi, til dæmis; „38% kvenna upplifa ofbeldi í hjónabandinu“, „ofbeldisfulla hegðunin leiddi til ....“, „hjónavandræði“. Þær benda á leyniorð (e. code words) sem voru notuð í textadæmunum sem rannsóknin náði yfir. Orðin karl, maður eða menn fundust ekki í rannsóknartextunum. Aftur á móti fannst orðið kona 16 sinnum og leyniorðin fórnarlamb, eiginkona eða persónufornafnið hún voru oft notuð. Leyniorð yfir karla komu þrisvar sinnum fyrir, þau voru spúsi, árásarmaður og nágrenni. Leyniorð yfir ofbeldi karla gegn konum voru mörg í rannsóknartextunum, s.s. eiginkonuofbeldi eða árás á eiginkonu (Phillips og Henderson, 1999, bls. 116–121).

Bavelas og Coates (2001, bls. 38) segja í niðurstöðum í grein sinni að tungumálið fegri ekki aðeins ofbeldið, heldur villi beinlínis um fyrir

lesendum. Í stað þess að lýsa ofbeldinu, er notað orðaval sem aðlagar ofbeldið, orðaval sem lýsir kynferðislegri hegðun fólks og hljómar þá orðræðan sem hversdagsleg mannleg hegðun.

Eins og fyrr segir kemur í ljós að hugtökin þögn og aðlögun eru lykilhugtök við lestur á því efni sem afmarkar rannsóknarumhverfið. Þetta eru hugtök sem eru órjúfanlega tengd orðræðu og orðræðugreiningu. Í næsta kafla fjalla ég um orðræðu.

## 2.5 Um orðræðu

Hugtökin vald og aðlögun eru nátengd orðræðu. Það á einnig við um hugtökin þögn, þrástef, skipan orðræðu og orðræðutegundir (e. genre). Jafnframt því að gera grein fyrir þessum hugtökum byrja ég á að fjalla um fræðilegan bakgrunn orðræðu.

Tungumálið er lykilþáttur í greiningu á félagslegum veruleika og sjálfsskilningi einstaklinga. Athyglin beinist að þeim möguleikum sem felast í tjáningunni og tungumálinu. Samkvæmt hinum póststrúktúralíska skilningi er tungumálið ekki orðasafn sem við veljum úr til að tjá hugsanir okkar. Við lærum að tjá okkur ákveðinn máta, eða lærum ákveðna orðræðu sem byggir á vissri orðanotkun, líkamsmáli, hljómblae, svipbrigðum, látbragði og hreyfingu. Við tileinkum okkur ólíka orðræðu í námi, á heimilum, meðal vina, í fjölmiðlum o.s.frv. Þannig er okkur kennt að skilja heiminn á ákveðinn hátt og túlka atburði frá ákveðnu sjónarhorni (Kristín Björnsdóttir, 2003, bls. 238). Hugtakið orðræða hefur á tiltölulega skömmum tíma orðið algengt í máli manna, jafnt á prenti sem í mæltu máli. Orðið er notað með ýmsum hætti allt eftir því hvaða textategundir eru notaðar sem dæmi. Orðræða getur merkt *umræða*, *samtal*, *texti* og jafnvel virðist það notað sem samheiti við *orð* (Þórunn Blöndal, 2005, bls. 20–21).

Orðræða er hér skilgreind sem bæði talað mál og skrifað. Ef litið er á það sem gagnsætt orð, þá fjallar það um texta og tal, en orðræða er meira en bara texti og tal, það er eitthvað lifandi og skapandi í því. Í íslenskri orðabók er orðið skilgreint sem kvenkynsorð sem þýðir; 1 tal, samræða, umræða 2 mál/bragfræði, samfelld talað mál með mörgum setningum (discursus) (Íslensk orðabók, 2003, bls. 1092–1093).

Foucault (2005) lagði áherslu á að vald og þekking væru órjúfanlega tengd orðræðu. Sýn hans á vald gerði ráð fyrir því að hugsanlega kæmi fram andstaða við það. Hann dró í efa þá viðteknu skoðun að þekking

væri vald en í stað þess væri valdsins að leita í því hvernig fólk notaði þekkinguna í félagslegum aðstæðum. Valdahugtak Foucaults beinir athyglinni að því hvernig valdið er í framkvæmd, svo sem hvernig það virkar í því sem fólk gerir til að sjá og endurskoða sig sjálft sem manneskjur sem framkvæma, hugsa og finna til (Popkewitz og Brennan, 1998, bls. 16 og 226). Vald er pródúktífur frekar en þvingandi kraftur (Jørgensen og Phillips, 2000, bls. 24). Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2005) bendir á að orðræðugreining miði að því að greina hið leynda vald sem er til staðar án þess að maður taki eftir því. Þetta kallað hann normaliseringarvald (aðlögunarvald) (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2005). Foucault (2005) segir að maður taki ekki eftir valdinu af því að því sé ekki beitt. Hin leyndu áhrif á hugsunarháttinn gera hvern og einn viðtakanda virkan í að verða eins og aðrir og skera sig sem minnst úr. Það er samspil hins leynda valds og hins augljósa sem einkum er reynt að ná tökum á með hugtakinu orðræða. Ein af grundvallarhugsunum Foucaults um vald er sú að vald beiti sér sjálft (Foucault, 2005, bls. 43).

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2005) telur að sjónarhorn Foucaults á orðræðu sé ekki síður pólitískt en fræðilegt. Eitt helsta gagn sem við getum haft af verkum Foucaults er að átta okkur á því að nútímasamfélagið hefur ekki frelsað okkur frá valdi heldur hagar vald sér öðruvísi en það gerði á fyrri tíð. Ingólfur notar orðatiltækið að „vald hagi sér“ og á við að það sé í samræmi við að segja að vald beiti sér. „Orðatiltækið er tilraun til að segja á lipru máli að þegnar nútímasamfélaga sjá að mestu um það sjálfir að halda uppi skikki í samfélaginu“ (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2005, bls. 236).

Foucault (2005) fjallar um höfundinn og segir að „það sem sést má færa í orð en það sem er að sjá færast ekki yfir í orðin, höfundurinn eða mælandinn sjálfur, sjónskyn hans, augu eða hugsun, færast ekki í orðin. Höfundurinn er falinn í sjálfri sögninni, og svo dylur sjálft tungumálið þann sem sér, það vantar alltaf í sjálft tungumálið þann sem talar, þann sem sér, þann sem skynjar“ (Foucault, 2005, bls. 25).

Orðræða er díalektísk (gagnvirk). Það er áhugavert að beina athyglinni að sambandinu milli sendanda texta, móttakanda texta og einnig sambandinu milli sendanda og móttakanda. Orðræða felur í sér meira en summuna af þessum víxlverkunum, sem verða t.d. innan ákveðinnar stofnunar, orðræða hefur áhrif á þær og bætir við þær. Orðræða hefur bæði innihaldshluta og samskiptahluta og tengjast báðir hlutarnir því að tungumálið er notað í félagslegu samhengi. Orðræða er alltaf bundin

sögulegum tíma og tengd félagslegu umhverfi, hún getur ekki verið algild. Vald kemur fram í samskiptum fólks og felur í sér tækifæri fyrir suma og afmarkanir fyrir aðra (Bergström og Boréus, 2000, bls. 223–224).

Í kaflanum um afmörkun á fræðasviðinu fjallaði ég um hugtökin aðlögun og þögn.

Enn eitt hugtak sem kemur við sögu er orðið þrástef. Þrástef eru þrálátar hugmyndir, athafnir eða algeng þemu sem ganga eins og rauður þráður í gegnum texta eða í opinberri umræðu. Þegar greina á þrástef og mynstur í orðræðu er valið málefni eða atburður sem mikið er fjallað um, til dæmis í dagblöðum eða annars staðar. Þegar þrástef eru greind er mikilvægt að athuga þögn, það er það sem ekki kemur fram í textanum. Með því móti er þess freistað að sjá hvernig þrástefin í textanum raðast í mynstur og greina mótsagnir orðræðunnar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2007, Verklag við rannsókn kaflinn). Mótsagnir orðræðu draga fram inntak þeirrar merkingar sem við tileinkum okkur sem sjálfsagða hluti í viðkomandi efni (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2006, bls. 181).

Þeir sem rannsaka orðræðu benda fyrst og fremst á að tungumálið sé uppbyggjandi. Það er grunnur alls félagslífs. Á orðræðu byggjast hugmyndir okkar um hluti, heima, hugi og félagsleg tengsl. Fremur en að finna út hvað „gerðist í rauninni“ hafa þeir sem stunda orðræðugreiningu áhuga á því að rannsaka feril atburða og frásagna, hvernig „sannindi“ verða til, hvernig félagsleg fyrirbæri og sjálfsmyndir eru settar saman og hvaða afleiðingar það starf hefur (Wetherell, 2001, bls. 16).

Fairclough (1998) fjallar um skipan orðræðunnar og vísar til þess að hugtakið sé fengið frá Foucault. Hugtakið útheimtir átök milli tveggja kerfa, annars vegar tungumálakerfis og hins vegar skipan orðræðu. Samband textakerfanna er díalektískt: textarnir eru lýsandi en raðast einnig í mynstur og mynda þannig kerfi. Skipan orðræðu á sér félagslegt samhengi þannig að atburðir, raddir og orðfæri mótast af því á gagnvirkan hátt. Fairclough tekur dæmi af skipan orðræðu í skóla. Til að lýsa slíkri skipan orðræðu er nauðsynlegt að skilgreina mismunandi orðræðusvæði, t.d. innan kennslustofunnar, á kennarastofunni, á leiksvæði (Fairclough 1998, bls. 145).

Fairclough lýsir því jafnframt að þegar fjallað er um orðræðu í fjölmiðlum sé nauðsynlegt að flokka efnið í orðræðutegundir (e. genre). Með orðræðutegund er átt við ákveðna gerð málnotkunar sem tengist tiltekinni félagslegri starfsemi, til dæmis viðtali, frásögn eða sýningu. Hér



er ekki einungis vísað til framsetningar, heldur einnig til vettvangs athafna eða atburða, til þess hvernig fjallað er um verkið, hverjir taka til máls, til tengsla á milli þátttakenda, um hvers konar texta(gerð) er að ræða og loks til samhengis textans. Hugtökin rödd, stíll og form vísa þannig til aðaldráttu í formgerð tegundarinnar. Fremur en að nota vettvang má nota hugtakið *orðræða* sem nær yfir sérstakt svið félagslegrar starfsemi séð frá ákveðnum sjónarhóli. Tegund (e. genre) í þessum skilningi getur verið undir áhrifum nokkurra ólíkra orðræða og orðræða getur einnig orðið fyrir áhrifum nokkurra ólíkra tegunda (Fairclough, 1995, bls. 13–14).

Hvað viðfangsefni rannsóknar minnar varðar er áhugavert að skoða skrif Aapola-Kari (2007) um ímyndir barna og ungmenna í fjölmiðlum. Hann bendir á að fjölmiðlar gegni margbreytilegu hlutverki í samfélaginu; þeir miðla ekki aðeins upplýsingum um mikilvæga atburði, heldur gefa þeir málefnum heiti, hólfa niður og flokka fyrirbæri. Auk þess birta fjölmiðlar siðferðilegar vangaveltur um málefni og koma fram sem fulltrúar hins félagslega aðhalds. Þeir geta einnig haft önnur hlutverk sem snúa að félagsmótun og menntun, sem og meðferðarleg hlutverk (Aapola-Kari, 2007, bls. 71).

Allir þessir þættir geta verið að verki í þeirri sýn sem fjölmiðlar draga upp af börnum og unglingum en eins og fram hefur komið var meginmarkmið rannsóknar minnar að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun í prentmiðlun um ofbeldi á heimilum. Í næsta kafla reyni ég að skilgreina almenna umfjöllun eða almenna umræðu.

## 2.6 Niðurlag

Á undanförunum árum hefur vefurinn aukið möguleika til tjáningar í skrifuðu máli en þrátt fyrir það eru prentuð dagblöð og tímarit ennþá áhrifamiklir fjölmiðlar. Í prentmiðlum fer fram umræða sem er almennt talin móta viðhorf fólks, viðbrögð og athafnir. McCulloch (2004) bendir á að dagblöð og tímarit séu mikilvægur heimildagrunnur sem lýsi sérstaklega almennum pólitískum og félagslegum skoðunum sem ríkja á ákveðnum tíma og stað. Jafnframt því að segja fréttir af daglegum atburðum fjalla prentmiðlar stundum um sérstök málefni sem vekja áhuga almennings og byggja á rannsóknarblaðamennsku (McCulloch, 2004, bls. 90). Blaða- og fréttamenn sem starfa á fjölmiðlum eru sérfræðingar sem hafa á valdi sínu flókið safn þekkingar (Þorbjörn Broddason, 2007, bls. 307).

Við mótun rannsóknarinnar kom til umræðu hvort einnig ætti að velja gögn af netmiðlum, bloggsíðum og spjallsíðum á netinu, sem hafa aukist mjög síðan verkið var undirbúið. Ákveðið var að takmarka úrtakið við dagblöð og tímarit til að fanga almenna umfjöllun um ofbeldi á heimilum og sýn á börn. Barfoed (2008), sænskur blaðamaður og félagsráðgjafi, rannsakaði frásagnir um ættleiðingar barna og valdi meðal annars dagblöð til að skoða almenna umfjöllun fyrir doktorsritgerð sína. Hún telur að dagblöð miðli vel menningartengdri hversdagsorðræðu og orðræðu sem getur talist almenn og traust. Barfoed benti á að velja mætti sérhæft fjölmiðlaefni, t.d. tímarit sem sérhæfa sig í því málefni sem á að rannsaka. Hún benti einnig á að á Netinu væri umræða mjög lifandi, til dæmis á blogg- og spjallsíðum. Hún segist þó hafa viljað gefa mynd af almennri umfjöllun og þess vegna valdi hún dagblöð sem rannsóknargögn (Barfoed, 2008, bls. 68).

Í kaflanum var gerð grein fyrir fræðilegri umgjörð ritgerðarinnar. Fjallað var um hugtökin ofbeldi á heimilum, ofbeldi gegn börnum og áhrif ofbeldisins á börn. Einnig var gerð grein fyrir hugtökunum börn og bernska, en niðurstöður rannsóknar minnar verða speglaðar í þessum hugtökum. Í kaflanum er fræðilegt umfang rannsóknarinnar afmarkað við sömu gagnagrunna og Överlien (2007) notaði í sínu yfirliti um efnið. Ég hef rætt um orðræðu og þau hugtök sem helst tengjast henni. Í lok kaflans skilgreindi ég hugtakið almenn umræða, en markmið rannsóknar minnar er að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun valinna prentmiðla um ofbeldi á heimilum og var notuð orðræðugreining. Í næsta kafla er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar.



### 3 Aðferð

Þessi kafli greinir frá aðferðafræði rannsóknarinnar. Byrjað er á að ræða rannsóknir meðal barna og mikilvægi þess að raddir barna fái að njóta sín. Þá er fjallað um rannsóknaraðferðir og úrtak auk þess sem því er lýst hvernig unnið var úr gögnunum. Í lok kaflans er gerð grein fyrir siðfræðilegum álitamálum..

#### 3.1 Rannsóknir meðal barna og ungmenna

Í heildarrannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem og í breskri rannsókn Mullender o.fl. (2002) er lögð áhersla á að raddir barna fái að njóta sín. Samkvæmt henni er mikilvægt að viðurkenna félagsleg tengsl barna (e. social relationship), menningu þeirra og að þessa þætti sé vert að rannsaka (James og Prout, 1997, bls. 4).

Rannsóknir meðal barna og ungmenna, þar sem þau eru höfð með í ráðum og eru þátttakendur, komu fram í upphafi níunda áratugs síðustu aldar. Þær fela það meðal annars í sér að líta á börn sem sérfræðinga í daglegu lífi sínu við ólíkar aðstæður, m.a. á heimilum sínum og í skóla (Alderson og Morrow, 2004, bls. 10). Áherslan á aukna þátttöku barna er einnig í samræmi við 12. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (Umboðsmaður barna, 2010).

Mullender o.fl. (2002) nefna nokkur atriði sem eru mikilvæg svo hægt sé að tala um rannsóknir meðal barna og ungmenna; það þarf að taka börn alvarlega, rannsakendur þurfa að leggja sig fram um að skilja börn sem fólk með eigin réttindi, að viðurkenna börn sem ábyrga gerendur í sínu eigin lífi, að viðurkenna að börn skipti máli í samfélaginu sem heild og að viðurkenna að börn eigi sér sitt eigið lífssumhverfi, hafi sínar eigin hugmyndir og áhugamál, sem eru ekki aðallega til þess fallin að þjóna samfélagi fullorðinna (Mullender o.fl., 2002, bls. 6–7).

Í rannsókn minni voru börn og ungmenni ekki beinir þátttakendur, en þau kunna að vera viðtakendur. Það er von mín að niðurstöður hennar verði til þess að stuðla að þessum mikilvægu atriðum sem Mullender o.fl. (2002) fjalla um og að þær stuðli einnig að því bæta stöðu barna í samfélaginu.

#### 3.2 Rannsóknaraðferðir

Þegar lagt er upp í rannsóknarvinnu er nauðsynlegt að kynna sér vel og velja af kostgæfni þá aðferðafræði sem hentar rannsókninni og

rannsóknarspurningunum. Viðfangsefni mitt var að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun valinna prentmiðla um ofbeldi á heimilum og lagði ég áherslu á að kanna hvort fjallað væri um áhrif ofbeldis á börn. Ég leitaði svara við því hvort athygli væri beint að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað var um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum, hvernig athyglin beindist að börnum og að hvaða marki fjallað var um börn.

Rannsóknaraðferðirnar, sem ég hef notað, eru bæði eigindlegar og meginlegar og er það í samræmi við rannsóknarspurningarnar. Flick (2005) bendir á mikilvægi þess að velja aðferðir í samræmi við rannsóknarspurningar og leggur áherslu á að eigindlegar og meginlegar aðferðir bæti hverjar aðrar upp frekar en að þær stangist á (Flick, 2005, bls. 262–270). Mertens (2010) fjallar um kosti þess að nota bæði eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir og leggur einnig áherslu á að rannsakandinn gaumgæfi vel hvaða aðferðir henti best þeim rannsóknarspurningum sem lagt er upp með (Mertens, 2010, bls. 293–307).

Í eigindlegum rannsóknaraðferðum felst sveigjanleiki sem gefur möguleika á að skoða ákveðin atriði bæði á dýptina og í smáatriðum. Eigindlegar rannsóknir hafa opið rannsóknarsnið sem gerir það að verkum að hægt er að skoða atriði sem koma fram á meðan á rannsókninni stendur og gefa henni aukna dýpt (Patton, 1990). Meginlegi hluti rannsóknar minnar afmarkast við greiningarlykil sem saminn var við upphaf rannsóknarinnar og áður en greining hófst. Tilgangur hans var að fá yfirlit yfir gagnasafnið, sem varð í fyrstu atrennu tölulegs eðlis. Túlkun gagnanna byggði samhliða á talningu samkvæmt greiningarlykli og eigindlegru túlkun í anda gagnrýnnar orðræðugreiningar. Orðræðugreiningin er aðalaðferð en hinn meginlegi þáttur felst í lýsandi tölfræði með talningu og framsetningu nokkurra taflna og túlkun sem byggist á henni. Áður en athugun á textum hófst gerði ég forathugun og tók hópviðtöl (rýnihópa) við unglinga um viðhorf þeirra til þess hvernig athygli þau teldu börn fá þegar fjallað væri um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum. Rýnihópar eru hluti af eigindlegum rannsóknaraðferðum sem notaðir eru til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks gagnvart ákveðnu viðfangsefni (Sóley Bender, 2003, bls. 85). Ég geri grein fyrir forathuguninni í sérstökum kafla.

Orðræðugreining getur ekki talist ein ákveðin aðferð innan eigindlegrar aðferðafræði. Aðferðir orðræðugreiningar eru mikilvægar í sköpun þekkingar um þá félagslegu þætti sem móta líf okkar. Með þeim er hægt að átta sig á samspili tungumáls, sjálfsskilnings, þekkingar og

valds. Það er einnig hægt að líta á orðræðugreiningu sem ákveðið sjónarhorn á tungumálið og tengsl þess við mikilvæg viðfangsefni félagslegra fræða. Það er hægt að tala um mismunandi aðferðir orðræðugreiningar svo sem samræðugreiningu, málnotkunarfærði og gagnrýna orðræðugreiningu.

Rannsókn mín er unnin í anda gagnrýnnar orðræðugreiningar. Samkvæmt henni er lögð áhersla á að rannsaka hvernig vald, yfirráð og ójöfnuður birtist og er viðhaldið í málinu í þeirri pólitísku og þjóðfélagslegu umræðu sem fer fram í þjóðfélaginu (Þórunn Blöndal, 2005, bls. 22). Hún getur hentað vel til að greina breytingar yfir tíma (Bergström og Boréus 2000, bls. 226) og er því upplögð til að skoða þann dagblaða- og tímaritatexta sem hér hefur verið valinn.

### 3.3 Úrtak

Ég notaði markmiðsúrtak (e. purposive sampling) við söfnun gagna, en það gerir rannsakanda kleift að velja gögn sem þjóna markmiðum rannsóknarinnar. Þetta þýðir þó ekki að hægt sé að velja hvaða gögn sem er. Markmiðsúrtak krefst þess að rannsakandi hugsi á gagnrýnn hátt um gögnin sem ætlunin er að skoða og velji úrtak af kostgæfni með rannsóknarspurningarnar í huga (Silverman, 2005, bls. 129). Í markmiðsúrtaki þarf rannsakandi að beita dómgreind sinni til að velja úrtak sem hæfir markmiði rannsóknarinnar (Þórlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2003, bls. 63). Ef notaðar eru eigindlegar úrtaksaðferðir er möguleiki á að bæta í úrtakið á meðan á rannsóknarferlinu stendur ef það eykur gæði rannsóknar og þjónar markmiðunum. Ákvarðanir um úrtak eru oft teknar á meðan á gagnaöflun stendur og einnig sem árangur eða afleiðing af gagnaöflun og greiningu (Flick, 2005, bls. 122–134).

Ég notaði texta úr völdum prentmiðlum til orðræðugreininga, þremur dagblöðum og einu tímariti. Dagblöðin sem urðu fyrir valinu eru Morgunblaðið og Fréttablaðið. DV var valið sem fulltrúi síðdegisblaðs og tímaritið Mannlíf sem eitt útbreiddasta tímarit í almennri sölu á Íslandi.

Morgunblaðið er elsta dagblað landsins, það kom fyrst út 2. nóvember 1913 og var fyrst aðeins 8 blaðsíður að stærð. Það var lengi vel gefið út sex daga vikunnar en kemur nú út daglega. Í kynningu á Morgunblaðinu segir að í fyrsta blaðinu sem kom út hafi meðal annars verið ritað: „Dagblað það sem hér byrjar starf sitt, á fyrst og fremst að vera áreiðanlegt, skemtilegt og lipurt ritað fréttablað“ og segir að það standi

enn í dag (Morgunblaðið, 2008). Morgunblaðið er selt í áskrift og er annað útbreiddasta dagblað landsins.

Fréttablaðið er dagblað í ókeypis dreifingu. Blaðið hóf göngu sína árið 2001 og er um þessar mundir útbreiddasta dagblað landsins, prentað í yfir 100.000 eintökum og dreift á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlisstöðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að kaupa Fréttablaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Í kynningu á Fréttablaðinu segir að það sé mest lesna dagblað landsins, bæði af konum og körlum, í öllum aldurshópum (Fréttablaðið, 2008).

DV var stofnað árið 1981 eftir sameiningu Dagblaðsins og Vísis. Það var óháð stjórn málaflokkum og varð strax eitt áhrifamesta blað landsins. Frá árinu 2001 hefur rekstur DV gengið brösulega og ýmist komið út sem morgunblað, síðdegisblað eða vikublað. Á þeim tíma sem gögnum var safnað í rannsóknina kom DV út sem síðdegisblað (DV, 2010).

Tímaritið Mannlíf hefur komið út mánaðarlega í 24 ár. Í kynningu á blaðinu segir: „Mannlíf hefur frá upphafi verið eitt allra vinsælasta tímarit landsins. Blaðið býður upp á fjölbreytt efni, greinar, viðtöl og pistla. Mannlífsviðtölin hafa skapað sér sérstöðu og notið vinsælda og virðingar og blaðið hefur einnig lagt áherslu á ítarlegar úttektir um þjóðfélagsmál sem brenna á lesendum. Mannlíf er því alhliða tímarit sem höfðar jafnt til karla og kvenna“ (Mannlíf, 2008).

Þessar upplýsingar um blöðin eru settar fram af þeim sjálfum eins og sjá má. Nokkrar staðreyndir um útbreiðslu og útgáfutímabil voru rökkin fyrir því að þau voru valin í úrtakið, til dæmis fremur en minni landshlutablöð. Miklar kröfur munu vera gerðar til menntunar og ritfærni blaðamanna þessara víðlesnu og virtu prentmiðla, en auk þess að hlíta ritstjórnarreglum starfa þeir með siðareglur Blaðamannafélags Íslands að leiðarljósi, líkt og aðrir í þeirra stétt. Í siðareglunum segir m.a. að blaðamaður leitist við að gera ekkert það, sem vanvirðu megi telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum beri að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmunum stéttarinnar. Þar segir jafnframt að blaðamanni sé ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifi (Blaðamannafélag Íslands, 2008). Það fylgir því mikil ábyrgð að skrifa um viðkvæm efni eins og ofbeldi á heimilum og önnur mál sem snerta fólk. Í siðareglunum segir: „Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann

forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu“ (Blaðamannafélag Íslands, 2008. Siðareglur:3. grein). Einnig segir að í frásögnum af dóms- og refsimálum skuli blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður sé talinn saklaus þar til sekt hans hafi verið sönnuð. Í siðareglunum segir að blaðamaður hafi í skrifum sínum sannfæringu sína að leiðarljósi. Innan Blaðamannafélags Íslands starfar siðanefnd, sem hefur það hlutverk að úrskurða um kærur sem henni berast um brot á siðareglum félagsins eins og þær eru á hverjum tíma (Blaðamannafélag Íslands, 2008).

Gagnaöflun hófst 2005 og var gögnum safnað yfir tvö tímabil. Á fyrra tímabilinu var greinum safnað úr Morgunblaðinu, Fréttablaðinu, DV og Mannlífi frá 1. maí 2005 til 30. apríl 2006. Gögn voru ýmist keypt af úrklippuþjónustu Fjölmiðlavaktarinnar EHF eða safnað með því að fletta fyrrgreindum blöðum og velja greinar úr. Guðrún Kristinsdóttir sá um söfnun gagna fyrra tímabilsins þar eð hún átti hugmyndina að verkefninu. Seinna söfnunartímabilið var frá 1. janúar 2008 til 30. júní 2008. Ég kom að rannsókninni í janúar 2008 og sá um söfnun gagna á síðara tímabilinu og notaði þá aðferð að fletta Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Mannlífi og velja greinar úr. Á báðum tímabilunum voru gögn úr DV keypt af úrklippuþjónustu Fjölmiðlavaktarinnar en þeim var safnað með leitarorðunum „börn–ofbeldi“. Þannig var ákveðið að leita á víðtækan hátt til að fá sem fjölbreyttast úrtak.

Á meðan á greiningarferlinu stóð var ákveðið að skipta þessum tveimur gagnasöfnunartímabilum í þrjú jafnlöng skeið. Úrtakið nær því yfir þrjú jafnlöng tímabil, sem er fjórir mánuðir hvert; 1. september til 31. desember 2005; 1. mars til 30. júní 2006 og 1. janúar til 30. apríl 2008. Tímabilin voru valin með það í huga að þau tækju yfir ólíka mánuði ársins og gæfu jafnframt sem heillegast ársyfirlit. Stærð gagnasafnsins er 162.490 orð.

Þegar greinum, fréttum og texta er safnað yfir tiltölulega langt tímabil tel ég líklegt að þannig fáist dæmi um almenna umfjöllun á viðfangsefninu. Umfjöllun um ofbeldi á heimilum í dagblöðum og tímaritum getur bæði verið mikil á vissum tímabilum þegar tilefni gefa til og lítil sem engin önnur tímabil. Howe (1997) vekur meðal annars athygli á því í grein sinni *The War Against Women*, að þegar skoðað er áttakamt og stutt tímabil í dagblaði út frá orðræðugreiningu getur það gefið ýkta og jafnvel skakka mynd af umfjöllunarefninu (Howe, 1997, bls. 59–75). Með því að velja ólík tímabil og prentmiðla er reynt að forðast þetta.



Útbreiðsla og útgáfusaga Morgunblaðsins, Fréttablaðsins, DV og Mannlífs bendir til þess að þau hafi fundið samhljóm hjá lesendum og endurspegli almenn viðhorf og almenna umfjöllun í þjóðfélaginu. Textar sem í þeim birtast eru því verðugt viðfangsefni í rannsókn minni.

Næst geri ég grein fyrir vinnslu gagnanna.

### 3.4 Greining og vinnsla gagnanna

Wolcott (1994) skiptir úrvinnslu gagna sem aflað er í þrennt. Í fyrsta lagi talar hann um að lýsa gögnunum (e. description), það er setja fram nokkurs konar yfirlit yfir það sem gögnin sýna, til dæmis beinar tilvitnarnir eða samantektir á því sem þar kemur fram. Þessi hluti tekur oft mikinn tíma í rannsóknarferlinu og mikið rými í rannsóknarskýrslunum. Í öðru lagi talar hann um greiningu gagnanna (e. analysis). Hún felur í sér að kafað er dýpra í það sem gögnin leiða í ljós, dregin fram aðalatriði, sameinað í flokka og tengsl fundin á milli þema. Í þriðja lagi nefnir hann túlkun (e. interpretation) sem er skapandi vinna þar sem dregnar eru ályktanir eða það tengt við fræðin sem fram kemur í gögnumum (Wolcott, 1994, bls. 12–47)

Ég studdist við þrískiptingu Wolcotts í vinnu minni með gögnin. Lýsingarhlutinn fól meðal annars í sér að gögnum var safnað úr prentmiðlunum. Textarnir í gagnasafninu voru lesnir af nákvæmni og skráðir með Excel forriti samkvæmt fyrrgreindum greiningarlykli. Aðalheiður Rán Þrastardóttir sálfræðinemi skráði gögn úr Morgunblaðinu, Fréttablaðinu og Mannlífi fyrir tímabil eitt og tvö. Ása Baldursdóttir, nemi í fjölmiðlafræði, skráði gögn úr sömu prentmiðlum fyrir þriðja tímabilið. Ég skráði gögn úr DV fyrir öll tímabilin þrjú. Með hliðsjón af greiningarlyklinum voru skráðar ýmsar upplýsingar, svo sem nafn miðils, dagsetning, blaðsíðutal, fyrirsögn, tegund greinaskrifa (t.d. frétt, viðtal), hvort myndefni fylgdi, nafn höfundar og staða (til dæmis blaðamaður, fagaðili), hvenær ofbeldið átti sér stað og tegundir ofbeldisathafna sem getið var um. Síðan tók ég saman þau atriði sem mér þóttu mikilvægust með hliðsjón af markmiði rannsóknarinnar og rannsóknarspurningunum, setti í töflur og skrifaði lýsingar á þeim. Til að auðvelda mér að vinna með dagblaða- og tímaritstextana, skannaði ég þá og umbreytti í rtf-word ritvinnsluform. Ég las textana margoft yfir og greindi innihald þeirra í þemu eftir því um hvers konar greinaskrif var að ræða. Smám saman var þemunum raðað í flokka eða tegundir skrifa. Ég

gerði mér grein fyrir því að hugtakið „genre“ sem ég hafði lesið um hjá Fairclough (1995, bls. 13–15) féll að viðkomandi flokkum, sem ég hef valið að kalla orðræðutegundir. Ég skrifaði síðan lýsingar á hverri orðræðutegund fyrir sig á hverju tímabili. Ég komst að því, eins og fram kom hjá Wolcott, að þessi vinna tók drjúgan tíma.

Eftir þetta voru orðræðutegundirnar skoðaðar með tilliti til þeirra hugtaka sem ég gerði grein fyrir í kaflanum um orðræðu. Hugtökin voru greind og sett saman við orðræðutegundir í krosstöflu til að greina þrástef orðræðunnar. Einkenni hverrar orðræðutegundar voru athuguð fyrir sig og rýnt í hvað sameinaði þær, þá voru þrástefin skoðuð nánar og greint hvaða mótsagnir tækjust á í orðræðunni. Ég lagði áherslu á að athuga hvað kom fram um aðstæður barna og um áhrif ofbeldis á börn. Jafnframt var leitast við að finna þagnir. Ég ígrundaði einnig hvernig niðurstöðurnar samræmdust kenningum um börn og bernskuna sem ræddar voru í fræðilegri umgjörð ritgerðarinnar og hvaða sýn á börn væri ríkjandi í orðræðunni. Um er að ræða greiningar- og túlkunarhluta skilgreiningar Wolcotts en hluti greiningar og túlkunar fór fram jafnóðum og gögnin voru greind og þeim lýst. Einnig var litið sérstaklega yfir þau með greiningu og túlkun í huga. Á þessu stigi rannsóknarvinnunnar ákváðum við, ég og leiðbeinandi minn, að ljúka fyrst greiningu og túlkun niðurstaðna á þriðja tímabili gagnasafnsins, það er frá 1. mars til 30. júní 2008. Þær niðurstöður birtast í bók sem gefin verður út um heildarrannsóknina *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*. Túlkun niðurstaðna heildargagnasafnsins var síðan unnin með hliðsjón af þessum afmarkaða hluta gagnanna ásamt því að niðurstöður og umræða var fullunnin. Silverman (2005) telur það góð vinnubrögð í eiginlegri rannsóknarvinnu að hefja greiningu gagna strax og þeirra hefur verið aflað. Hann bendir jafnframt á að með því að fullvinna afmarkaðan hluta heildargagnanna sé auðveldara að fókusera á hárfín atriði í gögnunum sem annars gætu týnst í stóra samhenginu (Silverman, 2005, bls. 152).

Í næsta kafla ræði ég siðfræðileg álitamál.

### **3.5 Siðfræðileg álitamál**

Heildarrannsóknin *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* hefur leyfi Persónuverndar. Í rannsókn minni vann ég með gögn sem birst höfðu á prenti í dagblöðum og tímariti. Slík gögn eru skrifuð með siðareglur blaðamanna að leiðarljósi og falla ekki undir lög um persónuvernd.

Þó að gögnin séu opinber og teljist ekki persónugreinanleg eru þau augljóslega viðkvæm fyrir þá einstaklinga sem þau fjalla um í litlu samfélagi eins og á Íslandi þar sem tengsl manna eru nán og hef ég gætt þess að umgangast þau af virðingu. McCulloch (2004) bendir á að persónulegar og almennar víddir samfélagsins skarist oft í rannsóknum sem studdar eru rituðum heimildum, bæði í sagnfræðirannsóknum, félagsfræðilegum rannsóknum eða menntunarrannsóknum (McCulloch, 2004, bls. 48–51).

Fylgja þarf grundvallarreglum um siðfræði rannsókna í öllum rannsóknum. Nokkurt sammæli er um að fjórar höfuðreglur liggi til grundvallar, en þær eru kenndar við sjálfræði, skaðleysi, velgjörðir og réttlæti (Alderson og Morrow, 2004, bls. 28-29, Sigurður Kristinnsson, 2003, bls. 163).

Ég lagði mig fram um að umgangast rannsóknargögnin af virðingu á öllum stigum rannsóknarinnar með því að sleppa ekki úr eða draga sérstaklega fram þætti í gögnunum sem hentuðu skoðunum mínum eða fordómum gagnvart rannsóknarefninu. Ég gætti þess að skaða ekki á neinn hátt þá einstaklinga eða hópa fólks sem fjallað er um í rannsóknargögnunum og á það við um alla þætti rannsóknarinnar frá undirbúningi til framsetningar niðurstaðna. Það er von mín að niðurstöður rannsóknar minnar verði til gagns og stuðli að vandaðri, réttlátri og virðingarfullri umræðu um börn þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum. Ég reyndi að gæta réttlætis með því að velja gögn í prentmiðlunum í samræmi við markmið rannsóknarinnar, við úrvinnslu gagnanna og í skrifum um niðurstöðurnar. Ég reyndi einnig að gæta þess að aðferðirnar væru réttar og réttlátar.

Í rýnihópaviðtölunum, sem ég greini frá í næsta kafla, fylgdi ég viðurkenndum siðfræðireglum. Þátttaka barna og unglinga í rannsóknum er háð ýmsum skilyrðum og gæta þarf ýtrustu varkárni til að þátttaka barnanna hafi ekki neikvæðar afleiðingar á líf þeirra, hvorki þegar rannsóknin er gerð né heldur þegar fram líða stundir. Fyllsta trúnaðar og nafnleyndar var gætt gagnvart þátttakendum í rýnihópunum. Nöfnum þátttakenda og skóla var breytt, upptökum viðtala verður eytt að lokinni rannsókn og ég hef leitast við að haga skrifum mínum þannig að upplýsingar séu ekki rekjanlegar. Ég ræddi við þátttakendur rýnihópanna um mikilvægi þess að sýna hvert öðru virðingu og trúnað og mæltist til þess við þau að virða slíkt innan hópanna. Leyfis var aflað bæði í skóla og hjá foreldrum og börnum.

## 4 Forathugun

### 4.1 Inngangur

Í öllum hlutum heildarrannsóknarinnar *Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum* er leitað til barna og unglunga um þekkingu og skilning á ofbeldi á heimilum. Ég byrjaði á forathugun og tók hópviðtöl (rýnihópa) við unglunga. Ég spurði þau um viðhorf þeirra til þess hvort athygli væri beint að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað væri um ofbeldi á heimilum í dagblöðum og tímaritum og hvernig þau teldu þá athygli vera.

Forathugunin miðaði að því að vekja hugmyndir um rannsóknina og að ég sem rannsakandi öðlist betri skilning á viðhorfum unglunga til viðfangsefnisins.

### 4.2 Gildi verkefnisins

Það er mikilvægt fyrir verkefnið að leggja mig fram um að hafa skilning á því hvernig umfjöllun um ofbeldi á heimilum horfir við börnum og unglungum. Unglingar eru hluti af því félagslega samhengi sem mótar orðræðuna og taka virkan þátt í henni.

Gildi rýnihópaviðtalanna felst einnig í því að athuga hvort þau auki við fjölbreytni niðurstaðna eða bæti við upplýsingum.

### 4.3 Rýnihópar

Rýnihópar eða hópviðtöl heyra undir eigindlegar rannsóknaraðferðir, sem notaðar eru til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks gagnvart ákveðnu viðfangsefni rannsóknar. Umræða í rýnihópum er ólík þeirri sem fram fer í öðrum samræðuhópum að því leyti að markmið hennar er ekki að sækjast eftir sameiginlegu álitni hópsins eða samþykki hans. Tilgangurinn er hins vegar að athuga mismunandi viðhorf og reynslu. Þetta er leið til að hlusta á fólk ræða saman og læra af því (Sóley Bender, 2003, bls. 85).

France, Bendelow og Williams (2002) telja rýnihópa góða leið til að fá fram viðhorf hóps til ákveðinna viðfangsefna, en þau notuðu rýnihópa barna í rannsókn sinni *A “risky” business: researching the health beliefs of children and young people*. Rýnihópar eru einnig taldir góð aðferð til

að öðlast dýpri skilning á félagslegum fyrirbærum (France, Bendelow og Williams, 2002, bls. 156).

Mikilvægi rýnihópa felst í samskiptum viðmælendanna sín á milli í viðtalinu en síður í því að samskiptin fari fram og tilbaka milli spyrjanda og viðmælenda. Þátttakendur í rýnihópum eru valdir saman með sérstöku tilliti til viðfangsefnisins og gögnin spretta úr samskiptum viðmælendanna sín á milli. France, Bendelow og Williams (2002) benda á nokkur atriði sem huga þarf að þegar rýnihópaviðtöl eru tekin. Mikilvægt er að huga að fjölda rýnihópa, þeir þurfa að vera fleiri en einn. Fjöldi þátttakenda í hverjum rýnihópi skiptir líka máli, þau benda á að fjórir til fjórtán þátttakendur í hópi sé hæfilegur fjöldi.

Í rýnihópaviðtölunum studdist ég við viðtalsramma sem lýst er í næsta kafla.

#### **4.4 Viðtalsrammi**

Meginmarkmið hópviðtalanna var að athuga viðhorf unglunga til þess hvort athygli sé beint að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í dagblöðum og tímaritum og hvernig þau teldu þá athygli vera. Í hópviðtölunum studdist ég við eftirfarandi viðtalsramma:

Virðist ykkur dagblöð og tímarit fjalla um ofbeldi á heimilum?

Hvað virðist ykkur helst vera fjallað um í dagblöðum og tímaritum þegar skrifað er um ofbeldi á heimilum?

Hvernig virðist ykkur vera fjallað um ofbeldi á heimilum í dagblöðum og tímaritum?

Er fjallað um börn og unglunga?

Skiptir máli hvernig dagblöð og tímarit skrifa um börn þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum?

Hvað finnst ykkur um umfjöllun dagblaða og tímarita um ofbeldi á heimilum?

Geta dagblöð og tímarit haft áhrif á stöðu barna sem lifa við ofbeldi á heimili sínu? Hvaða? Hvernig?

Hvernig finnst ykkur að blaðamenn og blaðakonur ættu að fjalla um ofbeldi á heimilum þegar skrifað er um það?

Gætuð þið gefið blaðamönnum og blaðakonum ábendingar eða ráð um hvernig væri gott að fjalla um börn þegar skrifað er um ofbeldi á heimilum? Hvað mynduð þið segja?

## 4.5 Úrtak og þátttakendur

Ég notaði markmiðsúrtak (e. purposive sampling) þar sem valdir voru þátttakendur sem uppfylltu ákveðin skilyrði sem ég vildi að væru til staðar. Ég notaði markmiðsúrtak við val á grunnskóla og þátttakendum í rýnihópana.

France, Bendelow og Williams (2002) telja úrtakið skipta miklu varðandi góðan árangur í rýnihópi. Þau benda á mikilvægi þess að tryggja að þátttakendur hafi eitthvað að segja um viðfangsefni rýnihópaviðtalsins með því að velja þátttakendur sem tengjast viðfangsefninu á einhvern hátt eða þekkja til þess. Ég valdi að tala við 14–16 ára unglinga eða elstu aldurshópa grunnskólans. Ég tel að þau hafi hvað mestan þroska, á því aldursbili sem rannsóknin spannar, til að tjá viðhorf sín í hópviðtali um viðkvæm málefni.

Þegar þátttakendurnir voru í 7. bekk tóku þau þátt í verkefninu *Dagblöð í skólum* og höfðu því hugsanlega veitt þessu efni meiri athygli en aðrir. Verkefnið miðar að því að nota dagblöð sem kennslufni. Meginmarkmiðið er að stuðla að virkum og vel upplýstum lesendum sem geta tekið þátt í samfélagslegum umræðum á gagnrýninn hátt. Í verkefninu er stefnt að því að nemendur læri að lesa blöðin og notfæri sér þau til fræðslu og skemmtunar. Einnig er lögð áhersla á að nemendur átti sig á uppbyggingu dagblaðs, til dæmis hvernig ferlið frá atburði til fréttar er og að nemendur fái tækifæri til að kynna útgáfufæri blaða. Nemendur eiga einnig að fá tækifæri til að skrifa og lesa mismunandi textagerðir til að þeir átti sig á að stílbrigði texta geti verið margvísleg (*Dagblöð í skólum*, 2008).

Ég tók viðtöl við tvo rýnihópa, strákahóp og stelpuhóp, fimm stráka og fjórar stelpur. Vegna þess að viðfangsefnið er viðkvæmt taldi ég betra að hafa kynin aðskilin í hópum.

## 4.6 Tilhögun

Ég ákvað að óska eftir samstarfi við heildstæðan grunnskóla á Reykjavíkursvæðinu, þar sem skólahverfi er félagslega fjölbreytt. Að tillögu leiðbeinanda míns, leitaði ég til skóla sem hafði tekið þátt í spurningakönnun rannsóknarinnar. Ég tel að það geti aukið á dýpt í umræðum rýni-

hópanna að einhver kynning hafi farið fram í viðkomandi skólasamfélagi, t.d. meðal skólastjórna og kennara, í foreldra- og nemendahópnum.

Ég fékk skriflegt samþykki skólastjóra viðkomandi skóla og fór fram á það að hann ráðlegði mér við val á nemendum sem hugsanlega myndu samþykkja þátttöku í rýnihópum, með samþykki foreldra sinna (sjá viðauka 1).

Ég útbjó bæklinga til kynningar á verkefninu og til samþykktar á þátttöku, bæði til nemenda (sjá viðauka 2) og foreldra (sjá viðauka 3). Ég hafði samráð við skólastjóra um að dreifa þessum bæklingum.

Þátttakendur voru 9 á aldrinum 14–16 ára, í 9. og 10. bekk og þau þekktust. Khadka o.fl. unnu með börnum í rýnihópum í rannsókn sinni. Þau komust að þeirri niðurstöðu að ef börn voru á ólíkum aldri saman í rýnihóp væri tilhneiging til að þau eldri tækju yfir umræðuna, einnig virtust börnin tjá sig á afslappaðri hátt þegar þau voru með vinum en ókunnnum í hópi (Khadka, Woodhouse, Margrain, Ryan og Davies, 2008).

Hvor rýnihópsfundur tók 40–60 mínútur. Sú tímalengd er algeng í grunnskólastarfi og viðtölin fóru fram í grunnskóla þátttakendanna. Ég hljóðritaði umræðurnar og afritaði strax að þeim loknum. Ég greindi ekki gögnin á aðferðafræðilegan hátt en tók saman minnisblöð sem ég geri grein fyrir í næsta kafla.

Tveir fullorðnir héldu utan um rýnihópana, annar var stjórnandi sem kynnti viðfangsefnið og leiddi umræðurnar, hinn var athugandi sem skráði það sem ekki heyrðist og sá um upptökutækin. Bæði stjórnandi og athugandi kynntu sig og skýrðu hlutverk sín. Athugandi tók þátt í umræðunum þegar hún/hann mat það svo að það væri umræðunni til framdráttar eða verndandi fyrir þátttakendur t.d. að taka eftir merkjum um að þeir vildu hætta þátttöku. Í hópviðtali með stelpum var aðstoðarmaður minn kona og í hópviðtali með strákuðum var aðstoðarmaður minn karl, en með því móti vonaðist ég til að vekja traust og trúverðugleika í hópnum.

Ég var stjórnandi og notaði bæði gögn frá börnum og fullorðnum í umræðurnar.

Ég valdi myndir sem þátttakendur í spurningakönnun rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* höfðu teiknað, en í lok hennar gafst þátttakendunum kostur á að tjá sig í orðum eða mynd. Ég gætti þess að myndirnar væru ekki frá sama skóla og rýnihópaviðtölin fóru fram í. Ég sagði þeim frá tilurð myndanna og hvatti þau til að ræða um þær. Myndirnar virkuðu sem „ísbrjótur“ og einnig sem upphaf að umræðum

um rannsóknarspurningarnar. Ég notaði einnig texta og myndir úr Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sem fjölluðu um ofbeldi á heimilum og þátttakendurnir ræddu þá út frá spurningunum fyrir rýnihópana sem lýst var áður. Ég valdi dagblaðatexta frá árinu 2007 sem er ekki sami tími og þegar safnað var til orðræðugreiningar.

## 4.7 Hvað sögðu unglíngarnir í rýnihópaviðtölum

Ég hlustaði oft á upptökurnar af rýnihópaviðtölunum og las það sem ég hafði afritað á meðan á greiningar- og túlkunarferli rannsóknarinnar stóð. Eins og fram hefur komið greindi ég hvorki viðtölin né tók saman niðurstöður þeirra. Það eru mörg atriði sem mér finnast athyglisverð í umræðum unglínganna og hafa aukið skilning minn á því hvernig umfjöllun um ofbeldi á heimilum horfir við unglíngum. Ég tel að þau hafi aukið við fjölbreytni niðurstaðna minna. Hér geri ég stuttlega grein fyrir því helsta.

Öll sögðust unglíngarnir lesa dagblöð, en þó mismikið. Eftir að hafa þegið boð um að taka þátt í rýnihópaviðtali fóru þau að skoða málefnið betur í dagblöðum og tímaritum. Öll nema einn tjáðu að þau hefðu tekið eftir því að skrifað er um ofbeldi á heimilum í dagblöð og tímarit, þó það væri ekki mikið. Þau sögðust einnig hafa séð fréttir um ofbeldi á heimilum í sjónvarpi. Í stelpuhópnum höfðu unglíngarnir álit á því að dagblöðin væru misáreiðanleg og sögðu að Fréttablaðið og Morgunblaðið væru áreiðanleg dagblöð en alls ekki DV.

Í báðum hópunum kom fram að þau töldu meira fjallað um fullorðna og börn en minna um unglínga þegar skrifað er um ofbeldi á heimilum.

Fernt vakti mig sérstaklega til umhugsunar eftir úrvinnslu rýnihópa- viðtalanna.

Bæði strákarnir og stelpurnar telja að dagblöð og tímarit hafi áhrif á umræðu um ofbeldi á heimilum og að blaðamenn beri mikla ábyrgð á því hvernig fjallað er um efnið. Það kom skýrt fram í báðum viðtölunum að blaðamenn ættu að útskýra að heimilisofbeldi væri ekki eðlilegt og venjulegt (orðalag unglínganna, aths höf.), svo að krakkar sem búa við ofbeldi á heimilum sínum héldu ekki að þetta væri svona hjá öllum.

Í umræðum strákanna kom fram það viðhorf að dagblöð/fjölmiðlar virtust verja gerendur heimilisofbeldis með því að fjalla um það eins og hvert annað ofbeldi, slagsmál eða skemmdarverk í lögreglufréttum. Blaðamenn ættu að fjalla meira um afleiðingar ofbeldisins fyrir fjölskyldurnar og aðra í kring.



Í báðum viðtölunum ræddu unglingarnir um að nauðsynlegt væri að fjalla meira um ofbeldi á heimilum vegna þess að þá færu kannski fleiri að segja frá sinni reynslu, eins og þau sögðu.

Strákarnir og stelpurnar lögðu mikla áherslu á það í umræðum sínum að alltaf ætti að láta vita hvar hægt væri að fá hjálp þegar skrifað væri um ofbeldi á heimilum í dagblöð og tímarit, til dæmis með því að gefa upp símanúmer

## 5 Niðurstöður og umræður

Markmiði rannsóknar minnar var lýst í fyrsta kafla ritgerðarinnar. Í þessum kafla geri ég grein fyrir helstu niðurstöðum og ræði þær. Fyrst greini ég frá því hvort athygli beindist að börnum og aðstæðum þeirra og legg áherslu á aldur, kyn, uppruna og daglegt umhverfi barna. Næst tek ég saman niðurstöður um hvernig athygli beindist að börnum og að hvaða marki var fjallað um börn. Í því skyni geri ég grein fyrir hvaða birtingarform ofbeldis gegn börnum greindust og fjalla um áhrif ofbeldis á börn. Að því loknu geri ég grein fyrir þrenns konar orðræðu sem greindist í textunum, en þær vel ég að nefna stofnanaorðræðu, fræðsluorðræðu og reynsluorðræðu. Þegar orðræða er krufin er nauðsynlegt að greina þögn, það hef ég lagt mig fram um að gera og fjalla um þögn í niðurstöðum mínum. Í lok kaflans tek ég saman niðurstöður um sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum.

Til að gefa heildarmynd af því gagnasafni sem liggur til grundvallar rannsókninni byrja ég á að gefa yfirlit yfir stærð þess. Ég tek einnig saman hve oft var minnst á börn á hverju söfnunartímabili fyrir sig og hve oft var fjallað um áhrif ofbeldis á börn og fjallar næsti kafli um það.

### 5.1 Lýsing á gagnasafni

Rannsóknargögnum var safnað úr þremur dagblöðum og einu tímariti, en þau voru Morgunblaðið, Fréttablaðið, DV og Tímaritið Mannlíf.

Gagnasafnið skiptist í þrjú jafnlöng tímabil. Fyrsta tímabilið er frá 1. september til 31. desember 2005, hið næsta var frá 1. mars til 30. júní 2006 og hið síðasta tímabilið frá 1. janúar til 30. apríl 2008. Alls var safnað 290 greinum með 162.490 orðum. Hér mun ég lýsa tímabilunum þremur.

Tímabil 2005 er elsta söfnunartímabil gagnanna og jafnframt það stærsta, bæði í greinum talið og í orðafjölda en það telur 86.249 orð. Það er tímabilið frá 1. september til 31. desember 2005. Á þessu tímabili var safnað 135 greinum. Tafla 1 sýnir hve margar greinar birtust í hverjum prentmiðli fyrir sig og orðafjölda þeirra

Í töflu 1 sést að í gagnasafni ársins 2005 voru alls 135 blaðagreinar með 86.249 orðum. Langflestar greinar birtust í DV og í Morgunblaðinu, eða 58 og 55. Orðafjöldi er mestur í Morgunblaðinu, 40.802 orð, og næst mestur í DV eða 37.660 orð. Á því sést að blaðagreinarnar eru mismilangar.

Í Fréttablaðinu voru greinarnar mun færri, eða 22, og orðafjöldi þeirra var 7.787 orð. Engin grein birtist í tímaritinu Mannlíf á þessu fyrsta tímabili.

**Tafla 1. Gagnasafn 2005. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjölda.**

Prentmiðill	Fjöldi greina	Orðafjöldi
DV	58	37.660
Fréttablaðið	22	7.787
Mannlíf	0	0
Morgunblaðið	55	40.802
Samtals	135	86.249

Af þeim 135 blaðagreinum sem gagnasafn ársins 2005 tók yfir var minnst á börn eða fjallað um þau í 108 greinum, sem er 80% greinanna. Í 20 % greina voru börn/barn alls ekki nefnd. Í 19 greinum var fjallað um áhrif ofbeldis á börn eða í 17,5% þeirra greina þar sem minnst var á börn.

Það sem einkennir tímabil 2005 var umfjöllun um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum sem varð í kjölfar þess að í október 2005 kom út bókin Myndin af pabba Saga Thelmu (Gerður Kristný, 2005). Þar segir Gerður Kristný rithöfundur sögu Thelmu Ásdísardóttur og systra hennar fjögurra, sem ólust upp í Hafnarfirði á sjöunda og áttunda áratug aldarinnar sem leið. Þær urðu fyrir grimmilegu kynferðislegu ofbeldi jafnt sem líkamlegu og andlegu af hendi föður síns og annarra barnaníðinga um árabíl. Tæplega fjórðungur greina í DV fjallaði um þetta einstaka mál eða 14 greinar. Í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu birtust 5 greinar um það. Saga Thelmu Ásdísardóttur vakti mikla umræðu um ofbeldi gegn börnum og væri áhugavert að rannsaka hvort sú saga hafi leitt til valddreifingar í orðræðunni (e. democratization of discourse) um ofbeldi gegn börnum. Þegar umræða um málefni sem að mestu liggur í þagnargildi verður almenn, til dæmis í fjölmiðlum og almenningur nær tökum á henni dregur úr áhrifavaldi umræðuefnisins og þögnin sem viðheldur valdinu er rofin (Fairclough, 1998, bls. 12).

Á söfnunartímabili 2005 birti DV 13 greinar eða fréttir af barnaníðingum. Einkenni þeirra fréttar var að ofbeldismenn voru alltaf nafngreindir og gjarnan voru birtar myndir af þeim. Á tímabili 2006 birti DV fimm fréttir af nafngreindum barnaníðingum og enga á tímabili 2008.

Til samanburðar má geta þess að það birtust engar greinar um nafngreinda barnaníðinga í hinum prentmiðlunum í gagnasafninu.

Endurskoðun laga um heimilisofbeldi var í umræðunni árið 2005 og birtust nokkrar greinar um það málefni í prentmiðlunum sem úrtakið nær yfir. Þar sagði frá því að dómsmálaráðherra mælti fyrir frumvarpi þar sem meðal annars var lögfest í almennum hegningarlögum sérstök refsíþyngingarástæða þegar um heimilisofbeldi væri að ræða. Einnig var greint frá aðgerðaráætlun sem félagsmálaráðherra hrinti af stað gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi á Íslandi.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hér á landi var einnig áberandi í umræðunni á þessu tímabili. Á þriðja tug samtaka og stofnana stóðu að átakanu og birtust tólf greinar í tilefni átaksins á tímabili 2005. Ársskýrslur félagasamtakanna Stígamóta og Samtaka um kvennaathvarf birtast venjulega á þessum árstíma og var umfjöllun um þær hluti af gagnasafni 2005.

Söfnunartímabil 2006 nær, eins og áður sagði frá 1. mars til 31. júní 2006. Þá var safnað 61 grein um ofbeldi á heimilum og telst það vera það tímabil sem minnst safnaðist, bæði í greinum talið og orðum. Tafla 2 sýnir dreifingu greina eftir prentmiðlum á söfnunartímabili 2006.

**Tafla 2. Gagnasafn 2006. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjöldi.**

Prentmiðill	Fjöldi greina	Orðafjöldi
DV	15	10.158
Fréttablaðið	18	7.745
Mannlíf	1	1.637
Morgunblaðið	27	14.073
Samtals	61	33.613

Tafla 2 sýnir að í gagnasafn ársins 2006 var safnað alls 61 blaðagrein með 33.613 orðum. Flestar greinar birtust í Morgunblaðinu, 27 greinar eða samtals 14.073 orð. Álíka margar greinar birtust í Fréttablaðinu og DV, eða 18 og 15 með alls 10.158 og 7.745 orðum. Ein grein birtist í tímaritinu Mannlífi með 1.637 orðum.

Í 52 greinum af þeim 61 sem var safnað á tímabili 2006 var minnst á börn, sem er 85% greinanna. Í rúmlega fjórðungi þeirra, 28%, var fjallað um áhrif ofbeldis á börn eða í 15 blaðagreinum.

Það er einkennandi fyrir tímabil 2006 hve fáar greinar voru skrifaðar um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum. Það sem vekur athygli mína á þessu tímabili er að fimm rannsóknir um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum voru kynntar. Það eru jafn margar kynningar á rannsóknum og á tímabili 2005, þó að gagnasafn þess tímabils sé rúmlega helmingi stærra en gagnasafn tímabilsins 2006.

Umræða um herta löggjöf um kynferðisbrot, sérstaklega gegn börnum, var nokkuð áberandi, sömuleiðis um bættan hag barna sem beitt eru ofbeldi. Þá var einnig umræða um að fræða öll börn um ofbeldi og krafan um að rjúfa þögnina um ofbeldi á heimilum sett í öndvegi.

Tímabil 2008 nær eins og áður sagði frá 1. janúar til 30 apríl. Þá var safnað alls 103 greinum með 42.628 orðum. Ákveðið var að 9 greinar yrðu ekki með í gagnasafni 2008. Ástæðan er sú að í lok tímabilsins, eða 29. apríl 2008, hófst fréttaflutningur af ofbeldismáli í Austurríki sem kallað hefur verið Fritzl-málið eða Amstetten-málið og fjallaði um föður sem hélt dóttur sinni fanginni í læstum kjallara í húsi fjölskyldunnar. Meginfréttaflutningur af þessu máli hélt síðan áfram eftir að söfnunartímabilinu lauk. Í gagnasafninu eru því 94 greinar sem fjalla um ofbeldi á heimilum. Tafla 3 sýnir dreifingu greina eftir prentmiðlum á tímabili 2008 og orðafjölda þeirra.

**Tafla 3. Gagnasafn 2008. Dreifing greina eftir prentmiðlum og orðafjöldi.**

Prentmiðill	Fjöldi greina	Orðafjöldi
DV	4	4.814
Fréttablaðið	36	12.839
Mannlíf	1	5.206
Morgunblaðið	53	19.769
Samtals	94	42.628

Í töflu 3 kemur fram að í gagnasafni ársins 2008 voru 94 blaðgreinar með 42.628 orðum. Árið 2008 birtust flestar greinar í Morgunblaðinu, eða 53 með 19.769 orðum. 36 greinar birtust í Fréttablaðinu með 12.839 orðum. Í DV birtust mjög fáar greinar á tímabili 2008, eða 4 greinar með 4.814 orðum. Ein grein birtist í Mannlífi með 5.206 orðum.

Í 75 greinum af þeim 94 sem birtust árið 2008 var minnst á börn eða fjallað um börn, sem er 80% greinanna, sem þýðir að í 20% greina voru

börn/barn alls ekki nefnd. Í 29 blaðagreinum af þeim 75 þar sem börn voru nefnd var fjallað um áhrif ofbeldis á börn, en það eru 38% þeirra.

Breiðavíkurmálið svokallaða bar einna hæst í umræðu um ofbeldi gegn börnum á þessu tímabili, en þann 22. febrúar 2008 kom út skýrsla forsætisráðuneytisins um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952–1979. Nokkur viðtöl við sérfræðinga á sviði sálfræði, félagsfræði og barnaverndar komu til umfjöllunar, auk þess sem fréttir af gengnum dómum voru áberandi á tímabili 2008. Það sem vakti einna helst athygli mína var kynning á samstarfi Neyðarlínunnar–112 og allra barnaverndarnefnda landsins, sem staðið hefur síðan 2004. Sá kostur að hringja í eitt númer fyrir allar barnaverndarnefndir landsins auðveldar börnunum sjálfum og einstaklingum að koma upplýsingum til barnaverndarnefnda.

„Fjölmiðlar eiga ekki að vera allir steyptir í sama mót – þeir eiga að vera ólíkir og sem betur fer gildir það um íslenska fjölmiðla“ (Sveinn Helgason, 2005, bls. 15). Það var misjafnt hvað prentmiðlarnir, sem hér voru til athugunar, lögðu áherslu á í umfjöllun sinni um ofbeldi á heimilum. DV og Mannlíf lögðu megináherslu á einstaklinginn, glæpinn og lífsreynsluna með því til dæmis að birta viðtöl við konur sem búið hafa við ofbeldi á heimilum sínum eða með því að segja fréttir af gerendum ofbeldis og skýra frá persónulegum símtölum blaðamanna við þá. Myndir af einstaklingum og nafnbirtingar voru algengar í DV og Mannlífi. DV má flokka undir hina svokölluðu Gulu pressu „... sem einkennist af æsifréttamennsku og stórum fyrirsögnum og varð til í New York á síðustu árum 19. aldar og var ávöxtur mikillar samkeppni blaða“ (Hildigunnur Ólafsdóttir, 2005, bls. 19). Hildigunnur Ólafsdóttir bendir á að helsta uppistaðan í frétttaflutningi Gulu pressunnar séu morð og aðrir glæpir ásamt persónulegum harmleikjum og öðrum dramatískum atburðum sem jafnvel hafi skemmtanagildi sem afþreyingarefni tengt lögreglu og afbrotum (Hildigunnur Ólafsdóttir, 2005, bls. 18). Á hinum pólnum voru Morgunblaðið og Fréttablaðið sem lögðu áherslu á að fjalla um ofbeldi á heimilum sem málefni eða viðfangsefni sem á sér samfélagslega tengingu. Í þeim prentmiðlum voru birtar kynningar á rannsóknum um efnið, kynningar á starfsemi félagasamtaka sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi á heimilum og gefnar voru upplýsingar um framgang stjórnvalda við undirbúning lagasetninga og aðgerðaáætlunar gegn kynbundnu ofbeldi. Í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu voru fréttir af dómsmálum og lögreglumálum einnig

áberandi. Þessi pólun var ekki algild þó að meginrættirnir hafi verið einstaklingsmiðun annars vegar og samfélagsmiðun hins vegar.

Það er ljóst að umfjöllun um ofbeldi á heimilum var mismikil eftir þeim söfnunartímabilum sem rannsókn mín tekur yfir. Söfnunartímabilið á árinu 2005 var efnismest, á árinu 2006 var það efnisrýrast og á árinu 2008 safnaðist um það bil helmingur þess sem safnaðist árið 2005, í orðum talið. Með því að gefa yfirlit yfir stærð gagnasafnsins er einnig hægt að sjá að blaðagreinar eru mislangar. Eins og greint var frá í kaflanum um úrtak bendir Howe (1997) á að umfjöllun um ofbeldi á heimilum í daglögum og tímaritum getur verið mikil á vissum tímabilum þegar tilefni gefa til og engin á öðrum (Howe, 1997, bls. 59–75). Við val á ólíkum tímabilum og prentmiðlum var reynt að gefa dæmi um almenna umfjöllun á viðfangsefninu.

Umfjöllun um áhrif ofbeldis á börn jókst frá einu söfnunartímabili til annars. Á tímabili ársins 2005 var fjallað um áhrif ofbeldis í 17,5% þeirra greina þar sem minnst var á börn eða um þau fjallað. Á tímabili 2006 jókst þessi tala í 28% og á tímabili 2008 var fjallað um áhrif ofbeldis á börn í 38% greina þar sem barna var getið eða um þau fjallað. Bergström og Boréus (2000, bls. 226) benda á að orðræðugreining geti hentað vel til að greina breytingar yfir tímabil. Niðurstöður um áhrif ofbeldis á börn verða til umfjöllunar í sérstökum kafla.

Nú hef ég gefið yfirsýn yfir stærð gagnasafnsins og helstu einkenni hvers söfnunartímabils fyrir sig. Niðurstöður mínar um sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum, sem ég kynni hér í framhaldinu, byggja á heildargagnasafninu sem telur 290 blaðagreinar og 162.490 orð. Næst geri ég grein fyrir niðurstöðum um aðstæður barna.

## **5.2 Aðstæður barna**

Ég athugaði hvort athygli væri beint að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum og með því er átt við hvað kemur fram um aldur, kyn, uppruna og daglegt umhverfi þeirra.

Aldur barna var sjaldan nefndur í textunum eða í um það bil þriðjungi þeirra tilvika sem barna var getið. Ýmist var getið um ákveðið aldursár og voru aldursárin 8, 10, 11 og 15 ára oftast nefnd eða ákveðið aldursbil og var 10–12 ára oftast nefnt. Aldri barna er því veitt lítil athygli í greinunum.

Kyn barna var tilgreint í 132 greinum af þeim 235 sem hugtakið barn/börn kom fyrir eða í 56% þeirra. Stúlkur voru nefndar í 75% greina

eða í 99 greinum og er það mun oftast en drengir, sem voru nefndir í 25% þeirra eða í 33 greinum. Í nokkrum greinum voru bæði stúlkur og drengir nefndir í sömu grein, í þeim tilfellum taldi ég bæði kynin. Athygli beindist eins og sjá má hlutfallslega mun oftast að stúlkum en drengjum í gagnasafninu.

Í gagnasafninu var afar sjaldan getið um uppruna eða þjóðerni barna. Alls voru það níu greinar. Í fréttum um lögreglumál voru sex dæmi, sem öll voru fréttir af erlendum lögreglumálum og voru flest grunsemdir um kynferðislega misnotkun. Eitt dæmi sagði frá því að íslenskur karlmaður hefði verið kærður í Bretlandi fyrir að nauðga 15 ára breskri stúlku. Ein frétt var af samstarfi lögregluvalda í Evrópu, sem komu upp um glæpahring þar sem börn níu ára og eldri voru keypt eða leigð af fátækum fjölskyldum í Búlgaríu. Ein grein var um skýrslu erkibiskups rómversk-kaþólsku kirkjunnar í Dublin á Írlandi, en þar sagði meðal annars að 102 prestar væru grunaðir um að hafa misþyrmt að minnsta kosti 350 börnum kynferðislega eða níðst á þeim með öðrum hætti.

Í grein um ofbeldi í unglingsamböndum voru tekin tvö dæmi, annað úr bandarískum veruleika og hitt úr íslenskum. Eftirfarandi dæmi er úr íslenskum veruleika:

Þetta er saga 15 ára stúlku sem hóf samband við jafnaldrasinn. Í byrjun lék allt í lyndi. Strákurinn var skemmtilegur og vinsæll í skólanum og því var ákveðin upphefð í að vera með honum ... Hann einangraði hana með því að spilla venskap á milli hennar og vinkvenna hennar. Hann hringdi í þær og bar í þær lygar ... Hún var hrædd við reiði hans og viðbrögð. Hrædd um að hann myndi leggja á hana hendur. Snúa upp á húðina á brjóstunum á henni og klípa. Hann var mjög afbrýðisamur. (Mbl. 20.02.08).<sup>2</sup>

Á ráðstefnu sem nokkrir aðilar stóðu að, um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur og afbrot undir yfirskriftinni „Er hinn grunaði útlendingur?“, hélt Rúnar Pálmason blaðamaður erindið *Sjónarhorn*

---

<sup>2</sup> Vitnað verður í eftirfarandi skammstafanir prentmiðlanna: Morgunblaðið: Mbl. Fréttablaðið: Fbl. DV: DV. Mannlíf: Mannlíf. Í dagsetningum er mánaðardagur skráður fyrst, þá mánuður og ártal.



*blaðamannsins*.<sup>3</sup> Þar benti hann á að fréttir af heimilisofbeldi væru oft „löggufréttir“ og í skrifum þeirra væri þjóðernis ekki getið nema það hefði sérstakt upplýsingagildi fyrir fréttina (Rúnar Pálmason, 2008). Þetta bendir til þess að prentmiðlar beini ekki athyglinni að þjóðerni eða uppruna þeirra sem fjallað er um enda ætti það alltaf að vera matsatriði eins og einmitt kom fram hjá Rúnari og getur verið umdeilanlegt.

Lítið var fjallað um daglegt umhverfi barna í textunum, en þó einna helst um heimili þeirra. Í umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum var heimili barna áberandi þegar greint var frá gengnum dómum í kynferðisbrotamálum og sífjaspellsmálum, en þeir voru eingöngu gegn stúlkum. Netíð og SMS kom einnig til umfjöllunar sem umhverfi barna þegar fjallað var um gengna dóma í kynferðisbrotamálum. Aðstæður við skýrslutöku lögreglu voru hluti af daglegu umhverfi barna sem birtist í orðræðu um börn sem beitt eru ofbeldi. Meðferðarheimili og stofnanir komu einnig fyrir í orðræðu um umhverfi barna. Kona sem búíð hafði við ofbeldi á heimili sínu sagði í viðtali að börnunum hefði verið komið fyrir á meðferðarheimili til að hlífa þeim við föður þeirra. Breiðavíkurheimilið og Kvennaathvarfið komu einnig fyrir sem dæmi um dvalarstað. Einnig var fjallað um sveitadvöl barna sem búa við óviðunandi heimilisaðstæður, svo sem ofbeldi á heimili. Á einum stað í gagnasafninu var fjallað um fjölbreytilegar aðstæður barna í nútímasamfélagi, en það var í viðtali við forstjóra Barnaverndarstofu. Dæmi:

Fjölskyldumunstrin eru að breytast afar hratt og verða flóknari og samsettari. Nýjar gerðir fjölskyldna og sambúðarforma þurfa alls ekki að vera verri fyrir börn en gamla góða kjarnafjölskyldan, ef vel tekst til. (Mbl. 27.11.05).

Fim sinnum var minnst á grunnskólann sem hluta af daglegu umhverfi barna. Í einu tilviki var greint frá því að drengur sem bjó við ofbeldi á heimili sínu hafi orðið uppvís að ofbeldisverkum í skólanum sem rakin voru til mikillar vanlíðunar. Á öðrum stað kom fram að 12 ára stúlka hafi greint skólasystkinum sínum frá því að hún hafi verið misnotuð kynferðislega af föður sínum, og í dæminu segir:

---

<sup>3</sup> Um var að ræða Alþjóðahús, Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Fjölmenningarsetur, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Blaðamannafélag Íslands og Kópavogsbæ, 14. apríl 2008.

Höfðu tveir samnemendanna tilkynnt kennara stúlkunnar þetta. Kennarinn greindi frá þessu í bréfinu ... og var málið sent Barnahúsi til frekari könnunar. (Fbl. 15.03.06).

Í öðru dæmi segir:

Þessi misnotkun stóð í tvö ár eða þangað til við fluttum í burtu. Í skólanum þótti ég erfið og uppstökk, en mér leið bara svo illa. Ég vissi að eitthvað verulega rangt var í gangi en ég gat ekki sagt neinum frá og fannst ég skítug og ógeðsleg. Þarna held ég að hafi verið lagður grunnur að sjálfsm mynd sem átti eftir að fylgja mér langt fram á fullorðinsár. (DV 22.10.05).

Í enn öðru dæmi segir:

Eftir að X hóf skólagöngu leit hún á skólann sem athvarf, fyrstu árin í það minnsta. Þegar á leið varð hún þó skotspónn skólafélaganna. (Mbl. 09.10.05).

Fimm dæmi um skólann í þessu samhengi verður að teljast lítið miðað við það vægi sem hann hefur í veruleika barna. Á einum stað kom fram hvatning frá talskonu Stígamóta um að skólastofnanir í landinu bregðist með kröftugri hætti við staðreyndum um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Dæmi:

Ég tel að það sé nauðsynlegt að koma þessum málum betur á dagskrá. Nemendur fá aðstoð hjá sérkennara ef þeim gengur illa að læra. Ef þeir meiða sig vita þeir að hjúkrunarfræðingurinn hjálpar þeim. Að sama skapi þurfa nemendur að vita að hafi þeir verið beittir ofbeldi sé líka hjálp að fá og þau þurfa að vita hvert aðstoð á að sækja. (Fbl. 09.03.06).

Það kom í ljós að lítið var fjallað um daglegt umhverfi barna og helst var fjallað um börn á þeirra eigin heimilum. Það er að hluta til sjálfgefið en vissulega þarf að staldra við þetta. Nútímaheimili eru ekki án tengsla við annað umhverfi, þvert á móti eiga börn og fullorðnir einmitt í miklum samskiptum við annað fólk og samfélagsstofnanir. Þetta er atriði sem bernskufræðingar síðari ára stöldrúðu snemma við. Má í því sambandi

nefna Qvortrup sem benti á hve lítið daglegt umhverfi barna í félagslegum skilningi hafði verið rannsakað og var því næsta ósýnilegt (Qvortrup, 1994, bls. 27–30). Kitzinger bendir á að ofbeldi gegn börnum sé viðkvæmt umfjöllunarefni sem fjölmiðlar ættu að meðhöndla af varfærni, en það virðist vekja meiri áhuga þeirra, skrifar hún, að fjalla um slík mál í æsifréttastíl með áberandi fyrirsögnum. Hún vill meina að málefni barna sem beitt eru ofbeldi á heimilum sínum vekji of litla athygli í prentmiðlum. Það er of viðkvæmt fyrir þá sem skrifa í blöð, að hugsa sér að einhver í þeirra eigin fjölskyldu eða persónulegur vinur beiti börn ofbeldi. Hún væntir þess að meira verði fjallað um ofbeldi gegn börnum í fjölmiðlum á yfirvegaðan og varfærinn hátt (Kitzinger, 2006, bls. 20).

Hugtakið barn eða börn var notað í 81% greina í gagnasafninu og oftast var það notað án þess að margbreytileikinn sem í því felst kæmi fram, svo sem aldur, kyn, félagsleg staða, efnahagur, þjóðerni og trúarbrögð. Eriksson vekur athygli á því að hingað til hafi verið lítið á hugtökin „börn“ og „bernsku“ sem sjálfgefín hugtök og jafnframt hafi lýsingar barna og túlkun þeirra á eigin stöðu ekki skipað háan sess í rannsóknum á ofbeldi sem börn búa við (Eriksson, 2007, bls. 15–16).

Niðurstöðurnar einstakra þátta sýna að aldurs er sjaldan getið og oftast er tiltekinn aldurinn 8–12 ára Stúlkur fá mun meiri athygli í greinunum en drengir og þá helst vegna kynferðisafbrotu gegn þeim. Uppruni eða þjóðerni barna er sjaldan dregið fram og kann það að mega rekja að einhverju leyti til siðrænna gilda og þess að varna mismunun. Það væri áhugavert að velja því nánar fyrir sér í ljósi þess hvort íslenskt samfélag telst fjölmenningsarsamfélag eða ekki. Í umfjöllun um daglegt umhverfi barna fær heimilið litla athygli en þó oftast en annað sem er nærtækt þar sem viðfangsefnið er að skoða ofbeldi sem þar fer fram. Netíð kemur fram sem hluti af umhverfi barna, svo og aðstæður við skýrslutöku hjá lögreglu. Einnig er nefnt meðferðarheimili, sveitadvöl og Kvennaathvarf þegar dvöl á eigin heimili verður óbærileg vegna ofbeldis. Grunnskólans þar sem börn eru langdvölum er sjaldan getið og kann það að mega rekja til efnisins, það er að kastljósinu er helst beint að ofbeldisformum, dómum og stofnunum sem um þetta fjalla.

Það er ljóst að fremur lítið fer fyrir lýsandi þáttum sem gætu gefið vísbendingar um félagslega þætti sem máli skipta fyrir aðstæður barnanna. Í því sambandi má nefna að Pringle (2007) telur að þættir svo sem kyn, uppruni og aldur og áhrif af samþættingu þeirra fyrir börn séu

almennt sniðgengin og það geti bent til þess að börnin sjálf veki ekki mikla athygli sem einstaklingar heldur séu þau frekar viðfangsefni (Pringle, 2007, bls. 250–253). Í gagnasafninu eru vísbendingar um þetta, börnin eru að takmörkuðu leyti í brennidepli.

### 5.3 Birtingarform ofbeldis

Til að dýpka rannsóknarspurningu mína leitaðist ég við að svara spurningunni: Hvernig beinist athyglin að börnum þegar fjallað er um ofbeldi á heimilum í prentmiðlum? Í því skyni athugaði ég hvaða birtingarform ofbeldis beindust að börnum. Ég studdist við greiningar-lykilinn sem lýst var í kaflanum um aðferð og skráði þau birtingarform ofbeldis gegn börnum sem fjallað var um. Eins og áður var getið sýndu niðurstöðurnar að í 235 af 290 greinum í gagnasafninu, eða 81%, var minnst á eða fjallað um börn. Í 19% greinanna voru börn/barn ekki nefnd.

Ofbeldisformin sem sagt var frá voru flokkuð á hefðbundinn hátt í líkamlegt ofbeldi, andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og vanrækslu. Þegar ekkert birtingarform var tilgreint var það skráð sem ofbeldi á heimili. Í töflu 4 sést hvernig birtingarform ofbeldisins flokkast í þeim 235 greinum þar sem minnst var á börn eða fjallað um börn.

**Tafla 4. Birtingarform ofbeldis í gagnasafninu, þar sem minnst var á börn.**

Tegund ofbeldis	Fjöldi greina	%
Líkamlegt ofbeldi	11	5
Andlegt ofbeldi	3	1
Kynferðislegt ofbeldi	148	63
Vanræksla	8	3
Ofbeldi á heimili	65	28
Samtals	235	100

Langoftast var fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum í gagnasafninu, eða í 148 greinum, eða 63% þeirra. Í 23 eða 28% greina þar sem barna var getið var ofbeldisform ekki skilgreint frekar og var það flokkað sem ofbeldi á heimili. Líkamlegt ofbeldi kom fyrir í 11 greinum (5%). Vanræksla var nefnd í 8 greinum (3% tilvika) og andlegt ofbeldi var nefnt í þremur greinum eða í 1% blaðgreina í gagnasafninu..

Af þessu sést að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum fékk hlutfallslega mest rými í gagnasafninu. Næstalgengast var að tiltaka ekki neitt þessara birtingarforma. Mun sjaldgæfara var að nefna eða fjalla um líkamlegt ofbeldi gegn börnum og vanrækslu. Andlegt ofbeldi var afar sjaldan nefnt. Það er athyglisvert hve kynferðislegt ofbeldi gegn börnum vekur mikla athygli en þó ekki alveg óvænt því að flestar hérlendar rannsóknir á ofbeldi gegn börnum beinast að því birtingarformi. Á hinn bóginn er varla fjallað um andlegt ofbeldi. Það kann að vera óljóst hvernig beri að skilgreina andlegt ofbeldi og það getur verið erfitt að festa fingur á það.

Flokkunin í ofbeldisform í töflu 4 er almennt notuð og viðurkennd (Lagerberg, 1998). Hafa skal hugfast að slík flokkun er einföldun þar eð þessi birtingarform skarast oft. Það er til dæmis erfitt að hugsa sér annað en að andlegt ofbeldi sé fylgifiskur einhvers hinna birtingarformanna. Einnig er vert að benda á að rannsóknir sýna að eigi ofbeldi sér stað á milli fullorðinna á heimili fer það oft saman við þessi birtingarform. Það má til dæmis nefna að vanræksla á börnum skarast við ofbeldi milli fullorðinna á heimilinu í 30–50% tilvika (Edleson, 1999, bls. 145).

## **5.4 Orðræðutegundir og áhrif ofbeldisins á börn**

Í því skyni að dýpka rannsóknarspurningu mína enn frekar um hvernig athygli beinist að börnum lagði ég áherslu á að athuga hvernig fjallað var um áhrif ofbeldisins á börn. Mikil þekking liggur fyrir um neikvæð áhrif ofbeldis á heimilum á börn og þau eru mörgum ofarlega í huga þegar vikið er að þessu efni (Källström Cater, 2004, bls. 15, Solberg, 2007, bls. 26). Ég leitaði einnig svara við því að hvaða marki fjallað væri um börn í almennri umræðu í prentmiðlum um ofbeldi á heimilum.

Fyrst geri ég grein fyrir því um hvaða flokka eða tegundir umfjöllunar var að ræða og hvaða sérkenni mátti greina í þeim. Í þessu samhengi er vísað til ólíkra tegunda orðræðu þannig að um sé að ræða ákveðna gerð málnotkunar sem tengist tiltekinni félagslegri starfsemi, eins og fjallað var um í fræðilega kaflanum (Fairclough, 1995, bls. 13–14). Tíu slíkar orðræðutegundir fundust í textunum og eru þær; Breiðavíkurmál, dómsmál, félagasamtök, leiðarar, lögreglumál, nafngreindir barnaníðingar, Saga Thelmu, sérfræðingar, stjórnvöld og viðtöl við konur sem búíð hafa við ofbeldi. Það er álitamál hvort skilgreina eigi Breiðavíkurmál, Sögu Thelmu og nafngreinda barnaníðinga sem orðræðutegundir eða sem efnisflokka vegna þess að þær sýna vissa einhæfni hvað varðar birtingartíma þeirra og/eða innihald.

Breiðavíkurmál kom eingöngu fyrir í greinum á árinu 2008. Það hefur að minnsta kosti tvær hliðar og snýr annars vegar að stjórnvöldum og hins vegar að börnum sem þar bjuggu á sínum tíma og hvort þau hefðu mátt þola ofbeldi og illa meðferð á því heimili (Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952–1979, 2007). Greinar um Sögu Thelmu komu eingöngu fyrir í greinum á árinu 2005 og voru allar skrifaðar í tilefni útgáfu bókarinnar Myndin af þabba Saga Thelmu eftir Gerði Kristnýju (Gerður Kristný, 2005). Það sem ég kalla nafngreindir barnaníðingar eru allt greinar sem birtust eingöngu í DV og fjalla um barnaníðinga sem ekki tengjast börnum fjölskylduböndum. Ákveðið var að skilgreina þessa efnisflokka sem orðræðutegundir og beina athyglinni að umfjöllun um börn í greiningu á þessu efni en markmið rannsóknarinnar er að athuga sýn á börn.

Það má segja að lágmark þess að fjallað sé um börn og áhrif ofbeldis á þau er að hugtakið sé nefnt. Tölur um slíkt segja bara hálfá söguna þar sem munur er eftir orðræðutegundum hve efnismikil umfjöllun um börn er.

Tafla 5 sýnir hvernig fjöldi greina í gagnasafninu skiptist eftir orðræðutegundum og fjölda greina þar sem börn voru nefnd eða um þau fjallað og í hve mörgum þeirra var fjallað um áhrif ofbeldis á börn.

**Tafla 5. Fjöldi greina eftir orðræðutegundum og því hvort börn eru nefnd og fjallað um áhrif ofbeldis á þau.**

Orðræðutegund	Fjöldi greina	Börn nefnd	Fjallað um áhrif ofbeldis á börn
Dómsmál	57	44	14
Félagasamtök	51	33	12
Leiðarar	12	11	3
Lögreglumál	37	29	2
Sérfræðingar	58	49	15
Stjórnvöld	17	15	0
Viðtöl við konur sem búið hafa við ofbeldi	9	9	5
Breiðavíkurmál	12	11	6
Nafngreindir barnaníðingar	18	18	0
Saga Thelmu	19	16	6
Samtals	290	235	63

Barna var getið í 235 greinum af þeim 290 sem gagnasafnið nær yfir og er það 81% greinanna. Í 63 greinum var fjallað um áhrif ofbeldis á börn, eða í 22% greina í gagnasafninu, eða í 27% þeirra greina þar sem börn voru nefnd. Alls voru 58 greinar í gagnasafninu um eða eftir sérfræðinga og voru börn nefnd í 49 þeirra, um áhrif ofbeldis á börn var fjallað í 31% þeirra, eða í 15 greinum. 57 greinar fjölluðu um dómsmál, börn voru nefnd í 44 þeirra og var fjallað um áhrif ofbeldis á börn í 32% þeirra, eða í 14 greinum. Greinar um félagasamtök voru 51 og í 33 þeirra voru börn nefnd, í 12 greinum var fjallað um áhrif ofbeldis á börn eða í 36% þeirra þar sem minnst var á börn. Af þeim 37 greinum sem fjölluðu um lögreglumál var minnst á börn í 29 þeirra en einungis í tveimur greinum var fjallað um áhrif ofbeldis á börn, eða í 7% greina þar sem minnst var á börn. 19 greinar í gagnasafninu fjölluðu um Sögu Thelmu og í 16 þeirra var barna getið, í 6 þeirra var fjallað um áhrif ofbeldisins á börn, eða 38%. Í greinum um nafngreinda barnaníðinga var aldrei fjallað um áhrif ofbeldis á börn en í öllum 18 þeirra voru börn nefnd. Það var heldur ekki fjallað um áhrif ofbeldis á börn í þeim 17 greinum sem fjölluðu um stjórnvöld en í 11 þeirra voru börn nefnd. 12 greinar fjölluðu um Breiðavíkurmálið, í 11 þeirra voru börn nefnd og í 55% af þeim var fjallað um áhrif ofbeldis á börn, eða í 6 greinum. Í 11 af 12 leiðurum gagnasafnsins voru börn nefnd og í 27% þeirra var fjallað um áhrif ofbeldis á börn, eða í þremur leiðurum. Í öllum 9 viðtölunum við konur sem búið höfðu við ofbeldi á heimilum sínum voru börn nefnd og í 5 þeirra var fjallað um áhrif ofbeldisins á börn eða í 56%.

Helstu andstæðurnar eða mótsagnirnar í orðræðunni um börn koma annars vegar fram í greinum sérfræðinga og félagasamtaka og hins vegar í greinum um dómsmál og lögreglumál. Greinar um sérfræðinga og félagasamtök voru gjarnan langar og í þeim var fjallað um börn á margbreytilegan hátt. Í greinum um dómsmál og lögreglumál var hugtakið frekar nefnt en að fjallað væri um börn, greinarnar voru stuttar og áhersla lögð á verknáðarlýsingar.

Þetta voru tölulegu niðurstöðurnar en þegar innihald greinanna var athugað nánar varð ljóst að aðallega var fjallað um áhrif ofbeldis sem koma fram síðar á ævinni, þegar einstaklingarnir eru komnir á unglingsaldur eða orðnir fullorðnir, eins og dæmið sýnir:

Þótt erfitt sé í ljósi þess (erfiðar uppeldisaðstæður, aths. höf.)  
að meta umfang andlegs tjóns stúlkunnar, sé hið grófa

kynferðislega ofbeldi til þess fallið að skaða sjálfsmynd hennar og valda henni gríðarlegum andlegum erfiðleikum síðar meir. (Mbl. 15.03.06).

Fjallað var um að ofbeldi í æsku hafi neikvæð heilsufarsleg áhrif síðar á ævinni, bæði andleg og líkamleg. Þau áhrif sem um var getið eru þunglyndi, kvíði, sektarkennd, sjálfsásakanir, átröskun, félagsleg einangrun, áfengis- og fíkniefnaneysla og skömm.

Rannsóknir sem kynntar voru í gagnasafninu snúa flestar að fullorðnum svo sem þrjú eftirfarandi dæmi sýna:

Bæði íslenskar og erlendar rannsóknir sýna fram á tengsl milli sálrænna áfalla af völdum ofbeldis í æsku og heilsufarslegra kvilla síðar á ævinni. Því þykir mikilvægt að vinna úr áföllunum sem fyrst. (Mbl. 21.04.08).

Ofbeldi á uppvaxtarárum barnsins er stór áhættuþáttur (fyrir þunglyndi á fullorðinsárum, aths.höf.). Kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og unglingum hefur verið í brennidepli undanfarin ár. Það er vel þekkt að slíkt ofbeldi er mjög niðurbjótandi, sjálfsvirðing og sjálfstraust truflast, sjálfsmynd getur einkennst af tilfinningasveiflum, niðurrífi og jafnvel sjálfsfyrirlitningu; fórnarlambið kennir sér um ógæfuna, ekki gerandanum. (Mbl. 22.10.05).

... meistaranemi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri, mun kynna rannsókn sem hún gerði til að kanna heilsufar og líðan kvenna sem hafa orðið fyrir sálrænum áföllum í æsku af völdum kynferðislegrar misnotkunar. (Mbl. 21.04.08).

Í hinum fáu tilvikum sem fjallað var um áhrif ofbeldis á börn í bernsku er þeim lýst sem erfiðri lífsreynslu stúlkna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og sífjaspellum. Ofbeldið er talið hafa áhrif á þroska þeirra, félagslega aðlögun, öryggi og einbeitingu. Þetta sést glögglega í eftirfarandi þremur dæmum:

Stúlkan leiddist út í fíkniefnaneyslu og sagði fyrir dómi að hún hefði verið orðin svo tilfinningalega illa farin að henni hefði verið hætt að þykja misnotkunin tiltökumál. (Fbl. 21.10.05).



Um yngsta barnið sagði félagsráðgjafi að hún væri óvenjulega uppstökk, kvíðin og grátgjörn, hefði átt erfitt með að slaka á og sífellt verið að kvarta undan magaverkjum. Þessa líðan mætti rekja til háttsemi ákærða. (Mbl. 16.05.06).

Eftir að brotin hófust greindust breytingar á atferli stúlkunnar, m.a. óöryggi og einbeitingarskortur. (Mbl. 17.02.08).

Í viðtali við sálfræðinga sem vinna með karla sem hafa beitt ofbeldi í parasamböndum var bent á tengsl milli þess að hafa upplifað ofbeldi sem barn og beita því síðar á ævinni en að ekki væri um orsakasamhengi að ræða, sjá til dæmis:

Það eru tengsl á milli þess að hafa upplifað ofbeldi sem barn og beita því síðar en ekki beint orsakasamhengi. Margir sem upplifðu ofbeldi í æsku beita ekki ofbeldi sjálfir. En það eru tengsl. Drjúgur meirihluti þeirra sem voru hjá okkur 1998 til 2002 höfðu orðið fyrir ofbeldi. (Fbl. 26.01.08).

Í öðru dæmi segir að skortur á menntun sé hluti þess sem ofbeldi í æsku getur leitt af sér síðar á ævinni, þetta var orðað þannig að á Breiðavíkurheimilinu:

...var rekinn málamyndaskóli, sem við höfðum voða lítið gagn af. Ég sakna þess að ekki skyldi vera minnst á hann, því þetta eru svona særindi og maður vill fá hlutina fram sem maður bar skaða af. (Mbl. 23.02.08).

Í enn einu dæmi segir:

...auk þess hafi skortur á menntun orðið til þess að margir Breiðavíkurdrengja áttu aðeins kost á lægst launuðu störfum samfélagsins. (Fbl. 23.02.08).

Efnið í dæmunum hér að ofan vísar á afturvirknan hátt til veruleika barna og unglinga. Fullorðnir setja efnið fram og fjalla meðal annars um að börn verði fyrir neikvæðum áhrifum af ofbeldinu sem ekki er að undra enda er það almennt viðurkennt (Källström Cater, 2004, bls. 14–15 og

Söderholm, 2006, bls. 28–29). Það má greina undirtón um að börn þurfi snemmtæka aðstoð til að vinna gegn þessum áhrifum og talsverðar áhyggjur koma fram um að hvorki meðferð, forvarnir né stuðningur sé nægjanlegur. Það er vissulega mikilvægt að reynsla og raddir fullorðinna um þetta komi fram og einnig að fjallað sé um viðbrögð yfirvalda vegna stúlkna sem verða fyrir kynferðisglæpum. En það er brýnt að breikka og dýpka umfjöllunina til að draga fram hve alvarleg og fjölbreytt þessi mál eru og til að raddir barna sjálfra fái að hljóma í umræðunni og hugmyndir þeirra sjálfra um æskileg viðbrögð og breytingar komist á (Eriksson, 2007, bls. 14–15, Mullender, o.fl. 2002, bls. 2 og 209). Breiðavíkurmálið er í þeim anda (Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952–1979, 2007). Þó segja megi að betra sé seint en aldrei gerist það alltof seint þegar börnin eru orðin fullorðin. Það eru vissulega brýn skilaboð til fjölmiðla og samfélagsins í heild en umfjöllun um áhrif ofbeldisins á börn sem nú lifa er aðkallandi málefni.

Í næsta kafla verður gerð grein fyrir því hvað sameinar og hvað er ólíkt með einstökum orðræðutegundum og það dregið saman í þrjár gerðir orðræðu sem einkennir umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum.

## **5.5 Þrenns konar orðræða um ofbeldi á heimilum**

Greining á orðræðu fór þannig fram að lykilhugtök (ofbeldi á heimilum, barn, vald, aðlögun, þögn) og orðræðutegundir voru sett upp í krosstöflu og úr þeim voru þrústefin greind. Stefin voru skoðuð nánar og birtust sérkenni þeirra eins og rauðir þræðir í textunum. Úr stefjunum greindist þrenns konar orðræða um ofbeldi á heimilum í gagnasafninu, sem ég hef valið að nefna stofnanaorðræðu, fræðsluorðræðu og reynsluorðræðu. Tafla 6 sýnir þrenns konar orðræðu um ofbeldi á heimilum.

Í stofnanaorðræðu, fræðsluorðræðu og reynsluorðræðu er kallað eftir því að þögnin um ofbeldi á heimilum verði rofin. Mótsagnir birtast í því að í stofnanaorðræðu er sýnin á börn einsleit og fremur litið á þau sem ófullgerða fullorðna en í fræðsluorðræðu er bent á margbreytileika barna og að þau séu gerendur í eigin lífi. Það er sameiginlegt í stofnanaorðræðu og fræðsluorðræðu að undirstrika þörfina fyrir vernd barna. Í stofnanaorðræðu er fjallað meira um afskipti samanborið við fræðsluorðræðu þar sem þekkingu er miðlað og rætt um mikilvægi fræðslu og forvarna. Í reynsluorðræðunni er lögð áhersla á að rjúfa vítahring ofbeldis með hjálp sérfræðinga og bæta þannig stöðu næstu kynslóða.

Orðræðutegundirnar dómsmál, lögreglumál og stjórnvöld liggja til grundvallar stofnanaorðræðunni. Þar eru þrústefin tvö, það er sýnileiki yfirvalda og hlutlægar og nákvæmar verknaðarlýsingar.

Í fræðsluorðræðunni eru það orðræðutegundirnar sérfræðingar, félagasamtök og leiðarar sem liggja til grundvallar. Þrústef hennar eru öflun þekkingar, miðlun þekkingar, fræðsla og forvarnir gegn ofbeldi á heimilum.

**Tafla 6. Þrenns konar orðræða.**

	<b>Stofnanaorðræða</b>	<b>Fræðsluorðræða</b>	<b>Reynsluorðræða</b>
Lýsing á ofbeldi	Nákvæmar og hlutlægar verknaðarlýsingar	Leiðréttandi; bent á aðlögun, villandi orðalag og þögn	Nákvæmar, hlutlægar og huglægar lýsingar
Sýn á börn	Óvirk og hlutgerð	Virk, áhrifavaldar í eigin og annarra lífi	Óvitandi, vissu ekki um ofbeldið fyrir en eftir á
Vald	Sýnileiki yfirvalda, nöfn stofnana, embætti, titlar	Nöfn félagasamtaka, menntun sérfræðinga og titlar. Þekkingarvald.	Eigin reynsla að hafa lifað af. Sigurvegarar.
Orðræðutegundir	Dómsmál, lögreglumál og stjórnvöld	Sérfræðingar, félagasamtök og leiðarar	Viðtöl við konur, Saga Thelmu, Breiðavíkurmál og nafngreindir barnaníðingar
Áherslur, skilaboð	Lögbrot, lagalegt umhverfi. Aukinna afskipta og meðferðar þörf, bundin einstökum tilvikum	Rjúfa þögn, fræðsla, upplýsa, forvarnir	„Ég lifði af, með hjálp annarra. Ofbeldi er skelfileg ógn“ Rjúfa þögn. Viðbrögð annarra/hinna.

Viðtöl við konur sem búið hafa við ofbeldi, Saga Thelmu, Breiðavíkurmál og nafngreindir barnaníðingar liggja til grundvallar reynsluorðræðunni. Reynsluorðræða er orðræða fólks sem búið hefur við ofbeldi á heimili og segir frá eigin reynslu. Þrústef hennar eru nákvæmar lýsingar á ofbeldi. Ofbeldisatvikum er lýst á hlutlægan hátt, jafnframt því sem áhrifum ofbeldisins er lýst huglægt.

Nú verður gerð nánar grein fyrir þrúskiptingu orðræðunnar.

### 5.5.1 Stofnanaorðræðan

Orðræðutegundirnar dómsmál, lögreglumál og stjórnvöld liggja til grundvallar stofnanaorðræðunni eins og áður sagði.

Greinar um dómsmál fjalla um gengna dóma í kynferðisbrotamálum gegn stúlkum, um ofbeldi karla gegn eiginkonum, sambýliskonum og unnustu, ýmist fyrirverandi eða núverandi, og einnig gegn börnum. Dómar í kynferðisbrotamálum gegn börnum snérust um brot gegn dætrum, frænkum, stjúpsystur, stjúpbarnabarni, stúlku við barnapössun hjá nágranna, gegn þroska- og hreyfihamlaðri stúlku og í sumum tilvikum tengist barnaklám þeirri umfjöllun. Í nokkrum dómum í sífjaspellsmálum kom fram að þeir sem beittu ofbeldinu voru börn að aldri og þá alltaf unglingsdrengir. Hlutlægar og ofurnákvæmar verknaðarlýsingar eru einkennandi fyrir orðræðuna í dómsmálum eins og sjá má í eftirfarandi dæmum:

Málið var dæmt í Héraðsdómi Reykjaness á föstudag og var ákærði sakfelldur fyrir að ráðast á konuna á þáverandi heimili þeirra beggja og slá hana ítrekað hnefahöggum í höfuð og andlit og sparka í líkama hennar. Afleiðingarnar urðu þær að hún hlaut opið sár og mar á augnlok og augnsvæði hægra megin, marga yfirborðsáverka á höfði, mar yfir hryggjartindi hálsliðar og handlegg auk yfirborðsáverka á öxl. Þá hlaut hún mar á læri. (Mbl. 04.03.08).

Hæstiréttur staðfesti í gær tveggja og hálfis árs fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjaness yfir karlmanni fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn dóttur sambýliskonu sinnar. Dómurinn telur sannað að maðurinn hafi á tímabilinu 1993 til ársins 1999 margsinnis þuklað á kynfærum stúlkunnar, haft við hana munnmök og samfarir. Þessi hegðun mannsins er talin hafa átt sér stað allt að tvisvar í viku, oft eftir að móðir stúlkunnar hélt til vinnu á morgnana. Stúlkann var á aldrinum tólf til átján ára þegar brotin áttu sér stað. (Fbl. 2110.05).

Fyrirsagnir í greinum um dómsmál þar sem kyn barns var dregið fram vöktu athygli. Mynd 1 sýnir dæmi um fyrirsagnir í fréttum um kynferðisbrot gegn stúlkum. Í gagnasafninu voru engar fyrirsagnir sem lýsa því að drengir væru beittir kynferðislegu ofbeldi. Fyrirsögnin „Drengir leita einnig aðstoðar“ (Fbl. 23.04.08) vísar þó til þess.

**Fær fimm ára dóm  
fyrir að misnota dóttur sína**  
(Fbl. 15.03.06)

Misnotaði barnungar frænkur  
(Fbl. 19.01.08)

**Braut gegn stjúpsystur** (Mbl. 17.02.08)

Þuklaði á fjórtán ára barnapjú (Fbl. 01.03.08)

Misnotaði stjúp dóttur sína  
(Fbl. 21.10.05)

**Sundurtætt eftir grófa misnotkun stjúpa síns** (DV 27.12.05)

**Mynd 1. Dæmi um fyrirsagnir í fréttum prentmiðla um kynferðisbrot gegn stúlkum.**

Það er áberandi í umfjöllun um dómsmál að stofnanir dómskerfisins voru nefndar, svo sem héraðsdómar og Hæstiréttur. Í allflestum greinum voru dómarar, verjendur og sækjendur nafngreindir. Í orðræðu dómsmála er nokkuð um að hinir dæmdu beri fyrir sig vörnum sem lúta að því að sjúkdómsgera athæfið. Með því er gerandinn laus undan ábyrgð og stöðu hans svipar til barnsins að því leyti. Þetta má sjá í eftirfarandi orðalagi:

Maðurinn játaði flest brotin fyrir dómi en bar fyrir sig brenglað hugarástand vegna óreglu meðal annars vegna neyslu áfengis og fíkniefna. Hann hafi átt við geðræn vandamál að stríða og verið með þunglyndi á háu stigi. (Fbl. 19.01.08).

Það er mjög auðvelt að æsa mig upp. Hún er líka mjög gjörn á að fá marbletti. (DV 21.10.05).

...að hann hefði verið í vímuefnaneyslu eða að hann hefði misst móður sína við upphaf brotatímabilsins. (Mbl. 19.01.08).

Aðlögun á kynferðislegu ofbeldi gegn börnum felst helst í því að óljós mörk eru dregin milli barnæsku og fullorðinsæviskeiðs eða þau máð út og með því er ábyrgð fullorðinna og ábyrgð barna lögð að jöfnu (Goddard o.fl., 2005, bls. 280–284). Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er einnig aðlagað með því að greiða börnum peninga eða annað, eins og um atvinnu þeirra eða vændi væri að ræða (Goddard o.fl., 2005, bls. 280–284 og Schow, 2005, bls. 49–68). Dæmi:

X tældi stúlkurnar til samræðis og annarra kynferðismaka með peningagreiðslum meðan þær voru aðeins 15 ára gamlar. (DV 28.10.05).

Greiddi hann sumum þeirra (stúlkum aths. höf.) pening fyrir kynferðislega greiða. (Mbl. 24.04.08).

Hann fékk aðra stúlkuna til munnmaka og annarrar misnotkunar með því að gefa henni spil, sælgæti og síðar peninga og svo með að leyfa henni afnot af tölvu og sjónvarpi. (Mbl. 19.01.08).

Í greinum um lögreglumál var oftast fjallað um grunsemdir um að framið hafi verið kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, oftast gegn stúlkum og einnig gegn drengjum. Greint var frá barnaníðingi, sífjaspellum, fjölþjóðlegum barnaklámhring á Netinu, tilraun til að lokka unga stúlku brott og nauðgun. Dæmi:

Stúlkan, sem dvelur á meðferðarheimili, kynntist manningum í gegnum spjallsíðu á netinu. Þau mæltu sér mót og fór maðurinn með stúlkuna heim til sín þar sem hann er grunaður um að hafa nauðgað stúlkunni. (Mbl. 17.01.08).

Greinar um lögreglumál fjölluðu einnig um ofbeldi á heimilum þar sem barna var ekki getið, til dæmis um karlmann sem réðst á konu í sumarbústað, son sem hótaði móður sinni með hnífi, feðga sem lömdu sambýlismann fyrirverandi eiginkonu föðurins og um að kona var handtekin vegna gruns um að hafa lagt til sambýlismanns síns með eggvopni.

Í einni grein var fjallað um að ríkislögreglustjóri hefði gefið út verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldis hjá lögreglu, eins og dæmið sýnir:

Tekin hafa verið af öll vafaatriði um hvað teljast megi heimilisofbeldi því það hefur nú verið skilgreint. Til þessa hefur leikið vafi á því hvað flokka megi sem heimilisofbeldi ... samkvæmt skilgreiningunni í verklagsreglum nái heimilisofbeldi ekki aðeins yfir ofbeldi sem gerist inni á heimilinu sjálfu heldur hvers kyns ofbeldi sem fórnarlambið verður fyrir af fjölskyldumeðlimi eða tengdum aðila ... Forsenda fyrir skráningu máls sem heimilisofbeldi er að gerandi og þolandi séu nákomnir, það er skyldir eða tengdir. (Fbl. 26.10.05).

Líkt og í umfjöllun um dómsmál voru valdhafar títt nefndir, svo sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, norska lögreglan, lögreglan á Suðurnesjum, Héraðsdómur Reykjavíkur, Hæstiréttur, barnaverndaryfirvöld, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, yfirlögregluþjónn, Europol.

Greinar um stjórnvöld fjalla flestar um endurskoðun laga um heimilisofbeldi árið 2005. Þar segir frá því að dómsmálaráðherra mælti

fyrir frumvarpi þar sem meðal annars var lögfest í almennum hegningarlögum sérstök refsipýngingarástæða þegar um heimilisofbeldi væri að ræða. Einnig var greint frá aðgerðaráætlun sem félagsmálaráðherra hrinti af stað gegn heimiliofbeldi og kynferðislegu ofbeldi á Íslandi. Þar segir:

Aðgerðaráætlunin kemur í kjölfar þess að Stígamót, Samtök um kvennaathvarf, mannréttindaskrifstofa og fleiri lögðu síðasta vor fram drög að svona áætlun að fyrirmynd frá hinum Norðurlöndunum. (Fbl. 19.10.05).

Lagt er til að sjónum verði sérstaklega beint að börnum sem verða fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Sérstaklega verði skoðað hvernig styrkja megi barnaverndaryfirvöld, félagsmálafyrirvöld, skóla, heilbrigðiskerfið, lögregluna og fleiri með það að markmiði að efla fræðslu og samhæfa vinnubrögð, verkferla og úrræði þessara aðila. (Mbl. 22.10.05).

Eins og sést á seinna dæminu eru stofnanir samfélagsins nefndar á nafn, en það er einkennandi fyrir orðræðutegundina stjórnvöld. Einnig voru ráðherrar, stjórnámálmenn og opinberir embættismenn gjarnan nafngreindir.

Í stofnanaorðræðunni eru hlutlægar og nákvæmar lýsingar á ofbeldi einkennandi, einkum á kynferðislegu ofbeldi gegn stúlkum eða konum í nánnum samböndum. Allir gengnir dómur í kynferðisbrotamálum gegn börnum sem fjallað var um voru gegn stúlkum og ofbeldismennirnir voru í öllum tilfellum karlar. Það er athyglisvert að engir dómur hafa gengið í kynferðisbrotamálum gegn drengjum, samkvæmt því gagnasafni sem hér var athugað. Það er svo sannarlega vert rannsóknarefni, því hugsanlegt er að 10% misnotaðra barna á Íslandi séu drengir, en það er enn sem komið er óstaðfest hlutfallstala (Morgunblaðið, 2002). Í nokkrum dómum í sífjaspellsmálum kom fram að ofbeldismenn voru börn að aldri og þá alltaf unglingsdrengir. Í greinum um lögreglumál var oftast fjallað um grunsemdir um að framið hafi verið kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, yfirleitt gegn stúlkum og einnig gegn drengjum. Endurskoðun laga um heimilisofbeldi og aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn heimiliofbeldi og kynferðislegu ofbeldi á Íslandi var umfjöllunarefni greina um stjórnvöld. Í stofnanaorðræðunni ber nokkuð á því að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er aðlagð með því að óljós mörk eru dregin milli barnæsku og



fullorðinsæviskeiðs eða þau mörk eru máð út þannig að ábyrgð fullorðinna og ábyrgð barna er lögð að jöfnu. Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er aðlagð með því að greiða börnum til dæmis peninga fyrir, eins og um atvinnu þeirra væri að ræða eða vændi (Goddard o.fl., 2005:, bls. 80–284 og Schow, 2006, bls. 49-68). Stofnanir dómsmála, lögregluþyrvalda og stjórnvalda eru áberandi, svo sem Hæstiréttur, héraðsdómar, lögreglan, Alþingi, ráðuneytin, barnaverndaryfirvöld, norska lögreglan, Europól og í þeim birtist vald stofnanaorðræðunnar.

### 5.5.2 Fræðsluorðræðan

Orðræðutegundirnar sérfræðingar, félagasamtök og leiðarar liggja til grundvallar fræðsluorðræðunni, eins og áður sagði.

Greinar um og eftir sérfræðinga fjalla aðallega um rannsóknir á ofbeldi á heimilum, á kyni og ofbeldi og kynlífshegðun íslenskra ungmenna. Greint var frá rannsókn á áhrifum umfjöllunar í fjölmiðlum um kynferðislega misnotkun á börnum á fjölda rannsóknarviðtala í Barnahúsi á ákveðnum tímabilum, eins og dæmið sýnir:

Hugmyndin að verkefninu vaknaði í kjölfar útgáfu bókarinnar Myndin af pabba, þar sem Gerður Kristný skráir sögu Thelmu Ásdísardóttur um grimmilegt ofbeldi frá hendi föður síns, ... Skemmst er frá því að segja að gríðarlegur munur var á milli októbermánaða árið 2004 og 2005. Í október árið 2004 komu níu börn í rannsóknarviðtal í Barnahúsi en í október ári síðar voru viðtölin við börn 27 – af þeim greindu sextán frá kynferðisofbeldi í viðtalinu. (Mbl. 07.05.06).

Í viðtali við forstjóra barnaverndarstofu segir:

Rannsóknir hafa sýnt að um helmingur fullorðinna kynferðisbrotamanna byrjar að brjóta af sér á unglingsaldri en þetta hlutfall fer núna stækkandi. Af þeim staðfestu kynferðisbrotum gegn börnum sem koma inná borð Barnahúss er þriðjungurinn af völdum gerenda innan 18 ára aldurs, t.d. bræður, fjölskylduvinir, nágrannar. X telur það segja okkur að kynferðislegt ofbeldi sé samfélagslega ákvarðað að verulegu leyti. „Flest brotin eru ekki framin af þessum eiginlegu barnaníðingum eða pedófilum, einstakl-

ingum með barnagirnd; þeir eru aðeins örlítið brot af heildar-fjöldanum ... að sumu leyti er skiljanlegt að athyglin beinist að þeim því þeir eru hættulegastir, eru líklegastir til að vera sífbrotamenn og þeirra fórnarlömb eru þess vegna mun fleiri en hinna.“ (Mbl. 27.11.05).

Einnig var skrifað um börn og fíkniefni, börn og kynlíf, um samstarf 112 Neyðarlínunnar og barnaverndaryfirvalda. Ein grein fjallar um bandaríska rannsókn um ofbeldi í unglingasamböndum, en fram kom að ekki hafi verið gerðar slíkar rannsóknir hér á landi. Þar segir að enginn vafi leiki á að í samfélögum þar sem ofbeldi sé beitt í samböndum fullorðinna fyrirfinnist líka ofbeldi í samböndum unglinga, eins og dæmið sýnir:

Það verður að kenna unglingum að þekkja ofbeldi /.../ Ofbeldi birtist í mismunandi myndum. Það er ekki bara líkamlegt heldur einnig andlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt, svo dæmi séu tekin. Unglingar hafa takmarkaða lífsreynslu þegar þeir hefja sambönd og geta því oft ekki greint annað ofbeldi en líkamlegt. (Mbl. 20.02.08).

Það er einkennandi fyrir orðræðu sérfræðinga að þekkingar er aflað og niðurstöðum rannsókna er miðlað. Í öllum greinum var sérfræðinganna getið, greint frá stöðu þeirra og menntun, til dæmis sálfræðingur, prófessor við Háskóla Íslands, lektor í þróunarsálfræði við HÍ, lektor í lögfræði við HÍ, forstöðumaður Barnahúss, mannfræðingur með mastersgráðu í kynja- og kynlífsfræðum, félagsráðgjafi.

Lykilhugtakið aðlögun sem rætt var um í kafla um orðræðugreiningu kemur þó nokkuð fyrir í orðræðu sérfræðinga þegar þeir skýra frá rannsóknum sínum og störfum. Í meðferðarstarfi sálfræðinga með körlum sem hafa beitt ofbeldi á heimilum sínum kemur fram að karlarnir nota villandi orðalag til að aðlaga ofbeldi sem þeir hafa beitt, svo sem sést af þessu dæmi:

Hún veit hvernig á að gera mig reiðan. (Fbl. 26.01.08).

Ofbeldi er einnig aðlagð með því að benda á hve algengt það sé, eins og í dæmi um unglingsdreng sem ólst upp við ofbeldi á heimili sínu:

Allir menn lemja konurnar sínar einhvern tímann. (Mbl. 20.02.08).

Í orðræðu félagasamtaka kom skýrt fram við hvaða félagasamtök var átt en þau eru Blátt áfram, Kvænnaathvarf, Stígamót, Aflið, Unifem, Zontaklúbbur Reykjavíkur, Krýsuvíkursamtökin, Alþjóðahús og Félag um foreldraþjálfun. Umfjöllunarefni greinanna, sem fjalla um starf félagasamtakanna, var að mestum hluta upplýsingar, fræðsla og forvarnir gegn ofbeldi, kynferðislegu ofbeldi, ofbeldi í parasamböndum og sífjaspellum. Einnig var fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn konum og stúlkum sem aðferð í stríði. Blátt áfram vill gera fimm prósent fullorðinna Íslendinga að verndurum barna. Forsvarskonur samtakanna leggja mikla áherslu á að rjúfa þá þögn sem ríkir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og að kenna börnum orðaforða um líkama sinn. Samtökin Blátt áfram tilgreina gjarnan heimasíðu sína, eins og dæmið sýnir:

Á heimasíðu Blátt áfram, [www.blattafram.is](http://www.blattafram.is) er að finna allar upplýsingar um fræðslu og hvernig best er að fræða börn. (Mbl. 13.01.08).

Undir fyrirsögninni *Ráðist á ljótu leyndarmálin* var sagt frá brúðuleikritinu *Krakkarnir í hverfinu*. Leikritið er liður í forvörnum gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi og ætlað skólabörnum á aldrinum 8–10 ára. Þetta er eina greinin í gagnasafninu þar sem vitnað er beint í börn, en í lok sýningarinnar var þeim boðið að spyrja leikbrúðurnar spurninga, eins og dæmið sýnir:

Fer Leó í fangelsi? Af hverju er fólk vont við börnin sín?  
Það er ljótt að ljúga! Af hverju gerði pabbinn ekkert þegar  
mamman var að lemja þig? (Mbl. 19.10.05).

Kynningar á ársskýrslum Kvænnaathvarfs og Stígamóta eru hluti af orðræðu félagasamtaka en í þeim eru upplýsingar um starfsemina. Ársskýrslurnar verða tilefni til umfjöllunar um ofbeldi á heimilum, kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Hið svokallaða 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, sem á þriðja tug félagasamtaka og stofnana taka höndum saman um, er einnig hluti af orðræðu félagasamtaka. Guðbjörg Hildur Kolbeins (2008) bendir á að ákveðin umfjöllunarefni í fjölmiðlum geta verið árstíðabundin og í sama streng tekur Stefán Jökulsson (2008) og segir að umfjöllunarefni í fjölmiðlum tengist oft sérstöku átaki sem ákveðin samtök eða stofnanir standi fyrir. Upplýsingar í ársskýrslunum nýtast meðal annars sem efni í fræðslu og forvarnir, en samkvæmt

Stígamótum hefur verið vitnað í þær í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun (Ársskýrsla Stígamóta, 2008).

Lykilhugtakið þögn kemur mikið fyrir í orðræðu félagasamtaka. Það er beinlínis notað, en þegar fjallað er um þögn má segja að hún sé rofin, svo sem dæmið sýnir:

Fólk er að átta sig á því að það verður að takast á við hlutina í stað þess að neita að þeir hafi gerst. (Fbl. 11.01.08).

Í gagnasafninu eru tólf leiðarar og fjalla sjö þeirra um félagasamtök og sérfræðinga. Kynningar á ársskýrslum Stígamóta, sem kynntar eru ár hvert á alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti voru tilefni leiðara. Fræðsluefni Blátt áfram fyrir börn um líkama sinn var annað tilefni, eins og dæmið sýnir:

Lítil börn, allt niður í þriggja ára, tala af hispursleysi um þíkur, þjöllur og typpi eins og ekkert sé eðlilegra. (DV 07.03.06).

Einn leiðari bar yfirskriftina *Eru börn jaðarviðfangsefni?* (Mbl. 29.11.05). Þar eru dregnar fram þær andstæður sem ríkja í umræðunni um málefni barna; annars vegar gætir tilhneigingar til upphrópana og öfga og hins vegar vilja þau gleymast.

Annað tilefni var fréttir úr blöðunum af brotnámi stúlku, þar sem vitnað er í framkvæmdastjóra Barnaverndar Reykjavíkur um hve mikilvægt sé að vanda vel til fræðslu barna til að tryggja öryggi þeirra. Dæmi:

Það getur þýtt að ef maður er í vanda staddur og er lítið barn þá er búið að kenna manni það að maður þýðist ekki ókunnuga sem eru að bjóðast til að hjálpa manni. Þannig að okkur er ákveðinn vandi á höndum. (Mbl. 17.01.08).

Í fræðsluorðræðunni er að finna eina bjargráð barna sem fram kom í gagnasafninu, en það er umfjöllun um samstarf 112 Neyðarlínunnar og barnaverndarnefnda og kom það fyrir nokkrum sinnum. Það auðveldar börnum að hringja sjálfum og koma upplýsingum beint til barnaverndar-

nefnda landsins. Þannig er hægt að auka virkni þeirra til áhrifa í eigin lífi og annarra barna.

Umfjöllun um þögn sem ríkir um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum er einkennandi fyrir fræðsluorðræðuna. Með því að fræða fólk, bæði börn og fullorðna, um ofbeldi er hægt að rjúfa þögnina, eins og segir á einum stað:

Ofbeldi er samþykkt með þögninni. (Fbl. 11.01.08).

Í fræðsluorðræðunni kemur fram hvernig aðlögun á ofbeldi birtist og rænir ofbeldismennina ábyrgðinni á eigin hegðun. Villandi orðalag er þá notað til að aðlaga ofbeldið (Phillips og Henderson, 1999, bls. 116–121). Aðlögun á ofbeldi felst einnig í því að vísa til þess hversu algengt ofbeldið sé. Menntunar og stöðu sérfræðinga er gjarnan getið og einnig er skýrt tekið fram við hvaða félagasamtök er átt. Í því birtist vald fræðsluorðræðunnar, eða segja má að á þann hátt öðlast efnið gildi að minnsta kosti þar til annað er dregið fram.

### 5.5.3 Reynsluorðræðan

Til grundvallar því sem ég vel að nefna reynsluorðræðu eru viðtöl við konur sem hafa búið við ofbeldi á heimilum sínum, Saga Thelmu, Breiðavíkurmál og nafngreindir barnaníðingar, eins og áður sagði.

Viðtölin eru flest löng og efnismikil í samanburði við ýmsar aðrar greinar, ekki síst hinar mörgu „löggufréttir“ sem oft eru stuttar og snubbóttar. Í viðtölunum var heimilisofbeldi lýst nákvæmlega og með berum orðum. Konurnar sögðu flestar að tilgangur viðtalanna væri að rjúfa þá þögn sem umlykur ofbeldi á heimilum. Þau væru leið þeirra til að vinna sig út úr þeim vítahring sem ofbeldi á heimilum getur verið og til að upplýsa aðrar konur og ungar stelpur um einkenni heimilisofbeldis. Þetta sést í eftirfarandi dæmi:

Ég ákvað að segja mína sögu ef hún gæti ýtt við ungum stelpum sem eru að byrja í sambandi með strákum sem eru endalaust að setja út á þær og reyna að móta þær algjörlega eftir eigin höfði. (Mannlíf í mars 08).

Eftirfarandi dæmi er tilvitnun í konu sem hafði búið við það að eiginmaður hennar misnotaði dóttur þeirra:

Þögnin er skjöldur níðinganna og hana verður að rjúfa. (DV 15.10.05).

Konurnar tjáðu sig um skort dómstóla og lögreglu á lagalegum úrræðum, meðal annars með þessum hætti:

Barátta Z hefur ekki aðeins verið við fyrrverandi eiginmann hennar heldur einnig við kerfið. Henni finnst hún alls staðar koma að lokuðum dyrum, /.../ hvað eiga konur í þessari stöðu að gera? spyr Z. (DV 17.01.08).

Annað dæmi sýnir hvernig ein konan upplifði viðmót hjá Félagsmálastofnun og lögreglu:

Q beið yfirheyrslu hjá lögreglunni og hafi verið talað við hana af ónærgætni hjá Félagsmálastofnun þá var það ekki annað en kurteisishjal miðað við hvað beið hennar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins sem rannsakaði málið. „Þeir töluðu við mig eins og sakborning. Spurðu mig sömu spurninganna aftur og aftur eins og þeir vildu rugla mig. Í þeirra huga var ég skepna sem lét misnota dóttur sína án þess að hreyfa legg né lið.“ (DV 15.10.05).

Í viðtölunum kom fram að leiðin úr vítahring ofbeldis á heimilum væri að leita aðstoðar sérfræðinga. Hér er dæmi um slíkt:

Sú kona (félagsráðgjafi, aths. höf.) kom mér í skilning um hvað ég yrði að gera til að brjóta upp mynstrið. Ég vaknaði upp þegar hún spurði mig hvað ég fengi út úr þessu ástandi. Ég hafði verið svo mikið fórnarlamb í eigin huga að ég kom ekki auga á að ég þurfti sjálf að rjúfa vítahringinn. (Mannlíf í mars 2008).

Þessi tilvitnun er glöggt dæmi um hvernig ofbeldið gegnsýrir daglegt samband maka eða sambúðaraðila og mörkin milli eðlilegra og óeðlilegra samskipta færast til (Show, 2006, bls. 57–58).

Konurnar sögðu að þær hefðu ekki áttað sig á því að börnin þeirra yrðu vör við ofbeldið eða að það hefði áhrif á þau, svo sem sést í eftirfarandi dæmi:

Þær (konurnar í Kvennaathvarfinu, aths. höf.) bentu mér líka á hvaða afleiðingar ofbeldið hafði fyrir börnin. Ég hafði sjálf lokað á að þetta hefði áhrif á þau. (Mannlíf í mars 08).

Rannsóknir benda til þess að börn verði oftast vör við ofbeldi á heimilum sínum en foreldrar þeirra telja. Överlien (2007) vísar í rannsókn Litrowniks (2003) með 692 börnum og mæðrum þeirra. Þar kom fram að 14% mæðranna töldu að börnin þeirra yrðu vör við ofbeldi á heimili. Þegar börnin voru spurð svaraði þriðjungur þeirra hinu sama (Överlien, 2007, bls. 244). Þarna kemur fram umtalsverður munur á svörum barna og fullorðinna sem varpar ljósi á ólíkan reynsluheim þeirra. Í óbirtri könnun frá 2008, sem náði til 3000 manna slembiúrtaks kvenna á aldrinum 18–80 ára hér á landi töldu um 24% þeirra halda að börn sem bjuggu á heimili svarenda hefðu orðið vitni að ofbeldisfullri hegðun eiginmanns/sambýlismanns eða kærasta (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2009).

Í einu viðtalinu kom fram að:

... hann (sonur, aths. höf.) varð uppvís að ofbeldisverkum í skólanum sem rakin voru til mikillar vanlíðunar. (DV 17.01.08).

Í rannsókn Mullender o.fl., (2002, bls. 218) kom fram að börn geta átt erfitt með að sýna eðlilega virkni í skóla þegar þau eru með hugann við ofbeldi sem á sér stað heima. Það kom einnig fram að skólinn getur verið gríðastaður fyrir börn sem búa við ofbeldi á heimilum sínum. Þetta kemur einnig fram í rannsókn Nönnu Þóru Andrésdóttur (2008, bls. 95 og 2010, bls. 14).

Eins og fyrr sagði er það álitamál hvort skilgreina eigi greinar um Breiðavíkurmálið og Sögu Thelmu sem orðræðutegundir eða sem efnisflokka vegna þess að þær sýna vissa einhæfni hvað varðar birtingartíma þeirra og/eða innihald. Breiðavíkurmálið snýr annars vegar að stjórnvöldum og hins vegar að börnum sem þar bjuggu á sínum tíma. Rannsakaðar voru staðhæfingar um hvort þau hefðu þolað ofbeldi og illa meðferð þar. Greinar um Sögu Thelmu komu eingöngu fyrir á árinu 2005 og voru allar skrifaðar í tilefni af útgáfu bókarinnar Myndin af pabba Saga Thelmu eftir Gerði Kristnýju. Ákveðið var að taka Breiðavíkurmálið og Sögu Thelmu með sem orðræðutegundir og beina athyglinni eingöngu að umfjöllun um börn þar sem markmið rannsóknarinnar er að athuga sýn á börn.

Greinarnar um Breiðavíkurmálið fjalla allar um skýrslu nefndar á vegum forsætisráðuneytisins um starfsemi Breiðavíkurheimilisins á árunum 1952–1979. (Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins, 2008). Í þeim var þögn rauður þráður, og þá fyrst og fremst óskinn um að hún verði rofin. Þetta kemur fram í eftirfarandi dæmum:

... að vistmenn hafi fengið viðurkenningu á að þessir atburðir hafi átt sér stað. (Mbl. 23.02.08).

Frásagnir vistmanna á Breiðavíkurheimilinu af illri meðferð og/eða ofbeldi eru trúverðugar ... (Mbl. 23.02.08).

Eftirlit starfsfólks brást og kvartanir um ofbeldi vöktu engin viðbrögð. ... ekki hafa sagt starfsfólki frá þessu ofbeldi. (Mbl. 23.02.08).

Vald er lykilhugtak í orðræðunni um Breiðavíkurmálið bæði sem undirtónn og kemur einnig beint fram. Áberandi eru hugtökin Íslenska ríkið, Alþingi Íslendinga, ríkisstjórnin, forsætisráðuneyti, forsætisráðherra og forstöðumenn. Það á einnig við um hugtökin ofbeldi á heimilum og barn, en hið síðara vísar þar til liðins tíma þar sem málið er afturvirktt svo sem kunnugt er. Hér liggur í hlutarins eðli að heimilið er ígildi, það er dvalarstaður fjarri fjölskyldu barnsins. Fjölskyldan er nú starfsfólk sem kemur í stað foreldra og aðrir drengir koma í stað bræðra og þeir sem standa fyrir ofbeldinu koma úr hópi starfsmanna og eldri drengja.

Í Sögu Thelmu vísar hugtakið barn einnig til liðins tíma. Einkenni orðræðunnar hér eru nákvæmar og hlutlægar lýsingar á ofbeldi sem Thelma og systur hennar máttu þola af hendi föður síns og annarra barnaniðinga í uppveiti sínum, bæði kynferðislegt ofbeldi, líkamlegt og andlegt.

Þegar X var að misnota okkur vildi hann stundum hætta í miðjum klíðum en það tók pabbi aldrei í mál því hann óttaðist að fá þá ekki borgað. Hann átti það líka til að ýta á X ef honum fannst hann ekki fara nógt langt inn. Mikið sem ég grét meðan á pyntingunum stóð. (DV 12.10.05).

Hinum nánú og flóknu tilfinningatengslum innan fjölskyldu, sem eru ein af sérkennum ofbeldis á heimilum, var lýst og þeim tengslum líkt við að þykja vænt um ófreskju. Dæmi:



En ég hef forðast að reyna að skilja hann því þó ég hafi náð sátt innra með mér mun ég aldrei fyrirgefa þessa glæpi. (Mbl. 09.10.05).

Börn sem eru beitt ofbeldi fengu andlit þegar bók Thelmu kom út. Heiðarlegar lýsingar Thelmu á hægum bata eftir að hún komst í kynni við Stígamótakonur og lýsingar hennar á því hvernig hún lærði smám saman að byggja upp sjálfsmynd sína og skoða fortíðina af yfirvegum og þroska gerðu hana að góðri fyrirmynd. Það kom vel fram í viðtali sem tekið var við hana og birtist undir fyrirsögninni *Ástfangin og tilbúin til að láta drauma sína rætast*, eins og dæmið sýnir:

... og sú staðreynd að ég opna fyrir umræðu sem lengi hefur verið álitin tabú í þessu samfélagi, dugir ekki ein og sér. Það hafa fleiri stigið fram á undan mér og systur mínur og sagt sögur af misnotkun. Því hallast ég að því að ástæðan sé sú að við upplifum okkur ekki sem fórnarlömb enda rákum við skömminna þangað sem hún á heima, til ofbeldismannanna. Því erum það við sem sigurum og þannig lít ég á alla aðra sem verða fyrir misnotkun, segir hún og brosir. (DV 23.12.05).

Efnisflokkurinn eða orðræðutegundin nafngreindir barnaníðingar sker sig úr í gagnasafninu. Greinar í þessum flokki birtust bara í DV og nánast því eingöngu á einu söfnunartímabili, það var á tímabili ársins 2005. Örfáar greinar birtust á tímabili ársins 2006. Það má því líta á þessar greinar sem átak eða herferð gegn barnaníðingum. Greinarnar fjalla allar um karlmenn sem eru grunaðir um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eða hafa verið dæmdir fyrir slíkt, bæði gegn drengjum og stúlkum. Einkenni átaksins var að nöfn karlanna voru birt og sömuleiðis myndir af þeim, einnig var greint frá búsetu þeirra og í sumum tilfellum voru fréttir af búsetuflutningum þeirra. Tilgangur átaksins var að veita foreldrum upplýsingar um búsetu og ferðir nafngreindra barnaníðinga svo þau gætu verndað börn sín fyrir kynferðislegu ofbeldi. Dæmi:

X fluttur á Seltjarnarnes. (DV 30.09.05).

DV ræddi við hann á Bárugötunni í gær... (DV 29.22.05).

Hvammserðisperrinn fluttur í Hólhverfið. (DV 20.12.05).

X, dæmdur barnaníðingur, hrellir mæður í Írabakka með nærveru sinni. (DV 12.03.06).

Aðferð sem þessi er bæði umdeild og vafasöm sem leið til að vernda börn. Hún getur í vissum tilfellum verið verndandi fyrir börn þegar þriðji aðili verður vitni að því að nafngreindur barnaníðingur gerist nærgöngull við barn, skiptir sér af því og lætur lögreglu vita. Barn eða unglingur getur hugsanlega forðað sér ef það sér eða hittir nafngreindan barnaníðing og í slíkum tilfellum er það verndandi.

Átak eða herferð sem þessi gegn barnaníðingum getur einnig verið tvíþent og dregið athyglina frá því vandamáli að algengast er að fjölskyldutengdir aðilar beiti börn kynferðislegu ofbeldi (Ársskýrsla Samtaka um kvennaathvarf, 2007a og 2008a, Ársskýrsla Stígamóta, 2007b og 2008b).

O'Halloran (2005) sýndi fram á að þögn getur villt um fyrir lesendum dagblaða þegar félagslegu samhengi er lýst. Hann beitti orðræðugreiningu til að rannsaka vefsíðu dagblaðs í Bretlandi sem var sett upp sem herferð gegn barnaníðingum, eins og frá var greint í kaflanum um afmörkun á fræðasviðinu í fræðilega kafla ritgerðarinnar. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að þögn sem ríkti í textunum um félagslegt samhengi orðræðunnar, til dæmis fjölskyldumeðlimi sem gerendur og heimilið sem vettvang, leiddi til þess að lesendur áttu auðvelt með að draga rangar ályktanir (O'Halloran, 2005, bls. 1945–1964).

Forstjóri Barnaverndarstofu benti á það í viðtali, sem er hluti af gagnasafninu 2005 og kemur fram í fræðsluorðræðunni, að:

„Flest brotin eru ekki framin af þessum eiginlegu barnaníðingum eða pedófilum, einstaklingum með barnagirnd; þeir eru aðeins örlítið brot af heildarfjöldanum ... að sumu leyti er skiljanlegt að athyglin beinist að þeim því þeir eru hættulegastir, eru líklegastir til að vera síbrotamenn og þeirra fórnarlömb eru þess vegna mun fleiri en hinna.“ (Mbl. 27.11.05).

Það er vandasamt að fjalla um málefni barna sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi og það er sjálfsagt ekki til nein ein leið í því. Yfir slíku ofbeldi hvílir skömm og þögn, en það er von mín að þeir sem skrifa um málefnið í prentmiðla vandi til verksins og taki mið af því hversu flókið og margslungið það er.

Nákvæmar lýsingar á ofbeldi á heimilum eru einkennandi fyrir reynsluorðræðuna. Ofbeldisatvikum er lýst á hlutlægan hátt, jafnframt því sem áhrifum ofbeldisins er lýst huglægt. Líkt og í fræðsluorðræðunni er óskin um að þögnin um ofbeldið verði rofin rauður þráður. Einnig koma fram væntingar fólks um að aukin þekking leiði til bættra vinnubragða og forvarna í málefnum barna sem beitt eru ofbeldi. Að því leyti er skörun við fræðsluorðræðuna þar sem þekkingar um ofbeldi á heimilum er aflað og henni miðlað. Í fræðsluorðræðunni eru þrástefin fræðsla og forvarnir og í reynsluorðræðunni er vænting um að þekkingin leiði til bættrar stöðu barna sem beitt eru ofbeldi. Tilgangur viðtalanna er að upplýsa aðrar konur og ungar stelpur um einkenni heimilisofbeldis og vera fyrirmynd kvenna í því að rjúfa vítahring ofbeldis á heimilum. Viðtöl geta verið hentug aðferð til að nýta reynslu fólks í baráttunni gegn ofbeldi á heimilum og eru fjölmiðlar mikilvægur vettvangur í þeirri baráttu.

Vonandi verða frásagnir fjölda íslenskra karlmanna sem treystu sér til að skýra frá ömurlegri æsku bernsku sinnar á Breiðavíkurheimilinu á sínum tíma til að bæta framtíðarstöðu barna sem vistast á meðferðarheimilum.

Á einum stað í gagnasafninu gefa prentmiðlarnir mynd af manneskju sem hefur öðlast nýtt og betra líf með því að rjúfa þögnina um ofbeldi sem hún var beitt í æsku og vinna á þeirri skömm sem yfir því hvílir. Viðtal við Thelmu Ásdísardóttur er dæmi um slíkt. Fjölmiðlar hafa hlutverk í því að benda á það sem vel fer og vekja vonir hjá fólki.

Aðlögun er nokkuð einkennandi í reynsluorðræðunni, mörkin milli eðlilegra og óeðlilegra samskipta hjóna og sambúðarfólks færast til og ofbeldið verður eins og „eðlilegur“ hluti sambandsins án þess að fólk átti sig á því. Aðlögunar gætir einnig í viðhorfum til barna sem búa við ofbeldi á heimilum sínum, sem kemur fram í því að þau verða ekki vör við ofbeldið.

Vald reynsluorðræðunnar felst í frásögnum kvennanna sem bjuggu við ofbeldi á heimilum sínum og höfðu reynt slíkt, í sögu Thelmu Ásdísardóttur sem og í reynslu „Breiðavíkurdrengjanna“.

Í næsta kafla fjalla ég um þögn sem ríkir í orðræðunni.

## 5.6 Þögn

Hið ósagða eða þögnin er mikilvægt atriði þegar orðræða er athuguð. Orðræða er ekki bara orð á blaði eða úr munni heldur einnig óyrtar hugmyndir eða athafnir, þættir sem eru samofnir hinu félagslega samhengi sem athugað er.

Í þeirri greiningu sem hér hefur verið gerð sáust nokkur atriði sem ekki var fjallað um í greinunum eða að mjög takmörkuðu leyti. Orðræða er hluti af öðru félagslegu samhengi og þegar þættir sem tengjast því eru ekki nefndir eru þeir huldur þögn eðli málsins samkvæmt. Hér vekur athygli eins og fram kom í töflu 4 að andlegt ofbeldi gegn börnum var einungis til umfjöllunar í 1% greina í gagnasafninu, eða alls þrjú dæmi. Eitt dæmið var í grein um Sögu Thelmu og tvö dæmi voru úr lögreglufréttum. Hið sama átti við um vanrækslu, sem kom fyrir í 3% greinanna, eða í átta skipti, og þar af þrisvar í greinum um félagasamtökin Blátt áfram. Þetta verður að teljast lítilfjörleg umfjöllun um vanrækslu í því gagnasafni sem hér er til athugunar. Dæmi um það er að 34% tilkynninga til barnaverndarnefnda á Íslandi 2009 voru vegna gruns um vanrækslu (Barnaverndarstofa, 2009). Söderholm (2006) fjallar um vanrækslu, líkamlegt ofbeldi og kynferðislega misnotkun og skilgreinir þessi form ofbeldis. Hún ræðir um vanrækslu á grunnþörfum barna, sem eru ást jafnt sem líkamleg og tilfinningaleg umhyggja. Börn eru vanrækt þegar þau fá grunnþörfum sínum ekki fullnægt, óháð orsökum. Söderholm hefur ásamt fleirum vakið athygli á því að vanræksla sé algengara birtingarform ofbeldis gegn börnum en líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Hún hefur þrátt fyrir það fengið svo litla athygli að talað er um að vanræksla sé vanrækt í rannsóknum (Söderholm, 2006; bls. 8–29). Að öllu jöfnu telst það ekki vanræksla nema umönnun og öryggi barns sé sífellt ábótavant. Það má segja að vanræksla sé skilgreind sem endurtekinn skortur á viðeigandi umönnun barns. Þegar um líkamlega vanrækslu er að ræða er látið afskiptalaust að sinna grunnþörfum barnsins sem eru meðal annars fæði, klæði, húsaskjól, nauðsynleg heilbrigðisþjónusta og nám. Tilfinningaleg vanræksla felur í sér að tilfinningalegum þörfum barns er ekki fullnægt, sem nauðsynlegt er til þess að það geti þroskast eðlilega. Barnið er sniðgengið dags daglega og því ekki veitt athygli, áhugi né stuðningur (Dubowitz og Depanfilis, 2000, bls. 10–11).

Þögnina sem ríkir í gagnasafninu má því taka sem eina staðfestingu í anda umfjöllunar Söderholms og fleiri aðila.

Eins og fram kom í töflu 5 voru börn nefnd í 44 greinum um dómsmál. Af þeim fjölluðu 37 þeirra um gengna dóma í kyferðisbrotamálum gegn börnum og voru þeir allir gegn stúlkum. Áður hefur verið fjallað um að oftast er greint frá og vakin athygli á stúlkum í tengslum við kynferðisbrot. Má það vera vegna þess að slík brot eru fleiri

og koma upp á yfirborðið. Í gagnasafninu var einungis fimm sinnum minnst á kynferðislega misnotkun á drengjum. Óháð orsökum er ljóst að þögn ríkir í gagnasafninu um slíka misnotkun. Í einni grein var þá vísað í könnun Rannsóknar og greiningar frá 2004, þar sem fram kom að 3,7% drengja í framhaldsskólum hefðu þegið greiðslu eða greiða fyrir kynmök. Í þremur lögreflufréttum var greint frá grunsemdum um kynferðislega misnotkun á drengjum, allar af erlendum vettvangi. Í einni grein um nafngreindan barnaníðing var fjallað um kynferðislegt ofbeldi gegn drengjum. Það er athyglisvert að í fjórum þessara dæma var greint frá kynferðislegri misnotkun á drengjum af hendi barnaníðinga sem ekki tengjast fjölskyldum þeirra. Það er hugsanlegt að drengir hafi stærra athafnasvið utan heimilisins en stúlkur og að aðhald foreldra sé veikara gagnvart sonum en dætrum. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur gætu 20% barna á Íslandi sem sæta kynferðislegri misnotkun verið drengir (Morgunblaðið, 2002). Þetta hlutfall hefur þó ekki verið staðfest og þarfnast frekari rannsókna.

Í gagnasafninu var ekki fjallað um konur sem beita börn kynferðislegu ofbeldi hér á landi. Einungis fannst eitt dæmi í gagnasafninu um konu sem grunuð var um að hafa misnotað tvo syni sína kynferðislega og var það norsk frétt. Pringle bendir á dulinn hóp kvenna sem misnoti börn kynferðislega og telur að konur fremji 5–15% slíkra glæpa. Hann bendir jafnframt á að þessar tölur séu óruggar vegna skorts á rannsóknum á efninu (Pringle, 2007, bls. 245).

Samkvæmt orðræðunni um börn í umfjöllun þeirra prentmiðla sem hér voru valdir um ofbeldi á heimilum á þeim tímabilum sem athuguð voru, mætti halda að íslenskt samfélag væri fámenningsarsamfélag. Svo er þó ekki og má nefna að í grunnskólum landsins eru börn frá um það bil 50 þjóðlöndum, sem segir þó ekki alla söguna, en um 3,6% allra grunnskólabarna eiga sér annað móðurmál en íslensku (Hagstofa Íslands, 2009). Eins og fram kom í kaflanum um aðstæður barna er ástæða til að ætla að það sé hluti af ritstjórnarstefnu einhverra prentmiðla og siðareglum blaðamanna að nefna ekki þjóðerni þeirra sem fjallað er um nema það hafi sérstakt upplýsingagildi fyrir umfjöllunina (Rúnar Pálmason, 2008). Það er skiljanlegt að forðast slíkt til að ýta ekki undir stimplun og mismunun vegna uppruna fólks. Það væri áhugavert að kanna nánar samband fjölmenningar og ofbeldis á heimilum.

Í gagnasafninu eru engin skrif eftir börn eða unglinga um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum. Reyndar er sjaldgæft að börn skrifi í blöðin en í ljósi aukinnar umræðu um réttindi og samfélagslega þátttöku barna í kjölfar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem átti 20 ára afmæli á árinu 2009, er vert að nefna þetta. Jafnvel þótt börn skrifi ekki sjálf er ástæða til að velta því fyrir sér hvort tengsl fjölmiðafólks við börn skili sér í almennri umfjöllun blaðanna. Bolzan (2005) taldi orðræðu fjölmiðla um börn og ungmenni neikvæðari en orðræðu fólks sem tók þátt í spurningakönnun um viðhorf sín til barna og ungmenna. Í því samhengi skiptu persónuleg kynni fólks af börnum og ungmennum mestu máli. Jafnframt var það niðurstaða hennar að fólk sem þekkti börn og ungmenni var jákvæðara gagnvart þeim en orðræða fjölmiðla um þau (Bolzan, 2005, bls. 98–112).

Það vekur einnig athygli að í gagnasafninu er aðeins ein grein sem fjallar um fólk sem hefur verið beitt ofbeldi á heimili sínu og hefur komist vel af og lifir góðu og heilbrigðu lífi eftir að ofbeldinu lauk. Það er viðtal við Thelmu Ásdísardóttur sem birtist árið 2005. Í því samhengi má benda á að fjölmiðlar bera ábyrgð á því að fjalla ekki einungis um vandamál, glæpi og erfiðleika sem tengjast því glæpsamlega athæfi sem felst í heimilisofbeldi. Þeim ber einnig að finna dæmi um að fólk jafni sig á áföllum sem tengjast ofbeldi, fjalla um það sem vel gengur og vekja vonir hjá fólki. Þetta kemur lítt fyrir í gagnasafninu þó að einstaka dæmi sé að finna í reynsluorðræðunni.

Í næsta kafla tek ég saman niðurstöður um sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum.

## 5.7 Sýn á börn

Þegar þrástef orðræðunnar um börn í umfjöllun valinna prentmiðla um ofbeldi á heimilum voru skoðuð og mótsagnir í orðræðunni urðu ljósar kom fram að aðallega var fjallað um börn út frá sjónarhóli fullorðinna. Börnin hafa samkvæmt þessu ekki áhrifavald í orðræðunni, birtast ekki sem fullgildir einstaklingar og koma fram sem fremur einsleitur hópur. Þetta er í samræmi við Mason og Falloon (2001) og upphaflegu hugmyndina að rannsókninni. Þær bentu á að orðræða um ofbeldi gegn börnum væri fullorðinsmiðuð og að raddir barna og þekking þeirra fengi lítið rými í fjölmiðlum. Huglægni (e. subjectivities) barna væri ekki gefinn gaumur og upplýsinga um börn væri aflað hjá fullorðnum (Mason

og Falloon, 2001, bls. 99–113). Kitzinger (1990) fjallaði tiltölulega snemma um að börn væru fyrst og fremst sýnileg í tengslum við veruleika fullorðinna (Kitzinger, 1990, bls. 165–166).

Það var lítið fjallað um aðstæður barna, svo sem aldur, kyn, uppruna og daglegt umhverfi. Vissulega er rætt um stúlkur og drengi, nokkur aldursár eru nefnd sem og ólík birtingarform ofbeldis sem börn eru beitt. Það eru hinir fullorðnu sem kynna börn og veruleika þeirra. Börnin eiga sér ekki eigin raddir. Orðræðan um ofbeldi á heimilum einkennist að mestu leyti af verknaðarlýsingum þar sem einkennum og afleiðingum fyrir börn er lýst, eins og dæmin sýna:

Dómurinn telur sannað að maðurinn hafi á tímabilinu 1993–1999 margsinnis þuklað á kynfærum stúlkunnar, haft við hana munnmök og samfarir. Þessi hegðun mannsins er talin hafa átt sér stað allt að tvisvar í viku, oft eftir að móðir stúlkunnar hélt til vinnu á morgnanna. (Fb. 21.10.05).

...sé hið grófa kynferðislega ofbeldi til þess fallið að skaða sjálfsmynd hennar og valda henni gríðarlegum andlegum erfiðleikum síðar meir. (Mbl. 15.03.06).

Þar sem slíkar lýsingar byggja á áliti fullorðinna skortir umfjöllun um eigin reynslu barnanna í þau þekkingarbrot sem fram koma í umfjöllun prentmiðlanna sem voru athugaðir. Þetta samrýmist því sem bernskufélagsfræðingar hafa gagnrýnt sem áherslu á óbeinar myndir (e. proxy) sem dregnar eru upp af börnum (Alldred, 1999, bls. 161).

Överlien (2007) sýndi fram á með yfirliti sínu sem fyrir er getið, að mestur hluti rannsókna var gerður út frá sjónarhóli fullorðinna, en í þeim voru börn sögð hafa þolað ofbeldi, áhersla var lögð á einkenni og afleiðingar en ekki var gert ráð fyrir reynslu barnanna (Överlien, 2007, bls. 238–250)

Í stofnanaorðræðunni birtast börn sem óvirkir einstaklingar sem ganga í gegnum ákveðin þroskastig. Þetta sést í eftirfarandi dæmi:

Sumar stúlkunnanna hefðu og verið á viðkvæmu þroskastigi þegar brotin áttu sér stað. (Mbl. 24.04.08).

Í eldri kenningum um börn og bernsku var gjarnan litið á börn sem ófullgerðar manneskjur eða „hálfþroskaðar“ og/eða óvirka þolendur fullorðinsveruleikans og litið á hugtökin „börn“ og „bernska“ sem sjálfgefin hugtök. Bernskan er þar eins og undirbúningsstig fyrir það sem koma skal eða felur í sér væntingar um það sem skiptir máli. Þannig verður tilgangur bernskunnar að aðlaga börn að samfélaginu og felur ekki í sér möguleika til félagslegra áhrifa (Qvortrup, 1991, bls. 12–17 og Eriksson, 2007, bls. 15–16).

Í fræðsluorðræðunni er litið á börn sem virkar persónur sem hafa áhrif á umhverfi sitt og bregðast við ofbeldi. Dæmi:

Börn sem búa við heimilisofbeldi vita alltaf hvað er í gangi þó þau sæti ekki ofbeldi sjálf. Þau eru sérfræðingar í foreldrum sínum og þekkja sveiflurnar og vita hvenær von er á ofbeldishrinu af hendi ofbeldismannsins ... Þau hljóta stundum refsingu fyrir að segja frá eða mótmæla ofbeldinu. (DV 22.10.05).

Við fáum gjarnan svör á borð við að börnin hafi ekki vitað af þessu, þau hafi aldrei verið viðstödd. Það er að okkar mati goðsögn sem stenst ekki. Börn verða undantekningalaust vör við heimilisofbeldi. Ef ekki með beinum hætti þá óbeinum. Fjölskyldur eru eins og óróar – ef tveir endar dingla hastarlega þá dinglar allur óróinn. (Fbl. 26.01.08).

Einstöku rannsóknir eru kynntar þar sem börn og unglingar eru þátttakendur á eigin forsendum, til dæmis rannsóknin *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem ritgerð mín er hluti af. Þar fyrir utan er það helst í greinum um félagasamtökin Blátt áfram sem fjallað er um börn út frá sjónarhóli barna. Það kemur til dæmis fram þegar fjallað er um að börn þurfi að læra um líkama sinn, um ólík form ofbeldis gegn börnum og að þau geti nýtt sér það til að bregðast við ofbeldi. Dæmi:

X kveðst vonast til að verkið (leikritið Krakkarnir í hverfinu, aths. höf.) vekji börn til vitundar um að ofbeldi gegn börnum þurfi að ræða á opinskáan hátt og að við sýnum þeim að fyrra bragði að það séu til leiðir fyrir þau til að leita hjálpar. (Mbl. 19.10.05).



Það er athyglisvert hve vel skilaboð Blátt áfram samrýmast nýlegum kenningum um börn og bernsku. Hér eru börn tekin til greina, talin vera virkir einstaklingar sem bregðast við ofbeldi á heimilum sínum á persónubundinn hátt. Í því sambandi er litið á bernskuna sem hluta samfélagsins, svið eða svæði þar sem börn taka þátt í viðburðum, hafa áhrif á samfélagið og verða jafnframt fyrir áhrifum af því (Qvortrup, 1991, bls. 17 og Eriksson, 2007, bls. 15–16). Að vísu er til gagnrýni á fræðsluáhersluna og ljóst að slíkt þarf að fara fram að teknu tilliti til aðstæðna, til dæmis er það mikil ábyrgð að kenna börnum að segja nei, sem getur reynst þeim ofviða í aðstæðum sem þau hafa engin áhrif á. Í því samhengi er vert að minnast á fræðsluáttak sem fram fór í Nýja Suður-Wales til að rjúfa þögnina um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og fræða almenning. Fræðsluherferðin stóð yfir í tvö ár og var bæði í sjónvarpi, útvarpi og prentmiðlum. Gagnrýnt var að erfitt reyndist að ná til fólks af öðrum þjóðarbrotum en þeim sem töluðu ensku, sem er opinbert mál í landinu, þó að allt efni hafi verið þýtt á mörg önnur tungumál. Einnig var gagnrýnt að þjónusta við þann aukna fjölda fólks sem leitaði sér aðstoðar í kjölfar herferðarinnar var ekki aukin. Á meðan á fræðsluherferðinni stóð var fólk meðal annars spurt, í þrjú skipti yfir ákveðið tímabil, að því hvað það myndi gera ef grunur um misbeitingu kæmi upp. Meðal svarmöguleika var „að tala við misgerðarmanninn“ og jókst svörun við þessum möguleika á tímabilinu. Þetta olli rannsakendum áhyggjum vegna þess að þó það virðist jákvætt að fólk vilji mæta vandanum augliti til auglitis getur það aukið varnarleysi barna sem beitt eru ofbeldi (Calvert, 1992, bls. 23–40).

Í reynsluorðræðunni er á hinn bóginn rætt um börn sem óvirka einstaklinga, þau verða ekki vör við ofbeldi á heimilum sínum. Dæmi um þetta kemur fyrir í viðtali við konu sem sótti sér aðstoð í Kvennaathvarfinu. Þar segir:

Þær (Kvennaathvarfskonur, aths. höf.) bentu mér líka á hvaða afleiðingar ofbeldið hefði fyrir börnin. Ég hafði sjálf lokað á að þetta hefði áhrif á þau. (Mannlíf í mars 2008).

Þetta er í samræmi við skrif ýmissa um að oft ríki þögn milli barna og mæðra á meðan á ofbeldinu stendur. Hefur það verið skýrt sem eins konar verndarmúr sem báðir aðilar reisi sín á milli (Mullender o.fl., 2002, bls. 211). Börnin reyni að særa ekki móður og leyni því fyrir henni þeim

áhrifum sem þau verða fyrir. Mæðurnar gera það í sama skyni en einnig vegna þess að þær skammast sín fyrir ástandið.

Einnig kemur fram að ekki er hlustað á börn, þeim er ekki trúað þegar þau segja frá ofbeldi gegn sér eins og sést í þessu dæmi:

Nokkrir vistmenn sögðust hafa sagt honum frá ofbeldinu en engin viðbrögð fengið. (Mbl. 23.02.08).

Þó felast þau áberandi skilaboð í reynsluorðræðunni að með aukinni þekkingu sé hægt að rjúfa þá þögn og skömm sem hvílir yfir ofbeldi gegn börnum. Dæmi um þetta koma fram í eftirfarandi tilvitnunum í Sögu Thelmu og í Breiðavíkurmál:

Eins og mikið hefur verið rætt í fjölmiðlum síðan bókin kom út eru það ekki bara afhjúpanirnar á hinu óhugnanlega ofbeldi sem vekja óhug heldur ekki síður sú núturlega staðreynd að enginn gat komið stúlkubörnunum og móður þeirra til hjálpar þótt það væri á margra vitorði hvað var á seyði innan veggja heimilisins. Ef þessi bók verður til þess að vekja fólk til vitundar um samfélagslega ábyrgð þeirra gagnvart öllum börnum og velferð þeirra er til mikils unnið. (Mbl. 22.10.05).

Ég vildi að þetta mál kæmi fram í dagsljósið svo hægt yrði að gæta betur að hag barna samtímans. Það sem þarna gerðist má aldrei endurtaka sig og vona ég að lærdómur verði dreginn af því sem þarna gerðist. (Fbl. 23.02.08).

Það er bitur reynsla að líta um öxl og minnst ofbeldis úr æsku sinni, slíkan lærdóm þarf að taka til greina til að þögn þeirra sem nú feta sig um stigu bernskunnar verði rofin. Það er einnig mikilvægt að nýta þekkingu og reynslu barna af sínum eigin veruleika og þeirra eigin hugmyndir um bjargir.



## 6 Lokaorð

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum. Kannað var hvort athygli beindist að börnum og aðstæðum þeirra þegar fjallað væri um ofbeldi á heimilum. Einnig var athugað hvernig sú athygli væri og að hvaða marki væri fjallað um börn í þeirri umræðu. Athugunin byggði á því að rýna í texta valinna prentmiðla yfir ákveðin tímabil og greina orðræðu um börn.

Í því gagnasafni sem hér var rannsakað virðist aðallega fjallað um börn út frá sjónarhóli fullorðinna. Börn hafa samkvæmt þessu ekki áhrifavald í orðræðunni, þau birtast ekki sem fullgildir einstaklingar og koma fram sem einsleitur hópur. Hugtakið *barn* var aðallega notað án þess að margbreytileikinn sem í því felst kæmi fram. Niðurstaðan varðandi sýn á börn var sú að ríkjandi orðræða um börn lýsir þeim sem aðgerðalausum einstaklingum, sem verða ekki varir við ofbeldi á heimilum sínum. Víkjandi er sú barnlæga orðræða sem gengur út frá því að þau séu virkar persónur sem hafi áhrif á umhverfi sitt og bregðist við ofbeldi á heimilum sínum.

Það vekur athygli að prentmiðlarnir fjölluðu um efnið á ólíkan hátt. Miðlarnir hafa ólík markmið og vilja höfða til ólíkra lesenda. Sveinn Helgason (2005) leggur áherslu á að fjölmiðlar eigi að vera ólíkir og telur íslenska fjölmiðla vera það (Sveinn Helgason, 2005, bls. 15). Í þeirri umfjöllun sem hér var rýnt í virtist DV leggja áherslu á glæpinn, þar sem ofbeldi á heimilum var persónugert og bundið við einstaklinga. Svipað má segja um tímaritið *Mannlíf* sem lagði áherslu á lífsreynsluviðtöl. Morgunblaðið og Fréttablaðið fjölluðu meira um málefnið á samfélagslegum nótum, til dæmis um rannsóknir, starfsemi félagasamtaka og stofnanir samfélagsins, þó að einnig væri töluverð áhersla lögð á glæpinn og einstaklinginn. „Vald fjölmiðla liggur í áhrifum á viðhorf, atferli og dreifingu upplýsinga og þetta vald er hægt að nýta á marga vegu, bæði til góðs og ills fyrir samfélagið“ (Hildigunnur Ólafsdóttir, 2005, bls. 20). Samstarf fjölmiðla við stofnanir samfélagsins, svo sem dómstóla og lögreglu, er mikilvægur liður í að styrkja opinbera málsmeðferð í sakamállum. Svipað mætti segja um önnur svið samfélagsins, til dæmis félagasamtök sem vinna gegn ofbeldi á heimilum, félagsmálastofnanir, menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir.

Prenns konar orðræða greindist í gagnasafninu; stofnanaorðræða, fræðsluorðræða og reynsluorðræða. Mótsagnir birtast í því að í stofnanaorðræðu er sýnin á börn einsleit og fremur litið á þau sem ófullgerða fullorðna og í reynsluorðræðunni er sýn á börn sú að þau verði ekki vör við ofbeldi á heimilum sínum og ofbeldið hafi ekki áhrif á þau. Á hinn bóginn er í fræðsluorðræðu bent á margbreytileika barna og að þau séu gerendur í eigin lífi. Það er sameiginlegt stofnanaorðræðu, reynsluorðræðu og fræðsluorðræðu að undirstrika þörfina fyrir vernd barna. Í stofnanaorðræðu er fjallað meira um afskipti samanborið við fræðsluorðræðu þar sem þekkingu er miðlað og rætt um mikilvægi fræðslu og forvarna. Alls staðar koma fram talsmenn þess að þögnin um ofbeldi á heimilum verði rofin. Ástæðurnar kunna þó að vera ólíkar. Stofnanaorðræðan er nokkuð einhliða meðal annars með áherslu sinni á dómstóla og kynferðislegt ofbeldi. Hætt er við að það viðhaldi staðalmyndum og ýti undir þolendasýn á kostnað eflandi skilaboða. Inntak fræðslu- og reynsluorðræðu er upplýsandi enda virðist það eitt markmiðanna. Viðtöl reynsluorðræðunnar eru dæmi um „mjúka“ umfjöllun þrátt fyrir þau hördi skilaboð að ofbeldi sé ógn og skelfing en með hjálp annarra sé hægt að lifa af og brjótast út úr ofbeldinu. Í reynsluorðræðunni er einnig að finna æsifréttir um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum, sem settar eru fram á tilfinningaþrunginn hátt og virðist ætlað að vekja óhugnað og hneykslun. Sem dæmið um það eru greinar um nafngreinda barnaníðinga. Kitzinger (2004) bendir á mikilvægi þess að blaðamenn fjalli á raunsannan hátt um gerendur kynferðisbrota gegn börnum og tekur dæmi af ungru konu sem trúði ekki systur sinni þegar hún sagði frá kynferðisofbeldi gegn sér vegna þess að gerandinn féll ekki að þeirri stöðluðu ímynd af gerendum sem hún hafði fengið úr fjölmiðlum. Annað dæmi tekur hún af unglingi sem þorði ekki að leita sér aðstoðar hjá félagsráðgjafa vegna slæmrar ímyndar sem unglingnum fannst fjölmiðlar hafa gefið af félagsráðgjöfum (Kitzinger, 2004, bls. 196).

Valdhafar stofnanaorðræðunnar, fræðsluorðræðunnar og reynsluorðræðunnar hafa líklega ólík markmið og ólíkra hagsmuna að gæta. Stofnanir, samtök og fagstéttir tala fyrir sínum málaflokkum og kynna sig og sína starfsemi. Prentmiðlar og aðrir fjölmiðlar gætu í auknum mæli nýtt það vald sem liggur til grundvallar stofnanaorðræðu, fræðsluorðræðu og reynsluorðræðu, skapað tengingar milli þeirra og aukið þannig umfjöllun um ofbeldi á heimilum, ofbeldi gegn börnum og áhrif þess á

þau á raunsannan hátt. Einstaklingar sem hafa reynslu að ofbeldi á heimilum sínum skýra frá reynslu sinni í þeim tilgangi að rjúfa þögnina sem hvílir yfir ofbeldinu. Í bókinni *Myndin af þabba Saga Thelmu* segir Thelma „Það sem aldrei er rætt virðist ekki vera til“ (Gerður Kristný, 2005, bls. 215). Úr þeirri tilvitnun er heiti ritgerðarinnar unnið; ekki rætt, ekki til. Félagasamtök og sérfræðingar fræðsluorðræðunnar hafa þekkinguna og fulltrúar stjórnvalda, dómsmálayfirvalda og lögreglu-yfirvalda taka þátt í stofnanaorðræðunni. Það er von mín að hægt verði að setja á stofn fjölmiðlavakt sem hefði það markmið að gæta að umfjöllun um ofbeldi gegn börnum og stuðla að því að hún sé raunsönn og trúverðug. Slík fjölmiðlavakt gæti verið á vettvangi Umboðsmanns barna eða Barnaheilla, í samstarfi við Bláðamannafélag Íslands.

Aðstæður barna voru lítið ræddar í umfjöllun prentmiðla. Aldur barna var nefndur í um það bil þriðjungi þeirra tilvika sem barna var getið, oftast aldurinn 8–12 ára, og kyn var nefnt í rúmlega helmingi þeirra skipta sem börn voru nefnd. Mun meira var fjallað um stúlkur en drengi, eða í hlutfallinu 3:1, án þess að nokkuð væri rætt eða ígrundað hvort þessi munur skipti máli. Að sama skapi var lítið fjallað um uppruna barna, búsetu, daglegt umhverfi, aðkomu ættingja, vina, nágranna, skólans og fleira sem skiptir máli þegar rætt er um sýn á börn. Þetta er takmarkað sjónarhorn sem sniðgengur samspil margra þátta sem hafa áhrif á uppvöxt og líf barna og bendir til þess að börnin sjálf veki ekki mikla athygli sem einstaklingar heldur séu þau frekar viðfangsefni (Eriksson, 2007 og Pringle, 2007). Í gagnasafninu ríkir þögn um börn af erlendum uppruna. Í rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* tókst til dæmis ekki að finna börn af öðru þjóðerni en íslensku til að taka þátt í viðtölum þrátt fyrir ítrekaða leit og ósk um stuðning, meðal annars með túlkþjónustu.

Sterkasta ímyndin sem dregin er upp af börnum í gagnasafninu er af stúlkum sem beittar eru kynferðislegu ofbeldi. Það var langoftast skrifað um þetta birtingarform ofbeldis gegn börnum í gagnasafninu og til dæmis má nefna að allir gengnir dómar í kynferðisbrotamállum gegn börnum voru gegn stúlkum. Valdbeiting á heimilum gegn börnum er mun margþættari eins og kemur fram í viðtalshluta rannsóknarinnar *Þekking barna á ofbeldi á heimilum*. Kynferðislegt ofbeldi gegn stúlkum hefur fengið mikla athygli hér á landi og það endurspeglast í gagnasafninu. Það festir í sessi þá staðalímynd að konur séu þolendur og karlar gerendur. Eins og fram hefur komið ríkir þögn um drengi sem verða fyrir ofbeldi á heimilum og um konur sem beita börn og karla ofbeldi. Þetta virðast því

dæmi um mál sem fara enn leynt í okkar samfélagi og verða meðal annars fyrir þöggun prentmiðlanna. Það er óhætt að fullyrða að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum vekur meiri siðferðilega hneykslun en annars konar ofbeldi, að undanskildu líkamlegu ofbeldi sem leiðir til dauða eða andlegu ofbeldi sem leiðir til sjálfsvígs. Kynferðisbrot gegn börnum eða grunur um þau eru því fréttæmari en margt annað og fjölmiðlar eru á höttunum eftir slíku. Þar sem önnur birtingarform ofbeldis eru einnig alvarleg getur mikil athygli á eina tegund misbeitingar ýtt undir að öðrum sé ekki nægilega sinnt, en því til stuðnings má nefna fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda á Íslandi um áhættu hegðun barna og vanrækslu á börnum (Barnaverndarstofa, 2009). Barnahús hefur á áberandi hátt látið til sín taka rannsóknir kynferðisbrota á börnum út frá hagsmunum þeirra enda er það fulltrúi barnaverndaryfirvalda. Ein grein birtist í gagnasafninu um slíkt en hún var um rannsóknarverkefni fjórðaársnema í félagsráðgjöf á áhrifum fjölmiðlaumfjöllunar um kynferðislega misnotkun á fjölda rannsóknarviðtala í Barnahúsi (Mbl. 07.05.06). Hugmyndin að verkefninu hafði vaknað í kjölfar útgáfu bókarinnar *Myndin af þabba Saga Thelmu* (Gerður Kristný, 2005). Barnahús nær eingöngu til málefna einstakra barna þar sem grunur leikur á að þau hafi sætt kynferðislegri áreitni eða ofbeldi.

Í textunum kemur fram að áhrifa ofbeldis á börn gæti seinna á lífsleiðinni, þegar „börnin“ eru orðin fullorðin eða á unglingsaldri. Þar má greina undirtón um að börn þurfi að fá aðstoð á meðan þau eru börn til að vinna gegn alvarlegum áhrifum ofbeldis. Fullorðnir setja efnið fram og fjalla á afturvirknan hátt um að börn verði fyrir neikvæðum áhrifum af ofbeldinu. Það er mikilvægt fyrir komandi kynslóðir að safna reynslu fullorðins fólks sem búið hefur við ofbeldi í æsku svo draga megi lærdóm af því. En brýnt er að dýpka umfjöllunina til að draga fram hve alvarleg og margslungin þessi mál eru og til að raddir barnanna sjálfra fái að hljóma í umræðunni og hugmyndir þeirra um æskileg viðbrögð og breytingar komist á. Í gagnasafninu er ekki að finna frásagnir af börnum sem hafa komist vel af þrátt fyrir mótlætið. Á einum stað gáfu prentmiðlarnir mynd af fullorðinni manneskju sem öðlaðist nýtt og betra líf með því að rjúfa þögnina um ofbeldi sem hún var beitt í æsku og vinna á skömminni sem yfir því hvílir. Viðtal við Thelmu Ásdísardóttur var dæmi um slíkt. Valdastaða barna og fullorðinna gagnvart fjölmiðlum er auðvitað gjörólík. Börn eiga að njóta verndar og sú vernd má ekki felast í þögn.

Umfjöllun um áhrif ofbeldis á börn ætti að taka meira mið af nýlegum bernskurannsóknum og líta á barnið í samhengi við umhverfi sitt og fylgja þróun í félagsfræðum bernskunnar og barnasálfræði nútímans. Ef fjölmiðlar einbeittu sér að fjölbreyttari heimildum í umfjöllun um börn og ofbeldi kynni hún að snúa meira að börnunum sjálfum, þekkingu þeirra og reynslu.

Það er ljóst að börn eru ekki í brennidepli í því gagnasafni sem hér var rannsakað. Dæmi um það voru afar fá, en þau var helst að finna í fræðsluorðræðunni, þar sem meðal annars var bent á þann misskilning að börn verði ekki vör við ofbeldið heima við. Í rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* hefur óyggjandi verið sýnt fram á að talsverður hluti barna hefur þessa vitneskju (Guðrún Kristinsdóttir o.fl., 2007, bls. 28).

Það er mikilvægt að velta því fyrir sér hvaða leiðir til áhrifa eru til fyrir börn í nútímanum, til dæmis innan skólakerfisins. Börn vita að ef þau meiða sig í skólanum þá eiga þau að leita til skólahljúkrunarfræðings og ef þau þurfa stuðning í námi vita þau að sérkennarar aðstoða þau. Nemendur geta leitað til námsráðgjafa til að fá ráðleggingar um námið og námstækni. Hvernig geta börn fengið upplýsingar um hvert þau eigi að leita innan skólans ef þau búa við ofbeldi á heimili sínu? Skólafólk þarf að taka höndum saman og vinna aðgerðaáætlanir fyrir slík börn alveg á sama hátt og til eru aðgerðaáætlanir í mörgum skólum vegna jafnréttis, eineltis og sorgaráfalla svo dæmi séu tekin.

Í gagnasafninu er einungis eitt dæmi um bjargráð til barna sem þau geta nýtt sér til að hafa áhrif en það er Neyðarlínan 112. Það kom á óvart að í gagnasafninu skyldi ekki oftast vera bent á úrræði fyrir börn til að leita sér hjálpar í þeirri grafalvarlegu stöðu sem ofbeldi á heimilum er. Símanúmer lögreglu og símalínu Rauða krossins ætti að birta í tengslum við skrif og umfjöllun um málefnið. Það er mikilvægt að afla þekkingar hjá börnum og unglingum um bjargráð í þessu samhengi. Þau hafa margt að segja um sínar aðstæður og vilja að tekið sé mark á sér.

Í rýnihópaviðtölunum lögðu unglingarnir, bæði stelpur og strákar, mikla áherslu á það í umræðum sínum að alltaf ætti að láta vita hvar væri hægt að fá hjálp þegar skrifað væri um ofbeldi á heimilum í dagblöð og tímarit, til dæmis með því að gefa upp símanúmer. Ábending sem þessi frá unglingum er mikilvæg og vona ég að hún verði að veruleika þegar fjallað er um börn og ofbeldi á heimilum í fjölmiðlum.



Raddir barna hljómuðu ekki í umfjöllun prentmiðla um ofbeldi á heimilum. Í gagnasafninu voru engin skrif eftir börn eða unglunga um ofbeldi á heimilum og ofbeldi gegn börnum. Fullorðnir koma fram fyrir þeirra hönd og kynna veruleika þeirra. Nýlegar bernskurannsóknir sýna að börn búa yfir þekkingu á eigin aðstæðum og daglegu lífi (Överlien, 2007, Eriksson, 2007 og 2008). Í 12. grein *Samningsins um réttindi barna* segir að börn eigi rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska (Umboðsmaður barna, 2010). Börn eru ekki einsleitur hópur. Þau hafa mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Í rýnihópaviðtölunum kom fram að unglingarnir sem tóku þátt telja að dagblöð og tímarit hafi áhrif á umræðu um ofbeldi á heimilum og að blaðamenn beri mikla ábyrgð á því hvernig fjallað er um efnið. Þau tjáðu að það ætti til dæmis að útskýra að ofbeldi á heimilum væri ekki eðlilegt og venjulegt, svo orðrétt sé haft eftir unglíngunum, svo að krakkar sem búa við það héldu ekki að þetta væri svona hjá öllum. Það væri áhugavert að ræða meira og nánar við unglunga í rýnihópum um viðhorf þeirra til umfjöllunar fjölmiðla um börn og veruleika barna og unglunga.

Ég vona að niðurstöður rannsóknar minnar um sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum auki þekkingu og skilning þeirra sem fjalla um efnið, bæði á opinberum vettvangi og manna á meðal og verði til að auka samfélagslega ábyrgð á velferð barna.

## 7 Heimildaskrá

- Aapola-Kari, S. (2007). *Celebrated but amusing? An intersectional analysis of children's and young people's media portraits*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu European Cultural Studies Conference, Norrköping, Svíþjóð.
- Alderson, P. og Morrow, V. (2004). *Ethics, social research and consulting with children and young people*. Essex: Barnados.
- Allred, P. (1999). Ethnography and discourse analysis. Dilemmas in representing the voices of children. Í Ribbens, J. og Edwards, R. (ritstj.), *Feminist dilemmas in qualitative research* (bls. 147–170). Thousand Oaks, California: Sage.
- Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf (2007a). Sótt 9. júní 2008, frá [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is).
- Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf (2008a). Sótt 7. nóvember 2009, frá [www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)
- Ársskýrsla Stígámóta (2007b). Sótt 5. júní 2008, frá [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)
- Ársskýrsla Stígámóta (2008b). Sótt 14. nóvember 2009, frá [www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)
- Bavelas, J. og Coates, L. (2001). Is it sex or assault? Erotic versus violent language in sexual assault trial judgements. *Journal of Social Distress and the Homeless*, 10(1):29–40.
- Barnaverndarstofa (2009). *Tölulegar upplýsingar um barnaverndarmál*. Sótt 5. mars 2010, frá <http://bvs.is>
- Barfoed, E. M. (2008). *Berättelser om adoption*. Lund Dissertations in Social Work 33, Lund, Svíþjóð. Doktorsritgerð.
- Bergström, G. og Boréus, K. (2000). *Textens mening och makt. Metodbok i samhällsvetenskaplig textanalys*. Lund: Studentlitteratur.
- Blaðamannafélag Íslands. *Síðareglur*. Sótt 18. júní 2008, frá [www.press.is](http://www.press.is)
- Bolzan, N. (2005). “To know them is to love them”, but instead fear and loathing. Community perceptions of young people. Í Mason, J. og Fattore, T. (ritstj.), *Children taken seriously* (bls. 98–254). London: Philadelphia.

- Bowlby, J. (1969). *Attachment and loss*. Vol.1: *Attachment*. New York: Basic books.
- Calvert, G. (1992). Using mass media campaigns to prevent child sexual assault in New South Wales. Í Calvert, G., Ford, A. og Parkinson, P. (ritstj.), *The practice of child protection* (bls.23–40). *Australian approaches*. Sydney: Hale & Iremonger, Ltd.
- Dagblöð í skólum. *Dagblöð í skólum*. Sótt 30. september 2008, frá [www.ismennt.is](http://www.ismennt.is)
- Dubowitz, H. og DePanfilis, D. (2000). *Handbook of child protection practice*. London: Sage.
- DV. *Um DV*. Sótt 12. mars 2010, frá <http://DV.is>
- Edleson, J. L. (1999). The overlap between child maltreatment and woman battering. *Violence Against Women*, 5(2), 134–154.
- Eriksson, M. (2007). Nordiska perspektiv på barn som upplever våld i sin familj. Í Eriksson, M. (ritstj.), *Barn som upplever våld. Nordisk forskning och praktik*. (bls. 5–24). Stockholm: Gothia Förlag.
- Eriksson, M. og Näsman, E. (2008). Att bemöta utsatta barn – som offer och aktörer. Í Eriksson, M., Cater, Å. K., Dahlkild-Öhman, G., Näsman, E. (ritstj.), *Barns röster om våld, att tolka och förstå*. Malmö: Gleerups.
- Fairclough, N. (1995). *Critical discourse analysis: The critical study of language*. Edinburgh: Pearson Education Limited.
- Fairclough, N. (1998). Political discourse in the media: an analytical framework. Í Bell, A. og Garrett, P. (ritstj.), *Approaches to media discourse* (bls. 142–162). Oxford: Blackwell Publishers.
- Félags- og tryggingamálaráðuneyti. (2008). *Stutt samantekt á könnun á ofbeldi gegn konum*. Sótt á heimasíðu ráðuneytis 2. apríl 2008.
- Flick, U. (2005). *An introduction to qualitative research*. London: SAGE Publications.
- Foucault, M. (2005). *Alsæi, vald og þekking*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

- Fox–Harding, L. (1991). *Perspectives in child care practice*. London: Longman.
- France, A., Bendelow, G. og Williams, S. (2002). A “Risky” business: Researching the health beliefs of children and young people. Í Lewis, A. og Lindsay, G. (ritstj.), *Researching children’s perspectives*. Buckingham: Open University Press.
- Fréttablaðið. *Allar upplýsingar um Fréttablaðið*. Sótt 18. júní 2008, frá <http://visir.is>
- Gerður Kristný (2005). *Myndin af pabba: saga Thelmu*. Reykjavík: Vaka–Helgafell.
- Goddard, C., Bernadette, L., Saunders, J. og Tucci, J. (2005). The rapist’s camouflage: “Child prostitution”. *Child Abuse Review*, 14(4):275–291.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins (2008), fjölmiðlafræðingur. *Eiga ákveðin umfjöllunarefni í fjölmiðlum sér þekkt tímabil?* Netpóstsamskipti, 9. desember 2009.
- Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir (2005). *Rannsóknin: Þekking barna á ofbeldi á heimilum*. Óbirt verkefnislýsing. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir, ritstj., Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir, Steinunn Gestsdóttir (2007). *Það er ljótt að meiða*. Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum. Helstu niðurstöður könnunar. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Guðrún Kristinsdóttir og Ingibjörg H. Harðardóttir (2008). Mörg íslensk börn hafa vitneskjuna: Um þekkingu og skilning barna á ofbeldi á heimilum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 84(5), 46–54.
- Hagstofa Íslands. (2009). *Hagtölur–Skólamál*. Sótt 12. nóvember 2009 frá <http://www.hagstofa.is>
- Helgi Gunnlaugsson (2008). Óöld á Íslandi: Fréttaf lutningur af ofbeldi árið 2006. Í Helgi Gunnlaugsson (ritstj.), *Afbrot á Íslandi. Greinasafn í afbrotafræði*. (bls.73–79). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hildigunnur Ólafsdóttir (2005). Fjölmiðlaumfjöllun um sakamál frá sjónarhóli afbrotafræðinnar. *Blaðamaðurinn. Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*, 27. árgangur (2. tölublað), bls. 18–20.

- Howe, A. (1997). The war against women. *Violence Against Women*, 3(1):59–75.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2005). Valdið í orðræðunni: áhrif sagnfræðingsins Foucaults í menntunarránsóknum. Sótt 17. mars 2008, frá <http://ismennt.is/not/ingo/>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2006). Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. (bls. 178–195). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2007, 30. desember). Fjölmennig og sjálfbær þróun. Lykilatriði skólustarfs eða óþægilegir aðskotahlutir? (Vefútgáfa). *Netla*. Sótt 20. mars 2008, frá <http://netla.khi.is>
- James, A. og Prout, A. (1997). *Constructing and reconstructing childhoods. Contemporary issues in the sociological study of childhood*. London: Falmer. James, A., Jenks, C. og Prout, A. (1998). *Theorizing childhood*. Cambridge: Polity Press.
- Jörgenson, M. og Phillips, L. (2000). *Diskursanalys som teori och metod*. Lund: Studentlitteratur.
- Kay, J. (2003). *Protecting children*. London: Continuum.
- Khadka, J., Woodhouse, M., Margrain, T., Ryan, B. og Davies, N. (2008). Focusing children in focus groups. *Ophthalmic & Physiological Optics*, 28(1).
- Kitzinger, J. (1990). Who are you kidding? Children, power, and the struggle against sexual abuse. Í James, A. og Prout, A. (ritstj.), *Constructing and reconstructing childhood: Contemporary issues in the sociological study of childhood* (bls. 157–183). London, N.Y., Philadelphia: The Falmer Press.
- Kitzinger, J. (2004). *Framing abuse. Media influence and public understanding of sexual violence against children*. London, Ann Arbor: Pluto Press.
- Kitzinger, J. (2006, 6. apríl). Child abusers rarely fit media stereotypes. *Western Mail*, bls. 20.

- Kress, G. og van Leeuwen, T. (1998). Front Pages: (The Critical) Analysis of newspaper layout. Í Bell, A. og Garrett, P. (ritstj.), *Approaches to media discourse* (bls. 186–219).
- Kristín Björnsdóttir (2003). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 237–248). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Könnun á starfsemi Breiðavíkurheimilisins 1952 – 1979. Skýrsla nefndar samkvæmt lögum 26/2007. Lögð fyrir Alþingi á 135. Löggjafarþing 2007–2008. Sótt 26.6.2010 frá <http://forsaetisraduneyti.is>*
- Källström Cater, Å. (2004). *Negotiating normality and deviation – father's violence against mother from children's perspectives. Örebro Studies in Social Work 5*, Örebro universitet, institutionen för beteende-, social- och rättsvetenskap. Svíþjóð. Doktorsritgerð.
- Lagerberg, D. (1998). *Barn som far illa – ett dilemma för barnhälsovården? Redovisning av en empirisk studie med en inledande kunskapsöversikt*. Uppsala Universitet.
- Mannlíf. *Um Mannlíf*. Sótt 18. júní 2008, frá [www.mannlif.is](http://www.mannlif.is)
- Mason, J. og Falloon, J. (2001). Some Sydney children define abuse implications for agency in childhood. Í Alanen, L. og Mayall, B (ritstj.), *Conceptualizing child – adult relations* (bls. 99–113). London: Routledge/Falmer.
- McCulloch, G. (2004). *Documentary research in education, history and the social sciences*. Oxon: Routledge.
- McGee, C. (2000). *Childhood experiences of domestic violence*. London: Jessica Kingsley Publishers.
- Mertens, D. (2010). *Research and evaluation in education and psychology*. London: Sage.
- Morgunblaðið Fréttavefur. *Fimmta hver stúlka misnotuð og tíundi hver drengur*. Sótt 17. september 2002 frá <http://mbl.is>
- Morgunblaðið. *Um Morgunblaðið. Um Árvakar*. Sótt 18. júní 2008, frá <http://mbl.is>
- Mullender, A., Hague, A., Imam, U., Kelly, L., Malos, E. og Regan, L. (2002). *Children's perspectives on domestic violence*. London: Sage.

- Mussen, P. H., Conger, J. J., Kagan, J., Huston, A. C. (1990). *Child development and personality* (7. útg.). New York: Harper Collins Publishers.
- Mörður Árnason, ritstj. (2003). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Edda.
- Nanna Þóra Andrésdóttir (2008). *Ofbeldi á heimilum og líðan unglunga í skóla*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Nanna Þóra Andrésdóttir (2010). Líðan unglunga í skóla sem lifað hafa við ofbeldi á heimili. *Glæður*, bls. 10–16.
- Ogden, T. og Backe-Hansen, E. (1994). Norsk barnevern i et internasjonalt perspektiv – trender og fokus. Í Evans, T.D., Frønes, I. og Kjølrsrød, L. (ritstj.), *Velferdssamfunnets barn* (bls. 83–94). Oslo: Ad Notam Gyldendal AS.
- O'Halloran, K. (2005). Mystification and social agent absences: a critical discourse analysis using evolutionary psychology. *Journal of Pragmatics*, 37:1945–1964.
- Patton, M. (1990). *Qualitative evaluation and research methods*. London: Sage.
- Phillips, D. og Henderson, D. (1999). “Patient was hit in the face by a fist...” A discourse analysis of male violence against women. *American Journal of Orthopsychiatry*, 69(1):116121.
- Popkewitz, T. og Brennan, M. (1998). *Foucault's challenge: discourse, knowledge and power in education*. New York: Teachers College Press.
- Pringle, K. (2007). Försummada frágör – etnicitet, kön och álder. Í M. Eriksson (ritstj.), *Barn som upplever våld. Nordisk forskning och praktik* (bls. 236–253). Stockholm: Gothia Förlag.
- Qvortrup, J. (1991). *Childhood as a social phenomenon – An introduction to a series of national reports*. (Eurosocial Report nr. 36). Eurosocial Wien.
- Qvortrup, J. (1994). *Børn halv pris. Nordisk barndom i samfundsperspektiv*. Esbjerg: Sydjysk Universitetsforlag og forfatteren.
- Rúnar Pálmason (2008. apríl). *Sjónarhorn blaðamannsins*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni *Er hinn grunaði útlendingur*. Kópavogi.

- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992). Nr. 18 2. nóvember. Sótt 31. mars 2010, frá [www.althingi.is](http://www.althingi.is)
- Schow, D. (2006). The culture of domestic violence advocacy: Values of equality behaviors of control. *Women 's Health*, 43(4):49–68.
- Sigurður Kristinsson (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–179). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (2005). *Doing qualitative research*. London: Sage Publications.
- Skýrsla Sameinuðu þjóðanna (án árs). Violence against children in the home and family. Sótt 31. mars 2010, frá [www.violencestudy.org](http://www.violencestudy.org)
- Solberg, A. (2007). Hur förhåller sig barn till våld i hemmet?. Í Eriksson, M. (ritstj.), *Barn som upplever våld. Nordisk forskning och praktik*. (bls. 25–37). Stockholm: Gothia Förlag.
- Sóley S. Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85–99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stefán Jökulsson (2008). Lektor í kennslufræði með áherslu á miðlun og miðlalæsi. *Eiga ákveðin umfjöllunarefni í fjölmiðlum sér þekkt tímabil?* Netþóstsamskipti, 8. desember 2009.
- Steinunn Gestsdóttir og Margrét Ólafsdóttir (2007). Hugmyndir barna og unglunga um ofbeldi á heimilum: Skilningur og úrræði. *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (bls. 623–634). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sveinn Helgason (2005). Ólíkir fjölmiðlar ólík vinnubrögð. *Blaðamaðurinn. Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands*, 27. árgangur (2. tölublað), bls. 15–17.
- Söderholm, A. (2006). När barn far illa. *Finska Läkarsällskapets Handlingar*, 166(2):23–35.
- Umboðsmaður barna. *Barnasáttmálinn í heild*. Sótt 30. apríl 2010, frá <http://www.barn.is>
- Wetherell, M. (2001). *Discourse theory and practice: a reader*. London: Sage.



- Wolcott, H. (1994). Transforming qualitative data. Description, analysis and interpretation. London: Sage.
- Þorbjörn Broddason (2007). Sérfræðingar í sókn eða vörn? Blaða- og fréttamennska á tímum nýmiðlabyttingarinnar. Í Gunnar Þór Jóhannesson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VIII*, (8), (bls. 307–318). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51–66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þórunn Blöndal (2005). *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Överlien, C. (2007). Barn som upplever pappas våld mot mamma – vad säger forskningen? *Nordisk Sosialt Arbeid*, 27(4):238–250.

## Viðauki 1 Bréf til skólastjóra

Reykjavík  
14. febrúar 2008

Til skólastjóra Kópavogsskóla  
Guðmundar Ó. Ásmundssonar.

Sæll Guðmundur

Ég heiti Margrét Sveinsdóttir og er sérkennari og umsjónarmaður sérkennslu í Salaskóla í Kópavogi. Ég er jafnframt að vinna að meistaraþrófsrannsókn minni við Kennaraháskóla Íslands undir leiðsögn dr. Guðrúnar Kristinsdóttur prófessors.

Meistaraprófsrannsókn mín er hluti af rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem hópur rannsakenda við KHÍ stendur að undir stjórn dr. Guðrúnar Kristinsdóttur.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Persónuverndar.

Sá hluti rannsóknarinnar sem ég vinn að, fjallar um að athuga sýn á börn í almennri umfjöllun um ofbeldi á heimilum. Ég mun skoða ákveðna prentmiðla, dagblöð og tímarit, yfir ákveðið tímabil.

Einn liður í rannsókn minni er að athuga viðhorf unglinga til umfjöllunar dagblaða og tímarita um ofbeldi á heimilum.

Erindi mitt er að óska eftir samstarfi við Kópavogsskóla um að mynda tvo hópa unglinga, rýnihópa. Annan hópinn strákahóp og hinn stelpuhóp, 5-8 í hvorum hópi.

Ég nota markvisst úrtak. Ég óska einnig eftir því að hópviðtölin fari fram í ykkar skóla.

Fyllstu virðingar og trúnaðar verður gætt og fylgt verður reglum Persónuverndar við varðveislu og meðferð gagna sem verður eytt að rannsókn lokinni.

Ég vona að þér finnist rannsóknin mikilvæg og sjáir þér fært að skólinn hafi samstarf við mig um framkvæmd rýnihópanna.

Það er velkomið að hafa samband við leiðbeinanda minn.  
Sími 563 39 63, netfang gkrist@khi.is

Með góðri kveðju,

Margrét Sveinsdóttir

Bergstaðastræti 60

101 Reykjavík.

Gsm: 895 70 05

Netfang: margretsv@salaskoli.kopavogur.is

## **Viðauki 2 Bæklingur til unglina**

Prentað báðum megin á A4 blað og brotið í þrennt



Verkefnið mitt er hluti af rannsókninni *Þekking barna á ofbeldi á heimilum* sem hópur rannsakenda við Kennaraháskóla Íslands stendur að undir stjórn dr. Guðrúnar Kristinsdóttur prófessors.

Ef þið viljið spyrja um eitthvað hafið vinsamlega samband, upplýsingarnar eru aftan á bæklingnum.

Krakkarnir á myndunum eru rannsókninni algjörlega óviðkomandi.

Rannsóknin er gerð með leyfi Persónuverndar, hún er styrkt af Rannsóknarsjóði og rannsóknarsjóði KHÍ.

lýkur og þá verður þeim eytt. Við birtingu niðurstaðna verður þess gætt að ekki sé hægt að rekja efnið til einstaklinganna. Unglingurinn getur hætt þátttöku hvenær sem hann/hún vill, án útskýringa.

Ég vona að þér/ykkur finnist rannsóknin mikilvæg og þú/þið veitið samþykki fyrir þátttöku barnsins. Það nægir að annað foreldri undirriti samþykkið.

Ef þú/þið leyfið þátttöku, vinsamlega skilið öðrum bæklingnum undirrituðum með unglíngnum til ritara skólans í síðasta lagi

Geymið hinn bæklinginn hjá ykkur.

Kveðja,  
Margrét Sveinsdóttir

Talað við ung

um við

til umfjöllunar

um ofbe



